




# ÍSALP



ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSIÑS 1989



Úr íslensku leiðinni á Pumo Ri. Myndir: Kristinn Rúnarsson.

**Efnisyfirlit:**

Ferð með Ólafi Jónssyni . . . . .	5
Minning . . . . .	9
Tröllafjall . . . . .	11
Sígildar leiðir . . . . .	14
Nestishornið . . . . .	27
Par sem kalksteinninn rís . . . . .	28
Kabyssur . . . . .	31
Austurveggur Skarðatinds . . . . .	32
Siðareglur í ísklifri . . . . .	38
Sportklettaklifur . . . . .	40
Ofkæling . . . . .	43
Fréttapistill . . . . .	46
Tækjahornið . . . . .	53
Kveðja frá Seyðisfirði . . . . .	57
Félagsstarf . . . . .	58
Árskýrla . . . . .	61
Ársreikningur . . . . .	62

**Forsíðumynd:**

Skarðatindur. *Ljósm. Jakob Guðlaugsson, Bölt, Skaftafelli.*

**Útgefandi:**

Íslenski Alpklúbburinn - Félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku.

Pósthólf 1054, Reykjavík

**Ritnefnd:**

Salbjörg Óskarsdóttir, ábm. (25069)  
 Björn Vilhjálmsson (53410)  
 Snævarr Guðmundsson (688412)  
 Torfi Hjaltason (667094)

**Auglýsingaöflun:**

Árni Tryggvason

**Prentun:**

Svansprent

**ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS**

5. TÖLUBLAÐ  
NÓVEMBER 1989

# Frá ritnefnd

Blaðið okkar kemur nú út í fimmta skiptið. Í ritnefndinni er skarð fyrir skildi og því hefur blaðinu seinkað svo.

Við fráfall þeirra Kristins Rúnarssonar og Þorsteins Guðjónssonar varð eftir höfuðlaus her, því meginvinna við úlit og uppsetningu blaðsins var unnin af Kristni. Varð okkur ljóst, er nefndin kom saman að nýju, hve óhemju mikla vinnu hann lagði að sér í þágu klúbbsins. Svo mikla, að við fjórmenningarnir höfum átt fullt á fangi með það starf.

Pegar talað er um starf klúbbsins má ekki gleymast að á bak við standa einstaklingar. Oft lendir starfið á fáum, venjulega þessum ósérhlífnu. Vegna þessa er það gífurlegt áfall fyrir svona klúbb, að missa tvo félaga úr sínum röðum. Þorsteinn Guðjónsson og Kristinn Rúnarsson voru ósérhlífnir. Hvort heldur sem var uppi á fjöllum eða í byggð, það vita þeir sem voru svo heppnir að fá að starfa og ferðast með þeim.

*Okkur langar til að tileinka þeim þetta blað.*

**STJÓRN ÍSALP:**

Formaður: Björn Vilhjálmsson (53410)  
 Varaför.: Guttormur B. Þórarinson (22712)  
 Gjaldkeri: Salbjörg Óskarsdóttir (25069)  
 Ritarí: Gunnlaugur Eiðsson (24102)  
 Meðstj.: Torfi Hjaltason (667094)  
 Varamenn: Haraldur Ólafsson (12719)  
 Magnus V. Guðlaugsson (688038)

**FERÐA- OG FUNDANEFND:**

Páll Steinsson, form. (689048)  
 Björn Baldursson (36854)  
 Haraldur Ólafsson  
 Magnus V. Guðlaugsson

**FRÆÐSLUNEFDN:**

Torfi Hjaltason, form.  
 Jón Geirsson (42133)  
 Snævarr Guðmundsson (688412)

**UPPSTILLINGANEFDN:**

Gunnlaugur Eiðsson, form.  
 Ari Trausti Guðmundsson  
 Stefán Steinar Smárason (32139)


**SKÁLANEFND:**

Guttormur B. Þórarinson, skálastjóri  
 Torfi Hjaltason  
 Guðjón Ó. Magnússon (672773)

**HÚSNEFDN:**

Árni G. Reynisson, form. (44217)  
 Broddi Reyur Hansen (33365)  
 Erpur Snær Hansen (624506)  
 Guðjón Snær Steindórsson (15047)  
 Sigursteinn Baldursson (36854)

# **SKEMMTILEGIR OG FRÆÐANDI FERÐAFÉLAGAR**



## **FRÆÐSLURIT FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS**

Með útgáfu þessara bóka færir félagið út kvíarnar og eykur fjölbreytni í starfsemi sinni. Ætlunin er að gefa út eitt fræðslurit árlega. Þar verður fjallað í stuttu máli og á aðgengilegan hátt um ýmiss konar efni er lúta að náttúrufyrirbærum og ferðalögum á landi hér.



# Ferð með Ólafi Jónssyni 1936

*Viðtal við Gunnbjörn Egilsson*

Ferðafélag Akureyrar var stofnað 8. apríl 1936. Þá hittumst við Ólafur í fyrsta sinn. Á stofnfundinum fórum við að ræða um ferðalög og sagði hann mér þá að Jón Sigurðsson frá Reynistað sem var fulltrúi hjá Ræktunarfélaginu, hefði boðist til að skjóta sér suður yfir Blöndu ef hann hefði áhuga á að fara suður Kjalveg en sig vanti ferðafélaga. Ég varð óðara spenntur fyrir þessu ferðalagi og sagði honum að ég væri tilbúinn að fara með honum ef hann vilji og samþykkti Ólafur það þegar í stað. Á þessum árum fóru áætlunar bílar reglulega milli Akureyrar og Reykjavíkur á sumrin og létt Ólafur skrá okkur farþega til Varmahlíðar í Skagafirði á tilteknunum degi.

Fyrsta dag ferðarinnar, þegar við komum til Varmahlíðar, þurftum við að ganga norður að Reynistað. Jón á Reynistað átti von á okkur og var okkur tekið mjög vel. Um kvöldið fór Jón með okkur niður á engjarnar sem voru bæði fallegar og grösugar og fannst mér ég aldrei hafa séð álitlegri engjar nokkurs staðar. Þær voru bæði sléttar og grasgóðar. Um kvöldið þegar við vorum háttádir, fer einhver unglungur að syngja þarna í húsini og mér fannst söngurinn vera með því allra fallegasta sem ég hafði heyrt frá óvönum söngmanni. Sofnaði ég svo fljóttlega frá þessum söng og svaf vel um nóttna.

Morganinn eftir fórum við að undirbúa okkur til ferðarinnar og voru töskur okkar settar á ótamdan fola sem fældist þegar átti að fara af stað, hristi af sér töskurnar og var hann þegar úr sögunni. Við settum töskurnar á bakið og máttum svo burðast með þær á hestum það sem eftir var af því ferðalagi.

Jón á Reynistað hafði pantað fyrir okkur hádegisverð að Mælifelli og þar stönsuðum við og fengum indæla máltíð og góðar móttökur. Síðan var haldið af stað suður Mælifellsdal og var lítið sem ekkert stansað framan af. Hesturinn sem ég var á, var ansi hastur og Jón sagði mér að láta hann valhoppa.

Hann gerði það nú reyndar en vildi helst halda sig sem mest við brokkið. Það varð ég að láta mér lynda því hann entist ekki á valhoppinu nema stutta stund í einu. Áfram var riðið stöðugan dembing þangað til við komum að Blöndu þar sem átti að fara yfir hana. Jón fór að gá að vaðinu en ég lagðist niður óþægilega þreyttur og var hvíldinni sárafeginn. Þegar Jón kom aftur, var þegar farið af stað yfir vaðið og það gekk ágætlega.

Við Ólafur röltum af stað og fóru pokarnir nú miklu betur á okkur heldur en á meðan við sáum á hestunum. Brátt komum við að smálind í viðfeldum lyngmó og skammt þar frá lágu gamlar reiðgötur. Ólafur vék sér frá og pissaði. Þegar hann kom



„Í fullum skrúða.“ Ólafur t.v. og Gunnbjörn t.h. Myndin er úr bókinni Ódáðahraun III.

aftur sagði hann: „Gerir þú nokkurn tíma vísur?“  
Ég neitaði því. Þá sagði Ólafur:

Hér er vegur og hér er lind  
hér er ég alveg hissa.  
Sé ég í vatni mína mynd  
meðan ég er að pissa.

Áfram var haldið fram hjá Dúfunesfelli og að Hveravöllum.

Pegar við komum að Hveravöllum um kvöldið, sáum við að einhverjir voru komnir í sæluhúsið sem þar var. Við vildum ekki gera þeim ónæði, svo við tjölduðum stutt norðan við sæluhúsið og tókum á okkur náðir. Þá heyrðum við allt í einu hófadyn; það kom einhver að norðan. Þetta færðist nær og þegar komið var að tjaldinu, er kallað og spurt hvort Ólafur Jónsson sé í þessu tjaldi. Ólafur spratt upp og játaði því. En maðurinn var ekki ánægður með það og spurði nú hvort Ólafur Jónsson ráðunautur sé í tjaldinu. Ólafur játaði og það fór að pykkna í honum. Þá spurði maðurinn: „Ert þú ráðunautur fyrir sunnan?“ „Nei“ sagði Ólafur, „ég er það ekki.“ „Já það hlaut að vera“ sagði maðurinn, en við sögðum honum, að það sé einhver í sæluhúsinu og það geti vel verið að þar sé maður sem heiti „Ólafur Jónsson ráðunautur fyrir sunnan.“ Síðan fór maðurinn og við fórum að sofa.

Morguninn eftir fórum við að litast um og sáum toppmyndað fjall í norðri og okkur þótti þetta geta verið Mælifellshnúkur, en stefnan sé ekki rétt. Ég sagði að svona fjall geti þá ekki verið annað en Baula. Þá kallaði Ólafur upp og sagði „Ja, Baula er suður í Borgarfirði!“. Við tókum upp landabréfið og þá kom í ljós að við vorum svoltíð áttavilltir því Mælifellshnúkur var þarna á sínum stað beint í norðri.

Eftir að við höfðum áttað okkur, fórum við að búast til ferðar, tókum upp tjaldið og fórum að skoða hverasvæðið á Hveravöllum. Að því loknu kom „Ólafur að sunnan“ og var hinn viðfeldnasti í tali. Við ætluðum að fara yfir Kjalhraun um Strýtur en „Ólafur að sunnan“ ætlaði að fara um Þjófadali, því það var miklu greiðfærari leið fyrir hestana. Hann bauðst til að taka töskur okkar og reiða þær að sæluhúsinu við Hvítárvatn, því þar ætluðum við að gista.

Við stönsuðum við Fúlkvísl og borðuðum þar nesti. Ég var ögn sár á fæti og var að setja á mig plástur. Þá fór Ólafur að yrkja.

Hér við lind við sull og sýsl  
ég svalg úr glasi fullu.  
Rétt við fjandans Fúlkvísl  
Fullri af sand' og drullu.

Ólafur gerir göfug vers  
Gunnbjörn við sig bjástrar  
Um líkamann allan langs og þvers  
liggja heftiplástrar.

„Ólafur að sunnan“ kom þarna að okkur og var einn. Maðurinn sem kom að norðan, var bróðir hans og var að færa honum hesta. Hafði hann snuð aftur norður. Ólafur sagði okkur lauslega til vegar og hvarf síðan.

Við héldum áfram þar til á vegi okkar urðu ofurlitlir hálsar á hægri hönd og vildi ég ganga á einn hálsinn en Ólafur ekki. Ég bjóst við að við myndum sjá Hvítárvatn af hálsinum. Áfram héldum við og komum að Svartá og óðum yfir hana. Næst sáum við svo tjöld og vildi ég hitta þar menn að mál, en Ólafur ekki. „Þetta eru sjálfsgat andskotans skátar“, sagði Ólafur. Við héldum svo áfram nokkurn spöl og Ólafur fór að litast betur um og sást nú vel á Hvítárvatnið. Ólafur gekk á smáhæð sem var framundan og var þar stærðar steinn. Mér varð það að stríða Ólafi með vísu sem varð heldur óhöndugleg. Hún var þannig:

Upp á steina Ólafur  
æddi með sinn kíki.  
varla orðinn volaður  
vanka hefur sýki.

„Það er best að þú farir og hittir tjaldbúana og hafir tal af þeim“, sagði þá Ólafur. Ég gekk að tjaldinu og hitti þar menn frá vegagerðinni. Peir sögðu að við værum komnir svona klukkustundar gang framhjá sæluhúsinu. Við snérum við, óðum aftur yfir Svartá og komum loks að sæluhúsinu. Þar hittum við „Ólaf að sunnan.“ Hann ætlaði þá að fara að leita að okkur því, eins og hann sagði, hafði hann líklega ekki sagt okkur vel til vegar. Hann var nefnilega ofurlitið slompaður.

Í sæluhúsinu var ferðafólk. Við tjölduðum í gömlu tóftarbroti rétt við sæluhúsið. Þar er sagt reimt.

Næsta morgun héldum við af stað, gengum sömu leið og við komum, fram hjá vegagerðarmönnum og yfir brú á Hvítá og stefndum niður á Bláfells-háls. Pangað hafði Ólafur pantað bíl til þess að flýta fyrir ferð okkar. Pegar við komum á Bláfells-hálsinn var bíllinn að koma. Við settumst upp í hann og síðan var keyrt niður að Geysi. Þar hittum við Sigurð Greipsson og hann bauð okkur þegar í stað að skola af okkur í lauginni eftir gönguferðina. Við tókum því með þökkum og ég stakk mér í laugina en varaði mig ekki á því að hún var heitari en ég átti von á og lá við að það liði yfir mig.

Við Geysi var þá staddur Trausti Einarsson, sem ég þekkti vel frá Akureyri. Hann gekk með okkur



Hlöðufell. Ljósm. Salbjörg Óskarsdóttir.

um hverasvæðið og það var mjög skemmtileg ganga því hann þekkti hverja holu sem þar var.

Pannig stóð á, að næsta dag ætlaði Trausti að setja sápu í Geysi og vildum við endilega sjá gosið. En það var mikið eftir af deginum svo við tókum það til bragðs að fara fótgangandi niður að Laugarvatni. Par var þá Ragnar Ásgeirsson, sem Ólafur þekkti mjög vel og hann vildi endilega hitta Ragnar. Þetta var ákaflega skemmtileg gönguferð frá Geysi og ýmislegt að sjá á þeirri leið. Pregar við komum að Laugarvatni tók Ragnar okkur tveim höndum. Það sem mér er minnisstæðast þaðan, er laugin við húsið sem hann bjó í og að við laugina voru svokallaðir Líkasteinar þar sem lík Jóns Arasonar hafði verið þvegið eftir aftökuna í Skálholti.

Við gistum hjá Ragnarí og daginn eftir þurftum við að komast upp að Geysi. Ragnar sagði strax við Ólaf: „Ja, það er allt í lagi, þið fáið einhverja ferð upp að Geysi. Það sýnir sig áreiðanlega eitthvað.“ Við biðum því eftir einhverju sem sýndi sig og við gætum komist með upp að Geysi. Svo leið þarna dagurinn og enginn kom og ekkert gerðist og við komnir að því að missa vonina. En Ragnar sagði: „Ætli það sýni sig ekki eitthvað.“ Það er ekki að orð lengja það að þegar langt var liðið á daginn, kom bíll frá Akureyri með símamenn. Þeir tóku okkur tveim höndum og við fengum far með þeim upp að Geysi.

Pregar við komum að Geysi var þar 50 manna flokkur erlendra ferðamanna, sem ætlaði að sjá gosið. En þeir voru tímabundnir og vildu sjá Gullfoss, svo að þeir biðu ekki eftir gosinu og fóru. En við biðum og eftir nokkurn tíma gaus Geysir fallegu gosi sem ferðamennirnir misstu alveg af.

Trausti var að gera einhverjar mælingar í Geysi og við vorum að valkróka þarna hjá honum og fórum að spryja hann hvort hann gæti ekki vakið Strokk til lífsins. Trausti sagði að það geti vel verið. Ef minnkað væri í honum vatnið, gæti hann farið að gjósa. Við tókum þetta alvarlega og fórum að ausa úr Strokk. Við jusum og jusum í þó nokkurn tíma, en ekkert gerðist svo að við gáfumst upp.

Daginn eftir héldum við áleiðis frá Geysi, yfir Hellisskarð og í áttina að Hlöðufelli. Það leist okkur vel á, svo að við gengum á það. Það er bæði hátt og bratt. Pregar því var lokið, héldum við áfram og stefndum nú beint á Skjaldbreið. Við vorum komnir næstum hálfa leið upp, þegar ég fór að verða dálítid miður míن og sagðist ætla að stansa stundarkorn. Ólafur skyldi bara halda áfram. Ég fékk mér rúgbrauðsbita með mysuosti á og hélt svo af stað aftur. Þá spratt Ólafur þar upp úr hvilft, sem hann hafði stansað í og hafði hann orðið hvíldinni feginn eins og ég. Við gengum yfir Skjaldbreið og stefndum þaðan beint á Hrúðurkarla, sem eru rétt við Kaldadal. Við fundum þar ágætis læk til þess að

tjálfa við og sváfum um nótina í besta yfirlæti. Höfðum við verið 18 klukkutíma á ferð og ég hef sjaldan orðið þreyttri á einni dagleið.

Daginn eftir fórum við yfir Kaldadal og Okið, rétt neðan við jökulskjöldinn sem ekki var glæsilegur til göngu. Fórum því framhjá hápunktinum á Okinu. Þaðan stefndum við á Reykholt og náðum þar í bíl, sem flutti okkur að Norðurá. Ólafur fór með bílnum til Borgarness en ég fór aftur á móti upp að Hreðavatni og tjaldaði þar.

Ég var búinn að gera ráð fyrir að það kæmu strákar norðan af Akureyri á bíl og tækju mig á Hreðavatni næsta dag. Það stóð allt heima. Um morguninn, þegar ég var rétt kominn á fætur, kom bíllinn að norðan og við héldum áfram suður á land eins og áætlunin var, en frá þeirri ferð verður ekki sagt að sinni.

#### FERDABÚNAÐUR OG MATUR.

Tjald sem er sæmilegt fyrir þrjá ágætt fyrir two. Súfur veigalitlar en léttar. Bakpoki með grind sem féll að bakinu, rétt ofan við mjóhrygg. Tjaldið batt ég ofan á töskuna. Lítill olíuprímus og stundum bensínprímus (lítill, með engri dælu). Ég hafði léttan anorak sem var sæmilega vindþéttur, þunna og síða regnkápu, léttta regnhettu og spaniolu (húfa). Vettlinga, tvenna sokka, innri og ytri. Ég átti lengi járnaða leðurskó (svissneska fjallaskó), en þeir voru óþægilega þungir.

Hafragrjón, te, brauð, ostur og smjör. Reyktur silungur og lax. Hangikjöt, soðið kjöt, nýtt og saltað. Kæfa. Smásíld í dósum. Sykur og salt. Pegar við höfðum harðfisk, reyndum við að leggja hann í bleytti að kvöldi, suðum svo að morgni og var hann þá eins og besti siginn fiskur. Oft var langt á milli máltíða og ég smurði oft rúgbrauðsneiðar með mysuostu og smjöri, hafði þær í vasanum og nartaði í þær eftir þörfum.

*Gunnbjörn Egilsson fæddist að Laxamýri í Áðaldal árið 1904. Frá því hann var ungur maður og fram á pennan áratug hefur hann ferðast mikil um Ísland, fótgangandi og á hestum, hjólum og bílum. Á árunum 1937-1944 ferðaðist hann m.a. með Ólafi Jónssyni um Ódáðahraun, eins og lýst er í bókum Ólafs: Ódáðahraun I-III (Akureyri, 1945). Peir Ólafur gengu þá m.a. á Herðubreið 1938 (líklega þriðja uppganga á fjallið), Trölladyngju og Bárðarbungu. Ólafur Jónsson var afkastamikill rit-höfundur og eftir hann eru t.d. bækurnar Skriðuföll og snjóflóð og Berghlaup.*

Í minningu Kristins Rúnarssonar og Þorsteins Guðjónssonar.

Oddur S. Jakobsson



## LÖGMÁL FERÐAMANNSINS

- 1) Göngum ávallt frá áningarstað eins og við viljum koma að honum.
- 2) Skiljum ekki eftir rusl á viðavangi né urðum það.
- 3) Kveikjum ekki eld á grónu landi.
- 4) Rífum ekki upp grjót, né hlöðum vörður að nauðsynjalausu.
- 5) Spillum ekki vatni, né skemmum lindir, hveri eða laugar.
- 6) Sköðum ekki gróður.
- 7) Truflum ekki dýralíf.
- 8) Skemmum ekki jarðmyndanir.
- 9) Rjúfum ekki öræfakyrrð að óþörfu.
- 10) Ökum ekki utan vega.
- 11) Fylgjum merktum göngustígum þar sem þess er óskað.
- 12) Virðum friðlýsingarreglur og tilmæli landvarða.

Höfum þetta í huga og varðveisum þá auðlind sem náttúra landsins er, þannig að við fáum notið hennar um ókomna framtíð.




## NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

# Minning

## Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson *eftir Magnús T. Guðmundsson*

Í október á síðastliðnu ári gerðist sá válegi atburður að félagarnir Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson fórust á Pumo Ri í Nepal. Leiðangurinn, sem samanstóð af Kristni, Þorsteini, Jóni Geirssyni og Steve Aisthorp, reyndi við nýja leið á fjallíð og hana býsna erfða. Síðast sást til þeirra Kidda og Þorsteins ofarlega í hlíðum fjallsins og miðaði þeim vel. Þegar þeir ekki skiluðu sér var leitað eins og aðstæður framast leyfðu, en án árangurs.

Þorsteinn og Kiddi höfðu verið félagar og vinir allt frá því í Laugarnesskólanum. Þeir voru jafnaldrar, báðir fæddir 1961. Báðir fóru í Menntaskóla, Kristinn í Menntaskólann við Sund og Þorsteinn í Menntaskólann í Hamrahlíð. Kiddi nam síðan tölvufræði við Háskólann og lauk prófi 1986. Eftir það vann hann sem tölvufræðingur hjá Brúnabótafélagi Íslands. Þorsteinn prófaði fyrir sér í Háskólanum í grísku og heimspeki, en hvarf hins vegar frá því námi og lagði áhersluna á fjallamennsku



Kristinn Rúnarsson.



Þorsteinn Guðjónsson. Myndirnar eru teknar í Perú 1985.

eftir það. Vann hann þá gjarnan sem leiðsögumaður á sumrin, en við verkamannavinnu á veturnar.

Peir félagar byrjuðu snemma á unglingsárunum að ganga á fjöll. Til ferðalaga þeirra fyrstu árin þekki ég ekki, en þá var lagður grundvöllurinn að glæsilegum, en allt of stuttum ferli. Sína fyrstu Alpaferð fóru þeir 1980 og klifu þá Piz Roseg í Bernina Ölpunum. Í næstu Alpaferð, 1982, klifu þeir m.a. Eisnase á Piz Scherstein, einnig í Bernina. Báðar voru með erfiðari Alpaleiðum, sem Íslendingar höfðu reynt við á þeim tíma og ber það vitni því áræði sem þeir ávallt sýndu í sinni fjallmennsku. Kiddi og Porsteinn hófu virka þátttöku í starfsemi Alpaklúbbsins árið 1982, fyrst með þátttöku í ferðum, en fljóttlega urðu þeir burðarásar í félagsstarfinu. Sérstaklega átti það við um útgáfustarfsemina, en hana báru þeir uppi að miklu leyti síðustu árin.

Fljóttlega eftir komuna í Alpaklúbbinn skipuðu þeir sér í flokk þeirra, sem þar voru fremstir klifrarar og áttu þeir stóran þátt í hinum miklu framförum í íslenskri fjallmennsku síðustu árin. Má í því sambandi nefna Alpaleiðir eins og norðurveggina á Aig. du Verte og Aig. du Plan, sem Kiddi kleif með Jóni Geirssyni 1984 og Rebuffat leiðina á suðurvegg Aig. du Midi og Route Major á Mont Blanc, sem Porsteinn og fleiri fóru 1986. Allt erfiðar og alvarlegar leiðir, sem talað er um með virðingu meðal fjallamanna um heim allan. En háfjöllin lokkudu. Í leiðangrinum til Cordillera Blanca í Perú, 1985, ásamt Jóni, Torfa og Önnu Láru tókst þeim að klifra þrjá tinda um og yfir 6.000 m, Kitaraju, Alpamayo og Huascaran. Næsta skref var Himalaya og í Gangapurna-leiðangrinum 1987 fékkst dýrmæt reynsla, sem virtist ætla að skila sér á Pumo Ri. Þá tóku örlögin í taumana, eins og við vitum.

En gleymum ekki glæsilegum lista nýrra leiða hér heima, og skal fátt eitt talið: Nýjar leiðir á norðvesturvegg Heiðarhorns og í Skessuhorni, Heljaregg í Öræfajökli og fjöldi leiða í Esjunni, sérstaklega í Vesturbrúnunum.

Porsteinn og Kiddi voru bundnir sterkum vináttuböndum, þó þeir væru um margt ólíkir. Porsteinn var opinn persónuleiki og hvers manns hugljúfi, allra manna kátastur á góðri stund. Á fjöllum tókst honum að sameina kraftinn til að ná markinu, sínu léttu lundarfari og allskyns fyndin uppátaeki hjálpuðu til við að eyða spennunni, sem alltaf fylgir erfiðum klifurleidum. Kiddi var hægari og yfirvegðari, en ákaflega hreinn og beinn og átti gott með að komast að kjarna málsins, þegar leysa þurfti einhvern vanda.

Það er sárt að sjá á bak svo góðum vinum og íslensk fjallmennska hefur ekki orðið fyrir þyngra áfalli. Mestur er samt söknuður aðstandenda og dapurlegt er, að Kiddi skuli ekki hafa lifað það, að sjá Kristinn Steinar litla koma í heiminn. En við skulum umfram allt geyma í minningunni góðar stundir með Kidda og Porsteini. Það var alltaf gaman þar sem þeir voru og sögur af ýmsum skemmtilegum uppákomum munu lifa áfram. Sem dæmi um þann léttleika sem fylgdi þeim, er sagan um tjakkinn. Kiddi fannst engin hemja, að Porsteinn tók ekki upp úr bakpokanum sínum milli ferða og stríddi honum á því, að hann vissi ekkert hvað hann væri að burðast með á bakinu. Til að sanna mál sitt, laumaði hann eitt sinn bíltjakknun í poka Porsteins. Porsteinn kvartaði yfir þungum poka, en áttaði sig ekki fyrr en uppi á fjalli, þegar stoppað var til að fá sér í gogginn. Þá var hlegið að öllu saman.

## Breiðholt — Kópavogur

Látið kunnáttumennina  
smyrja bílinn á  
smurstöðinni ykkar

**SMURSTÖÐ ESSO**

Stórahjalla 2, Kópavogi Sími 43430  
Snjólfur Fanndal



# Tröllafjall

eftir Pál Sveinsson



Upp af Akureyri liggar Glerárdalur. Innarlega í dalnum gnæfir fallegt fjall, Tröllafjall. Norðurhlíð Tröllafjalls blasir við sjónum þegar horft er upp dalinn og er hrikaleg að sjá. Aðdráttaraflíð sem Tröllið hafði var sterkt. Eina helgi í júlí 1983 var ákveðið að leggja í hann. Allt draslið tekið til og svo arkað af stað. Með þrjátíu kíló af útbúnaði og vanstilltan lánsbakpoka var ég nær dauða en lífi, er ég komst loks upp í Lamba, skála Ferðafélags Akureyrar, fimmtán kílómetrum síðar. Pegar mesta breytan var horfin, helltist yfir mig mikill spenningur, alveg ný tilfinning. Að vera að leggja út í óvissuna, spila af fingrum fram og leika á vissan hátt landkönnuði fornra tíma.

Kvöldinu eyddum við í að yfirfara útbúnaðinn sem við þurftum í klifrið. Nokkuð sem við hefðum átt að gera áður en við lögðum af stað úr bænum, því fyrir vikið var heill haugur af dóti fyrir framan okkur sem við höfðum ekkert með að gera og bak-pokarnir komnir niður í tíu kíló eftir hreinsunina.

Það var á árdögum fjallamennsku minnar, þegar allt var tekið með; jafnvel þó ganga þyrfti á aðra dagleið að klifurleiðinni. Ég var búinn að spreyyta mig í klettum og berja ís einu sinni eða tvívar. Þá að sjálfssögðu með öxum af lengstu gerð, til að ná sem hæst. En þetta byrjendaklifur hafði bara verið sýnishorn af einhverju stærra, einhverju sem hafði aldrei verið farið áður og jafnvel aldrei reynt áður. Í þá daga voru draumarnir stórir en fávísken mikil. Ég hafði enga hugmynd um hvað stórt var.

Morguninn eftir (ef morgun skyldi kalla því það dimmdi aldrei), í blíðskapar veðri, lögðum við í hann. Til að komast að norðurhlíðinni á Tröllafjalli frá Lamba, þarf að fara yfir Glerá, saklausa sprænu en ansi kalda. Síðan var gengið undir norðausturhlíðinni, yfir að norðurhlíð. Einhversstaðar á leiðinni ákváðum við að fara frekar norðausturhlíðina því hún leit svo hrikalega girnilega út. Þó um mitt sumar væri, var mikill snjór og fórum við því á brodda og tókum fram axirnar þegar brattinn fór að aukast. Það var kannski ekki svo mikil þörf á því en það var viss tilfinning við að fara á brodda á miðju sumri og sálin kannski ekki alveg í besta formi.

Sólin skein og brátt vorum við komnir úr öllu sem hægt var, án þess að vera ósiðsamlegir. Sól skein líka í leiðina okkar og brátt byrjaði grjóóthrun svo stórvarasamt varð. Við fylgdum því smá hrygg í snjóbreiðunni og losnuðum þannig við allt hrunið, uns við komum upp að fyrsta klettabeltinu. Þá hlíðruðum við okkur með hlíðinni til að finna einhverja leið upp. Í ljós kom, að eina leiðin sem við töldum vel færa, var upp tuttugu metra langa rennu í beltinu, sem vegna sólbráðar var nú orðin full af vatni. Klifrið upp hana var af III-gráðu en vegna vatnsins, stífu skónna og broddanna, urðu þessir tuttugu metrar æði erfíðir. Eftir haftið kom fjörutíu metra, nokkuð brött sylla og þar fyrir ofan alveg hrikalegt bergstál sem engan enda sá á, hvað þá einhverja leið upp. Við gengum því til norðurs, eft-

ir syllunni, í leit að líklegri leið. Syllan hækkaði eftir því sem norðar dró og loks komum við út á hrygg, sem stóð ekki mikið framar en stálið, en virtist samt brjóta það. Ef einhver möguleiki átti að vera á því að komast upp, var það hér.

Ekkert var því til fyrirstöðu að leggja í hann. Broddi tók fyrstu spönn, hún hefur verið þrjátíu metra löng af III gráðu, bergið var sæmilegt og gekk klifrið þokkalega. Næsta spönn tók öllu meira á. Ég treysti mér ekki til að leiða hana og Broddi ákvað að skilja pokann eftir. Það var komin svarta þoka, og eins og það var heitt áður, var orðið kalt og rakt núna. Ég klæddist hverri tiltækri flík en var samt kalt, sitjandi á syllu, einn í þokunni og heyrandi ekkert nema eigin andardrátt. Eina tenging míni við tilveruna var línan sem öðru hvoru dróst út á eftir Broddu, sem fyrir löngu var horfinn upp í þokuna. Ég fór að velta því fyrir mér hvað það væri sem draegi mig hingað. Ekki voru það stundir eins og þessar, hokrandi einn í kulda og vosbúð og vita ekkert hvað næsta mínumáta bæri í skauti sér. Ég vaknaði upp úr þessum hugsunum þegar kippt var hraustlega í línuna, en það var merki um að ég mætti gera klárt. Ég batt bakpokana í lausu línuna og horfði á þá hverfa upp í þokuna. Nú var mér engrar undankomu auðið, allur stirður og kaldur varð ég að koma mér af stað. Leiðarvalið var ekki flókið, bara elta línuna. Fyrstu metrarnir voru viðráðanlegir og ég náði að hitna. En svo varð skyndilega allt stopp. Ég komst hvorki aftur á bak né áfram, alveg sama hvað ég reyndi. Ég öskraði út í þokuna „hífá!“ en engin viðbrögð, hljóðið dó út á nokkrum metrum. Ekki veit ég hvað lengi ég bagsaði þarna en á endanum var ég orðinn svo fokillur út í sjálfan mig að ég vissi ekki af mér fyrr en tíu metrum ofar. Par rakst ég á bakpokana þar sem þeir sátu fastir milli steina. Ég komst yfir erfiðasta kaflann (IV), jafnvel þó að ég þyrfti að burðast með báða pokana á eftir mér. Komst ég klakklaust upp til Brodda. Ég leiddi það sem eftir var upp á brún, tvær spannir í II gráðu klettabrölti og ein I gráðu snjóbrekka. Það gekk illa að finna niðurleiðina. Vorum við orðnir svo kolvelltir að jafnvel áttavitinn dugði ekki. Var það ekki fyrr en við fórum sömu slóð til baka að við náðum áttum.

Skapið var orðið svo gott að við flögruðum hálfpartinn á niðurleiðinni og ekki versnaði það þegar við komum niður úr þokunni í glampandi sól og heitasta dag sumarsins. Snjórinn var orðinn einn krapaelgur og nýju sínu Kastinger skórnir míni reyndust ekki beint vel í krapanum. Pessar sínu lofrásir sem koma áttu í veg fyrir að ég blotnaði vegna svita á löppunum, virkuðu nú sem aðveituskurðir og söfnuðu öllu vatni sem ég kom nálægt,

fyrir í skóna. Hitinn var það mikill að það kom ekki að sök að vera blautur í feturna, en tærnar voru eins og ofsoðnar svínaklaufir.

Það var ekki bara snjórinn sem angraði okkur, því Glerá, sprænan sem hafði verið þægilegt fótabað um morguninn, var nú orðin að foráttu fljóti. Við lögðum saman í ána, öxl í öxl, eins og sætir skátastrákar, og fetuðum okkur yfir. Rétt við hinn bakkann, dýpkaði áin skyndilega og náði vatnið í mitti. Við þessa skyndilegu breytingu missti ég jafnvægið og takið á Broddu. Mig tók að reka undan straumnum, stjórnlaust, veifandi öllum öngum til að ná jafnvægi og eina hugsunin var að detta ekki. Það var mjög stutt að bakknum og tók ég áhættuna og stakk mér, með þeim afleiðingum að ekki varð eftir á mér þurr þráður er ég skrönglaðist upp á bakkann. Par stóð Broddi og skemmti sér konunglega yfir óförum mínum. Sem betur fer var stutt í Lamba þar sem okkar biðu staflar af gómsætum mat og ekki má gleyma bjórnum, sem við höfðum dröslað með okkur daginn áður og ætlunin var að skála í, til að halda upp á daginn. Petta var un-aðsleg stund, nýbúnir að innbyrða tvöfaldan skammt af stórslysi í potti, „a la Palli“, sötraði bjórinn og rifja upp leiðina. Við höfðum áætlað að fara heim yfir Kerlingu til að fullkomna ferðina. Það var litlu lengra að fara þá leiðina heim. Pegar við komum upp á Lambárdalsöxl sést norðurveggurinn á Kerlingu mjög vel og fékk Broddi þá hugmynd að fara og klífa vegginn. Fannst honum það tilvalið að nota tækifæríð. Ég hélt nú ekki. Fannst það jafnvel mesta firra að láta sér detta það í hug. Broddi létt ekki smá mótmæli aftra sér. Hann ákvað að fara bara inn! Ég tók eins mikið af farangrinum og ég treysti mér til að bera. Broddi fékk bestu axirnar og með það skildum við. Leiðin sem ég fór (vestur hryggurinn) virtist vera endalaus og létti það ekki að hafa tæp þjátíu kíló á bakinu. Pegar ég kom upp var skollin á svarta þoka og ég fór að svipast um eftir Broddu. Það eina sem ég heyrdi voru regluleg axarhögg, og það var ekki fyrr en hálftíma seinna, þegar andlitið á honum birtist glottandi upp fyrir hengjuna, tíu metra frá mér, að ég gerði mér grein fyrir að hann hafði farið einn upp norðurvegginn og sjálfsgagt með ein tuttugu kíló á bakinu.

Við vorum snöggir til byggða, allt var niður í móti og við hugsuðum um allt annað en þreytu og þungan farangur. Það er ekki fyrr en nú, mörgum árum seinna að ég geri mér grein fyrir því hversu stórt afrek þessi ferð var. Á þessum tíma var þetta bara gaman, en var ekkert hugsað það, hvort við hefðum gert eitthvað merkilegt. Heimurinn var ekki það stór á þessum dögum.



Á syllunni undir bergstálinu. Ljósm. Páll Sveinsson.


# Ferðasögur og leiðalýsingar

## *Sígildar leiðir*


Aftur fjallar leiðarvísirinn um sígildar leiðir á svipaðan máta og í síðasta ársriti. En eftir því sem ritnefnd best veit, varð hann óhemju vinsæll! Pykir því ástæða til, vegna fjölda áskorana, að birta fleiri slíkar ferðasögur og leiðalýsingar.

Að venju eru teknar fyrir leiðir víðs vegar að á

landinu. Það má finna klifurleiðir, gönguleiðir og skíðaleiðir. Flestar leiðanna eru klúbbsfélögum vel þekktar, en einnig eru með lítt troðnar slóðir. Eins og lesendur taka svo eftir, eru lýsingarnar ýmist í bundnu eða óbundnu máli. Góða skemmtun.



# Herðubreið



## eftir Guðmund Pétursson

Á öræfum Mývatns rís fjaaldrottning fríð  
sem fær er til uppgöngu velflestum lýð.  
Hún laðar á sumarsins sólbjörta tíð  
og syðra ei þekkist slík náttúrusmíð.

Um eitt þúsund metra frá rótum hún rís,  
en reynist vel fætur er sigurinn víš.  
Útsýni besta er auga þitt kýs  
þó oft megi vænta þar þoku og skýs.

Fjallið að mestu er úr móbergi gert  
af mögnuðum eldi í jöklinum hert.  
Á kollinum liggur þó blágrýti bert  
og bráðsnötur gígur er suðaustanvert.

Í klettabeltið að vestan er vik  
varla þarf nokkur að sýna þar hik.  
Upp skriðuna lausa þú stýrir þitt strik,  
til stuðnings er ágætt að hafa með prik.

Uppréttur gakk þú með höfuðið hátt,  
hallast að fjallinu ekki þú mátt.  
Forðastu að ganga þar grjótið er smátt,  
greiðist þá fórin upp hlíðina brátt.

Á uppgönguleiðinni liggur oft snjór,  
langur er skafl fram á sumar, en mjór.  
Henta því vel þarna hálfstífur skór,  
hafðu nú samt ekki skrefin of stór.

Ísöxi veitir þér öryggi mest,  
ekki þarf brodda því ís varla sést,  
en sjálfsagt er færð að vetrinum verst  
og vissast að hafa þá klifurtól flest.

Að sumri er óþarfi að vera með vað,  
en vert er að huga vel grjótflugi að,  
í göngumanns skrefi fer steinn oft af stað  
og standi menn lægra skal aðgæta það.

Upp tíma þrjá-fjóra ætla þú skalt  
þar efra er stundum dálítið svalt,  
á niðurleið gæt þín því grjótið er valt,  
gefðu þér um það bil sex tíma í allt.

Leggstu svo fyrir við lindanna nið  
með lúa í beinum, í sálinni frið,  
en skyldirðu hrjóta þá gefðu þeim grið  
sem geta ei sofið, og leggstu á hlið!

**Svæði:** Herðubreið 1682 m. Mývatnsöræfi, S-Pingeyjarsýslu

**Leið:** Úr vestri, venjulega leiðin

**Aðkomu:** Úr Herðubreiðarlindum, gengið norður og vestur yfir fjallíð. Eða ekið slóð, sem liggur milli fjallsins og Herðubreiðartagla, í suðri.


**Hæð leiðar:** U.p.b. 1000 metrar

**Tími:** Frá rótum fjallsins og upp, 3½-4 tímar, 6-7 tímar alls.

**Gráða:** Gönguleið, grjóthrunshætta í hópferð.

**Fyrst farin:** Svo vitað sé 13. ágúst 1908 af Dr. Hans Reck, þýskum jarðfræðingi og Sigurði Sumarliðasyni, bónda, í Bitruugerði í Kræklingahlíð.

# Kirkjan



## eftir Leif Örn Svavarsson

Kirkjan, 1747 metra tindur í vestanverðum Öræfajökli, fékk sína þriðju heimsókn um páská 1989 og fer í fámennu samfélagi íslenskra fjallamanna, að ná því marki að teljast sígild. Á þeim 10 árum, sem liðin voru síðan þeir Helgi Ben., Arnór og Arngrímur stóðu fyrstir á tindinum, hafði leiðin aðeins einu sinni verið endurtekin. Af frásögnum af fyrstu uppgöngu, mátti ráða að leiðin teldist ansi erfði. Eitthvað vildu fjórmennningarnir Jón Geirs, Snævarr, Björgvin og Óskar, sem stóðu að annarri uppgöngu, draga úr erfíðleikunum. Pví fannst okkur frændunum, Leifi og Hjörleifi, kominn tími til að leggja fjallið að baki, áður en það færí að teljast auðvelt.

Hvassir sólbakaðir tindar Kirkjunnar eða Tindaborgarinnar, eins og hún er nefnd af heimamönum höfðu ótrúlegt aðdráttarafl. Með augun límd á þetta viðfangsefni voru þeir fimm tímar, sem það tók okkur að komast að rótum fjallsins fljótir að líða.

Svínafellsjökullinn var þægilegur uppgöngu, þar sem snjóalög voru í meiralagi þennan veturn. Þar sem brattinn eykst í undirhlíðum Hvannadalshnúks fylgdum við suðurjaðri jökulsins til að byrja með, en síðan greinilegu þepi í jöklinum upp undir Svínakamb og norður fyrir Kirkjuna. Nokkrar sprungur urðu á vegi okkar á seinasta hluta leiðarinnar, sem gætu orðið farartálmar í öðru árferði. Þá er önnur leið fær upp Svínakamb og uppfyrir Kirkjuna, en það er töluvert lengra og hætt við að það krefjist næturgistingar, eins og hjá þeim leiðöngrum, sem áður höfðu farið.

Í jaðarsprungunni uppi í norðurhlíð Kirkjunnar skildum við skíðin eftir og járnuðumst. Upp bratta hjarnbreiðu, inn í snjólænu með nokkrum léttum íshöftum, smáhlíðrun til hægri og upp hjarnið. Þá skyndilega blasti vesturhlíð Hvannadalshnúks við fyrir framan mig og ég sa niður snarbratta suður-

**Svæði:** Öræfajökull, Kirkjan 1747 m.

**Leið:** Norðurhlíð Kirkjunnar.

**Hæð leiðar:** U.p.b. 120 m.

**Aðkoma:** Um Svínafellsjökul 5-7 tímar.

**Gráðun:** II/III.


**Fyrst farin:** Helgi Benediktsson, Arnór Guðbjartsson og Arngrímur Blöndal, 1. apríl 1979.

**Útbúnaður:** Broddar, axir, lína, snjó- og ístryggingar.

hlíðina á Kirkjunni og yfir sprunginn skriðjökulinn. Heillaður af útsýninu og hversu nákvæmlega leiðin hafði skilað okkur á toppinn, barði ég axirnar niður í hjarnið og tók Hjöllu upp þessa þriðju og seinustu spönn.

Það var erfitt að leggja af stað aftur. Ég sa aðeins nokkra metra niður, þangað sem brattinn jókst. Fyrstu skrefin afturábak niður voru hæg og yfirveguð. Innst inni vonaði ég að Hjölli hefði fundið stað fyrir millityrgingu, þó svo mér hefði ekki fundist nein ástæða til þess fáeinum mínutum áður, þegar ég var á uppleið. Það slaknaði á hnúnum í maganum eftir því sem ég komst lengra niður og seinni spannirnar tvær klifruðum við bádir í einu. Prátt fyrir að við værum nú komnir í æfingu að skíða í línu frá Hnúknum tveim dögum áður, losuðum við okkur við hana um leið og við vorum komnir yfir snjóbrýrnar á einu opnu sprungunum rétt undir Kirkjunni. Skíðafærið meiriháttar, skriðjökullinn eins og rússibani, smella sér úr skíðunum við hlíðina á bílnum, teiga appelsínusafa meðan sólin var enn á lofti og til að kóróna daginn, var brunað í bænn þá um kvöldið.

„C'est la vie.“



# Paradísarheimt

*eftir Snævarr  
Guðmundsson*

**Svæði:** Eyjafjöll.

**Leið:** Paradísarheimt.

**Aðkoma:** Um 5 mín. gangur frá félagsheimilinu Heimalandi.

**Hæð leiðar:** 120 m.

**Klifurtími:** 7-8 klst.

**Gráða:** 4 (5 spannir).

**Fyrst farin:** 6 febrúar 1988. Kristinn Rúnarsson, Þorsteinn Guðjónsson og Snævarr Guðmundsson.

Það er búið að vera frost lengi. Kominn tími til að leita út fyrir nágrennafjöll Reykjavíkur. Stungið er upp á Eyjafjöllum, þar sem eflaust má finna spennandi ísfossa.

Pann 6 febrúar 1988 ökum við árla dags austur, Kristinn, Þorsteinn og ég. Við Pórsmerkuraflleggjarnar hinkrum við um stund og hugsum málið. Kiddi og Steinir hafa hug á norðurhlíðum Eyjafjalla, en ég mæli með suðurhlíðum. Þar er þægilgeri aðkoma, engin hætta á að festa bílinn í skafli og síðast en ekki síst, sól.

Við Heimaland, félagsheimilið austan við Seljalandsfoss, stöðvum við á nýjan leik. Þar blasa við há og mikil íspil. Pregar er ákveðið að kanna eitt þeirra.

Napur og hvass norðanvindur blæs í fangið á okkur er við göngum upp að ísfossilnum. Þorsteinn uppgötvar að hann hefur gleymt vindbuxunum svo að hann hleypur niður í bíl, sem er ekki fjarri. Við Kiddi gerum okkur klára í klifrið á meðan.

Kiddi leiðir fyrstu spönn. Hún hefst með bröttu íshafti, en fyrir ofan líður úr halla. Ég fer næstur upp. Á syllu þar sem Kiddi hefur komið fyrir megintryggingu, er mun hlýrra en í rokinu undir fossilnum, næstum notalegt, því að þar er sól tekin að skína. Það þýðir reyndar að leysingavatn tekur að renna í stríðum straumum og af og til hendast ísmolar niður ísfossinn.

Steini kemur síðastur upp og Kiddi tekur myndir af honum í gríð og erg.

„Hvernig væri að taka eina af mér?“ bið ég.

„Pú ert svo ómyndarlegur“ svarar hann að bragði. Hvað um það, ég heimta að leiða næst. Eftir lítið íshaft, liggur leiðin inn í þrónga gráf, en þaðan tekur við löng hliðrun til hægri, út með og upp á brattar ísbungur. Hátt ofan við þær hanga óhugnanleg grýlukerti sem sýnast ætla að hrynda þá og þegar. Sem betur fer sé ég líttinn skúta í ísnum þar sem hægt er að setja megintryggingu í öruggu skjóli fyrir þeim. Pangad fer ég og tryggi því næst þá félagana upp, fyrst Kidda svo Steina.

Steini á næsta leik. Hann hverfur fljótlega úr augsýn og nú hefst bið. En útsýnið yfir undirlendið

og til Eyja, sem geislar sólar leika um, styttir hana. Einhverju síðar hrópar Steini og næstur fer Kiddi. Ég fylgi á eftir, þó nokkru síðar, þá búinn að staldra við á sama stað í 2 tíma. En næsta spönn borgar þá töf snarlega upp. Þar upplifi ég einhverja þá fallegustu klifuruspönn sem ég hef farið.

En hér er enginn tími til að melta það. Því sól er tekin að hniga í vesturátt, í miklum roða.

Kiddi tekur að sér að leiða fjórðu spönnina. Þá er tekið að húma og áhyggjur yfir að tíminn sé að renna út, fylgja. Við Steini klifrum í samfloti, til að spara tíma, upp til Kidda. Sú spönn er einnig mjög fjölbreytt, rétt eins og hinar. En eftir er síðasta þrepið og það er ekki árennilegt. Þar sem við erum allir þrír þegar orðnir þreyttir, ákveða Kiddi og Steini í sameiningu að ég skuli leiða það, án þess að ég fái rönd við reist.

Ísþrepið er strax lóðrétt og ísinn þunnur, svo erf-

itt er að koma inn góðri tryggingu. Þó nokkru ofar kemst ég á litla syllu með mikilli fyrirhöfn, en frá henni er klifrið ekki eins bratt. Aftur á móti er ísinn þar vel frá bergen og það þunnur og götóttur svo að síðustu metrarnir klifrast án tóla, rétt eins og í bergi. Þá er réttast að klifra varfærnislega enda nötrar ísinn, svipað og í viðkvæmri trégrind. En svo er ísinn búinn og síðasta hreyfingin er óþægilega tæp upp á hina langþráðu syllu ofan við ísfossinn.

Svo dimmt er orðið, að þegar Steini kemur upp á sylluna hefur hann sett á sig hausljós. Við göngum með syllunni í einfaldri röð og eltum ljósgeislann. Til allrar hamingju finnum við leið í gegn um klettabeltið, ofan við ísfossinn, eftir að hafa gengið nokkurn spöl. Annars hefðum við verið í vanda staddir. Svo er bara að koma sér niður.

# AFS 101 – 3. kynslóðin af plastskóm

Innri skór

AFS 101  
CARBONFIBER

Mýkra plast í  
ytra byrði

Vatnsheldir, léttir, passa nákvæmlega  
og breyta ekki laginu.

Alstífur með stuðpúða í hælnum.

Fyrsti valkostur fjallgöngumannsins  
jafnt sem ísklifrarans.

*Sendum í póstkröfu.*


ÚTILÍF  
GLÆSIBÆ



Hælstuðpúði

Phebax  
innri sóli

# Dyrfjöll



## eftir Pétur Ásbjörnsson

Pessi ferð sem ég hef verið beðinn að skrifa nokkrar línur um, var farin árið 1982 ef ég man rétt. Fórum við tveir félagar í Hjálparsveit skáta í Reykjavík og tveir úr Hjálparsveit skáta á Fljótsdalshéraði. Lagt var af stað frá Egilsstöðum í átt að Borgarfirði eystra. Gekk sú ferð mjög vel. Stoppað var undir Geldingafjalli og gengið eftir hlíðum þess í átt að Dyrfjöllum.

„Jæja, hvað segið þið? Hefur enginn áhuga á að fara þarna upp?“ (Hlátur).

„En þetta lítur ekki út fyrir að vera mjög erfitt,“ sagði ég við félaga mína. „Haldið þið að Guðmundur Einarsson hafi farið þarna upp?“

„Svo er sagt en það er ekkert víst,“ svöruðu félagar mínr.

„Það væri gaman að reyna þessa leið. En hvað segið þið? Er enginn til?“ Ég vissi, að það hlaut að vera einhver sem hefði áhuga á að fara með mér þessa áhugaverðu leið. „Jæja, nú verður ekki aftur snúið,“ hugsaði ég eftir að hafa stungið upp á þessari skemmtilegu leið.

Pessi hugmynd kom fram á leið upp brekku sem er um það bil í norðvestur frá Dyrfjöllum. Gengið var upp í átt að fögrum klettavegg. Um þennan klettavegg var ég að hugsa ásamt félögum mínum.

„Úff, en sá kjaftur á mér að stinga upp á þessari vitleysu. En ég verð víst að minnsta kosti að reyna“, hugsaði ég, þegar ég leit á þverhníptan hamarinn.

„Pú ert vanur að klifra, er það ekki“ spurði ég.

„Jú, svona sémilega“ svaraði félagi minn sem var tilbúinn að reyna þetta með mér.

„Pú kannt þó að tryggja,“ spurði ég „þú lærir þetta fljótt, þetta er í raun ekki mjög erfitt, þú heldur bara í spottann.“

Pá var að reyna klifrið og sjá hvort ég gæti kom-

ist upp þetta þverhnípta berg. Má segja að fyrsta spönnin hafi verið lykillinn, bergið var frekar laust í sér og ekki mjög traustvekjandi. Fyrst var farið upp á smá drang, bergið varlagskipt þursaberg með heillegu basaltlagi á milli. Það má segja að við höfum byrjað að norðvestanverðu og fart okkur yfir á suðurhlíðina. Þegar þangað var komið, var ég búinn með línuna og tryggði félaga minn upp til míni. Honum gekk bara mjög vel þrátt fyrir efasmmdir í upphafi. Tók hann við tryggingunum þar sem ég var og hélt ég áfram. Suðurhlíðin reyndist mun auðveldari og ekki eins hættuleg. Hún var lagsskipt og ekki eins brött og fyrst upp dranginn. Purfti ég ekki að tryggja eins oft og því gekk mjög vel upp seinni hlutann. Vorum við tölvert á undan félögum okkar sem fóru nær Dyrignum og þar upp.

Uppi var þessi ágætis varða og lögðum við okkur þar á meðan við biðum.

Leiðin niður var ekki síður skemmtileg, fórum við niður í átt að Dyrignum og litum á austurhlíðina. Þaðan fórum við síðan aftur upp og niður í Urðardal og í bæinn.

**Svæði:** Dyrfjöll (N-Múl).

**Leið:** Vesturhlíð yfir á suðurhlíð nyrðra Dyrfjalls

**Hæð leiðar:** U.p.b. 200 m.


**Aðkom:** Gengið undir nyðri hlíðum Geldingarfjalls.

**Klifurtími:** Ca. 2-4 tímar alveg upp á tind.

**Gráða:** II-IV.

**Fyrst farin:** Svo vitað sé Pétur Ásbjörnsson og Jóhannes Hermannsson.

**Útbúnaður:** Lína og klettaklifurbúnaður.



# Örninn

## eftir Ara Trausta Guðmundsson

Pegar litið er til Snæfellsness frá Reykjavík, staldra margir við reisulegan tind um miðbik nessins hann virðist rísa einn og sér með bílmálalagi upp af fjallgarðinum. Úr fjarlægð virðist tindurinn vera helsta augnayndi fjallamanna á Snæfellsnesi, að jöklinum sjálfum slepptum. Fyrir mörgum árum höfðum við, nokkrir klifurfélagar, fundið fyrirbær ið á korti og heitið „Örninn.“ Ekki amalegt nafn. Og ósjaldan höfðu fallið orð um að klífa fjallið, enda hlyti að vera til ófarin leið á jafn hvassbrýndan tind og þennan. Er úr framkvæmdum varð minna, en orð gáfu tilefni til.

Til þeirra þurfti heimamann úr Staðarsveitinni, jarðfræðinema frá Staðarstað, Finnboga Rögnvaldsson. Hann hafði árangurslaust reynt að sumri til að klífa suðurhlíðar Tröllkarlsins, eins og fjallið heitir í munni nærsveitunga sunnanmegin á nesinu. Finnbogi stakk upp á því, að ísbirnir úr kunningjahópi mínum reyndu við tindinn.

Fáeinum vikum síðar, í snjóléttu tíðarfari, stefndum við fimm að sólroðnu fjallinu. Leiðin lá um auðveldar brekkur og snjófannir upp að fjallinu. Til norðvesturs sá yfir nokkra snotra tinda og suma girnilega, t.d. Tröllkerlingu og megintinda Helgrindanna, sem eru um og yfir 900 m háir. Pegaar nær dró suðurhlíð (eða öllu heldur suðausturhlíð) Arnarins, varð ljóst að upp meginhamrabeltin yrði ekki farið í jafn snjó- og ísléttu færi. En vestan til í bílmálum var greinilegt gil og ísrás upp á stall neðan við klettahausinn á tindinum.

Við klifum snjóbrekku (I. gráða), um 50 metra, upp að þrengslunum í gilinu. Hreinn og Höskuldur lögðu í íslænuna (2 spannir, önnur með III. gráðu hreyfingum), en við hinir klifum hrygg vestan í gilinu (einnig 2 spannir, önnur með III. gráðu hreyfingum), uns leiðir lágu saman á áðurgreindum stalli. Síðasta spönnin var létt brölt á tindinn, sem reyndist vera mjór rimi.

**Svæði:** Fjallaklasi sunnan Grundarfjarðar.

**Leið:** Suðvesturveggur Arnarins (Tröllkarlsins 778 m).

**Hæð leiðar:** 250 m (vetrarleið snjór/ís).

**Aðkoma:** Frá Lýsuhóli eða Efra-Bláfeldi til norðurs (3-4 klst).

**Klifurtími:** 2-3 klst.

**Gráða:** PD tvö afbrigði (II. - III. gráðu hreyfingar í aðalspönni).

**Fyrst farin:** 22. febrúar 1986; Ari Trausti Guðmundsson, Finnbogi Rögnvaldsson, Hermann Valsson, Hreinn Magnússon og Höskuldur Gylfason.

**Útbúnaður:** Ísaxir, broddar, lína, snjóakkari og 2-4 ísskrúfur.

Eins og svo oft áður, var fantaflott útsýni í allar áttir af Erninum, allt frá Snæfellsnesi til Ljósufjalla. Ekki reyndist fjallið eins spennandi að sjá að norðan, brattar snjóbrekkur og fremur léttur snjóhryggur til norðvesturs. Hvorki Finnbogi, né við hinir, kunnum af því fregnir hvort nokkur hafi gengið á Örninn á undan þessum hópi.

Við sigum í snjópolla brattasta hluta leiðarinnar á hæpnum forsendum, því snjórinn var nýlegur og harla mjúkur. Enda festist línan í niðurdrætti og þurfti að klífa upp til að leysa ofan.

Eftir 10 tíma ferð, sat svo hópurinn, ánægður að vonum, í setlaug að Lýsuhóli og vermdi úr sér þreytustrengina. Sú stund komst næst tindamínúnum og frábærum viðurgjörningi að Staðarstað hjá prestshjónunum. En honum og spjallinu um eilífðarmálin þar á bæ, verður ekki lýst hér, enda hætt við að þá fykju hæðarmet íslenskra fjallamanna.

# Suðurjöklar

eftir Torfa Hjaltason



Mýrdalsjökull fremst, þá Eyjafjallajökull og sést í Tindfjallajökul lengst til hægri. Ljósmynd: Snorri Snorrason.

Petta var Alpaklúbbsferð, fámenn, en skipti litlu máli, því ferðafélagarnir voru góðir: Guttormur Pórarinsson, Pór Ægisson, Anna Lára og greinarhöfundur. Leið okkar lá inn í Fljótsdal og við reyndum að keyra upp fyrstu hjallana, í átt að skálunum. Það gekk illa og skildum við bílinn eftir neðarlega.

Gangan þaðan upp í Tindfjallaskála var strembin, átta vindstig beint í fangið og ísað færí, eins og oft er á þessum slóðum. Gutti tókst á loft í einni hviðunni og brotleni harkalega á skaranum. Við vorum svo veðurteppit í skálanum í heilan sólarhring vegna veðurofsans. Það var étið og étið og...

Svo kom blíða. Fyrst gengum við á Ýmu og Ými, héldum þá niður jökultunguna, sem teygir sig niður til austurs, í átt að Emstrum. Við fórum um skarð milli Kerhnúks og Lifrafjalla að Mosum, þar sem brúin er yfir Markarfljót. Þaðan var greið leið að skála FÍ við Emstrur. Þar gistum við eina nót.

Snemma næsta morgun, héldum við af stað í átt að Entujökli, sem er ranglega nefndur Merkurjöklull á sumum eldri kortum. Brúin á Fremri-Emstruá kom sér vel, enda forædisfljót. Upp allan Entujökul lá leiðin, uns sveigt var til suðurs, fyrir ofan Entukoll. Þaðan stefndum við á Goðalandsbungu. Þessi hluti leiðarinnar er trúlega erfiðastur; það gafst góður tími til að hugsa um hvað skórnir meiddu mann og hve bakpokinn var óþægilegur.

En útsýnið! Pórsmörkin virtist vera í seilingarfjallægð, meira að segja Öræfajökull líka.

Pegar á bunguna var komið, sveigði leiðin til vesturs og þá vænkaðist hagur þreyttra ferðalanga. Því við tók aflíðandi brekka að skálanum á Fimmvörðuhálsi. Pangad komum við ekki fyrr en seitum kvöldið. Stoppuðum stutt, aðeins til að hita smá súpusull, drifum okkur svo niður alla Skógaheiðina, að Skógum.

Pótt til hafi staðið af fara yfir Eyjafjallajökul líka, var enginn tími til þess, því heill dagur fór til spillis í rokinu í upphafi ferðar. Að baki var góð ferð, ein af þessum, sem gleymast ekki strax.

**Svæði:** Tindfjallajökull, Mýrdalsjökull, Fimmvörðuháls og Eyjafjallajökull.

**Leið:** Farið milli skála.

**Aðkoma:** Úr Fljótsdal, um 2 tíma akstur frá Reykjavík.


**Mesta hæð:** Farið hæst upp í um 1600 m á Eyjafjallajökli.

**Tími:** 4 dagar; hægt þó að fara á skemmri tíma.

**Fyrst farin í heild:** 30. mars-3. apríl 1983 af þeim Ágústi Guðmundssyni, Ólafi Baldurssyni og Árna Alfreðssyni.

**Útbúnaður:** Skíði, viðlegubúnaður og jafnvel tjald.

# Porfinnur



## eftir Árna Tryggvason

Velkomin til Flateyrar (Welcome to the pleasure dome). Má kynna ykkur fyrir Porfinni. Glæsifjalli við sunnanverðan Önundarfjörð, gegnt Flateyri. Sagnir gengu um ókleifa norðurhlíð sem ýmis álög hvíldu á ef hún yrði klifin. (Brennandi kirkjur og gnægð gulls fyrir hugumprúða brattgengisofurhuga). Auðvitað urðu svona frásagnir til að freista ungra manna sem hafa fjallaferðir að frístundaiðju. Því var litið hátt til fjalla og stóra ákvörðunin tekin. „Upp vil ek.“ Þjálfun hafin, félagar fundnir, minna drukkið og minna reykt og á mettíma stóðu þrír fjallajálkar klárir í slaginn. En þá hófst regntímbilið. (Dæmigert). Nokkurra daga bið varð, en loks, laugardaginn 27. júní, var hið fullkomna veður. LAGÓ !!! var hrópað. En bara tveir fóru af stað, sá þriðji var lostinn örvum Amors og hvíldi í örmum sinnar heittelskuðu „in somewhere.“ Tríó-ið sem breyttist í dúett, brunaði af stað og innan skamms stóðu drengirnir undir hinni bröttu hlíð við fyrirhugaðan uppgöngustað. Neðan frá séð breyttust þeir óðfluga í börn, börnin í dverga, dvergarnir í depla og loks hurfu þeir alveg sjónum í víðáttu hlíðarinnar. Áfram var haldið, upp á stall og annan stall. Stall af stalli. Farið í beltin í skjóli við hjálma. Línan gerð klár og aftur af stað. Einn stallur og annar til og miklu fleiri á eftir. Nokkrir einmana-legir bráðnandi snjóskaflar fótum troðnir af ungum mönnum á uppleið. Þetta gekk allt of vel og hlaut því að enda með óhappi. Stór og illgjarn steinn

vildi reyna þyngdarlögmálið af eigin raun og æddi undan höndum sporgögumannsins, stefndi í árásarhug á þann sem neðar var og „KLASSSK.“ Tærara gat það ekki verið, rispa á handlegg og stórt blæðandi sár á sköflung. En öll bein óbrotin og því engin ástæða til að halda upp á óhappið með flugeldasýningu. Aftur af stað, en annar haltur. Brúin kom alltaf nær og nær. Haldið inn í stóran og mikinn berggang og brölt upp þægilegar tröppur: upp, upp og takmarkinu var náð. Litið niður og enginn reykur sást liðast upp frá kirkjum og engar gullkistur liggjandi eins og hráviði út um allan tind. Stuttu seinna sáust tveir næpuhvítir skrokkar flatmaga á tindinum og soga í sig brúnkugefandi sólargeisla í von um lit eftir vætutíð vorsins.

**Svæði:** Porfinnur við Önundarfjörð.

**Leið:** Gjáin. Leiðin endar í áberandi gjá vestarlega í brúninni.

**Hæð leiðar:** 250-350 m.

**Aðkoma:** Frá veginum í Valþjófsdal.

**Gráða:** 1-2.

**Fyrst farin:** 27. júní 1982; Árni Tryggvason og Björn Harðarson.

**Útbúnaður:** Hjálmur og smáraði af kilfurbúnaði til andlegs stuðnings.

# Af hillunni

## eftir Björn Vilhjálmsson

**Svæði:** Þingvellir, Hvannagjá.

**Leið:** Af hillunni.

**Aðkoma:** Þegar komið er inn í Þjóðgarðinn, er beygt til vinstri og staðnæmst á fyrsta eða öðru bílastæðinu. Þaðan er gengið eftir stígnum, upp í gjána, sjá kort.


**Hæð leiðar:** 8-9 m.

**Klifurtími:** 3 - 23 mín.

**Gráða:** 5.7


**Fyrst farin:** Björn Vilhjálmsson, haustið 1979. **Fyrsta sóló:** B.V. 1985, af 2 m snjóskafla.

**Útbúnaður:** Petta venjulega, og 2 hnetur; Rocks nr. 7 og 9.



Einu sinni sem oftar var ég að þvælast um Hvannagjá og sem ég er að kíkja eftir leiðum þarna bakvið, sé ég þessa rennilegu sprungu í efra laginu. Eins og flestir vita skiptast klettarnir í gjánni í tvennt eða tvö lög. Neðra lagið er yfirleitt brotið og leiðinlegt, en efra lagið er alltaf heilt og þá ýmist alveg heilt eða með lóðréttum sprungum. Nú, nú, þessi leið var ekki bara sprungan, heldur var neðra lagið líka nokkuð spennandi.

Leiðin hefst við syllu í um 2 m hæð og þarf að komast upp á hana með svonefnri „arinhillutækni“, síðan tekur við sléttur veggur. Hann er klifinn á smá veghöldum, þar til komið er í sprunguna. Eftir það er klifrað eftir sprungunni, sem leið liggur upp á topp. Lykilkaflinn er rétt eftir upphaf



sprungunnar og eru báðar tryggingarnar á því svæði.

Pað sem hefur alltaf gert þessa leið eftirmannið í mínum huga, er „pumpan“, sem ég fékk í framhandleggingina, þegar ég klifraði hana í fyrsta sinn. Ég hafði aldrei, til þess tíma, fengið svo svakalega þreytu í framhandleggi og hendur, að ég gæti ekki hreyft fingurna.

Pað er eitt af sérkennum klifurs í Hvannagjá, að þar eru margar krefjandi sprunguleiðir, en einnig að þar má klifra svo mikið „sóló.“ Viða er hægt að klifra leiðir upp, þar sem lendingar eru góðar, en þar sem lendingar eru verri, er hægt að fara skemmtilegar hliðranir í minni hæð.



Íslenski Gangapurna - leiðangurinn 1987 notaði  
Caravan svefnpoka.

# Nestishornið

## eftir Torfa Hjaltason

Hrísgjón eru kjarnafæða, spurðu bara Kínverja.

Í undanförnum Nestishornum, hefur mest verið fjallað um kjötmeti. En það er fleira matur, en feitt ket. Hrísgjón eru orku- og næringarrík og því tilvalin fæða til fjalla. Margir fjallabúar víða um heim, lifa nánast eingöngu á hrísgjónum.

Það eru til nokkrar tegundir af hrísgjónum, villi-, brún og þessi venjulegu hvítu hrísgjón, svo eitthvað sé nefnt. Forðist grautargrjón, sem eru bragðlaus og klessuleg. Brúnu og villihrísgjónin eru hollust, en þurfa langa suðu. Í styttri ferðum er ástæðulaust að hugsa of mikið um vítamín, enda dagleg fæða okkar Vesturlandabúa yfirleitt það góð, að enginn hörgull er á þeim. Orkurík fæða er það sem þarf í erfiðar ferðir.

En hvað er hægt að gera ef okkur finnst hrísgjónin ein og sér heldur óspennandi. Lítum á nokkra einfalda möguleika:

Það er til dæmis hægð að saxa niður ferskt grænmeti, paprikur, gulrætur, lauk og tómata, út í grjónin og láta allt malla saman. Til að spara þyngdina, er hægt að nota þurrkað grænmeti.



Reykurinn af réttunum. Ljósm. Anna Lára Friðriksdóttir.

Krydd er sett út í eftir smekk. Í uppáhaldi hjá mér, er að steikja karry í tveimur matskeiðum af ólivuolíu, setja svo grjónin og loks vatn. Út í þetta er svo settur smáskorinn „chili“, pipar sem er mjög sterkur, nú eða bara laukur.

Vertu hugmyndaríkur, settu steikta kjötbita eða fisk í grjónin, rækjur úr dós eða sveppi. Til eru grjón, sem þurfa mjög litla eða alls enga suðu. Að vísu bragðast þau eins og pappír, en þau er hægt að nota til að setja í uppáhalds skyndisúpuna sína.

Köld hrísgjón eru ágæt, það má allavega venjast þeim. Pannig að ef afgangur er, bara að éta hann í morgunmat! Fyrir þá sem ekki treysta sér til að fikra sig áfram, eru til hrísgjón í pakka, sem eru með kryddi og grænmeti í. Verði ykkur að góðu.

## „FJELLPULKEN“ traustur ferðafélagi allsstaðar

Hvort sem ferðinni er heitið yfir Vatnajökul, heimskautin eða út í búð með barnið!

Getum útvegað þessar vönduðu PÚLKUR með stuttum fyrirvara.

Ótal gerðir fáanlegar, henta öllu ferðafólki og líka björgunarsveitum.

Fyrir barnafólk eru til BARNAFÚLKUR sem eru einkar öruggar og vel hannaðar.

PÚLKURNAR eru bæði sérstaklega vandaðar og sterkar. Þær eru stöðugar og þægilegar í drætti.



**INSÚLA innflutningur h.f.**

SKÚTUVOGI 12 B. PÓSTHÓLF 4406 REYKJAVÍK SÍMI 678-444

# Þar sem kalksteinninn rís

*Eftir Stefán Steinar Smárason*


Sól skein í heiði og blíða ríkti þegar við renndum í hlaðið á Dólómítunum. Allt leit þetta jafn tignarlega út og Gerhard hafði lýst fyrir mér þegar við vorum að klöngrest saman í sudda og rigningu, fyrr um sumarið, hér heima á Íslandi. Af lýsingum hans á þessum stórbrotnu fjöllum, heillaðist ég svo gjör-samlega, að ég ákvæð að lengja utanlandsferð mína um eina viku og slást í för með fimm austurrískum kliffrurum til að leggja þessi fjöll undir fót og hönd. Það var líka orðið tímabært að einhver héðan færí að klifra á þessum slóðum því að Guðmundur Einarsson frá Miðdal var síðasti Íslendingurinn sem hafði farið héðan í þeim tilgangi að klifa veggi Dólómítanna.

Byrjað var á að hafa upp á tjaldstæði sem gengur undir nafninu Olympía og er alþjóðlegt. Það reyndist vera fjögurra stjörnu með góðri snyrti- aðstöðu og veitingastað. Kom þetta mér í opna


skjöldu þar sem ég hafði heyrт hinar mestu hryll- ingssögur af ítölskum tjaldstæðum.

Dagur: 4. ágúst eða bara sunnudagur. Ætlunin var að klifra suðurvegg Punta Fiames. Var það gert, þar sem hvorki veður né önnur náttúruöfl hindruðu för okkar. Var leiðin heldur í léttari kantinum, II-III gráða. Er hún mikil klifruð, enda sást það á festunum sem minntu einna helst á slitna sólana undir skónum mínum. Áhugavert var að fylgjast með leiðsögumanni sem var með þýska tvíbura í eftirdragi, sem þurftu að böðlast upp með heljarinnar bjórvömb. Minntu þeir einna helst á gufukatla sem voru um það bil að springa. Þorði ekki að taka mynd. Uppi á toppnum biðum við eftir Rudl og Gundi, en þau fóru V gráðu leið sem var mun erfidari. Eftir hálftíma bið án þess að þau birtust, ákváðum við að halda niður.


Eftir kalda nótt, ókum við upp að rótum Tofana



Suðurveggurinn á Tofana Di Rozes. Ljósm. Stefán Smárason.



Cinque Torre. Ljósm. Stefán Smárason.



Lagt í Marmolada. Ljósm. Stefán Smárason.

Di Rozes 3.225 m, sem er ein af perlunum þar um slóðir. Eftir miklar vangaveltur, ákváðum við Rudolf, Gundí, Kurt og ég að fara Via Pompanin-Alvera, V gráðu leið, sem er í austurhluta fjallsins en liggur reyndar ekki upp á topp, en daginn eftir átti að fara lengri leið upp á hátindinn. Fyrstu tvær spannirnar voru frekar léttar, en lausar í sér. Næst kom erfiðasti kaflinn. Rudolf fór á undan og setti inn millitryggingar, en Kurt kom strax á eftir og klippti líka í þær. En þegar „Tjallarnir“ sem trúðust fram úr okkur, klipptu líka í nokkrar þeirra, var mér nóg boðið. Eftir nokkrar spannir, var komið upp á stóra syllu sem virðist einkenna mikíð af fjöllunum, en þaðan var klifrið mun léttara.

Priðjudagur rann upp heldur þungbúinn. Gerhard var helst á því að fresta því að fara suðurvegginn. Kurt taldi hins vegar ekki veðurútlitið svo slæmt og tókst honum að sannfæra hópinn um það að rétt væri að fara. Var loks lagt af stað um 7.30. Full ástaða er til þess að hyggja vel að veðrinu þarna syðra en rigningar og þrumuveður eru mjög tíð. Er því mjög nauðsynlegt að allir í hópnum séu með vatnshelda bívakkpoka á löngum leiðum því að oft er erfitt að hörfa. Fyrri hluti leiðarinnar lá upp í stóra skál í miðjum veggnum og var af II-III gráðu. En þar tók við varðaður göngustígur sem lá

yfir aðra skál en þar tóku við aðal erfiðleikarnir af IV gráðu. Síðan kom 40 m hliðrun eftir mjórri syllu í lóðréttum vegg. Með hjartað einhvers staðar í brókinni og engar haldbærar tryggingar, tókst mér að komast út að grófinni þar sem leiðin hélt áfram upp að hrygnum, sem lá upp á toppinn. Fallegt umhverfi, en heldur hlykkjótt leið fyrir minn smekk.

Pað var komið að hvíldardegi og var hann notaður fyrir snöggt bað og verslunarferð til Cortina en það er stærsti bærinn þar um slóðir og dæmigerður ferðamannabær en samt sem áður með aðeins eina fjallgönguvöruverslun.

Eftir nokkur rauðvínsglös undir Cinque Torre var haldið til Canazei en þaðan var gengið upp að Contrinskála. Þaðan átti síðan að leggja til atlögu við hæsta fjall Dólómítanna, Marmolada, 3.344 m tignarlegt fjall með jökul á norðurhlíð og suðurvegg með ógrynni af leiðum yfir 600 m löngum. Leiðin sem við ætluðum að fara og fórum, heitir Via Classica og var fyrst farin 1901. Leiðin er af IV gráðu og skiptist í þrjá hluta með tveim stórum syllum. Voru aðalerfiðleikarnir í neðri hlutanum sem byggðist á strompa- og sprunguklifri, en efri hlutinn var léttari, en heldur laus í sér. Pað var nokkuð kalt, en logn, þegar við lögðum af stað í

myrkri þann 8. ágúst. Leiðin lá yfir Ombrettaskarð og þaðan að suðurveggnum. Á leiðinni tilkynnti ég að ég hefði gleymt hjálminum niðri í bíl. Ég bjóst við hinu versta og ekki bætti það stöðu mína að í leiðarlýsingunni er varað við grjóþruni á fyrstu syllunni.

Gerhard: „Hvað á hann að gera, hann gleymdi hjálminum?“

Kurt: „Hvað hann á að gera? Hann á bara að klifra eins og hann hefði hann.“

Með þessu lauk málinu en Gerhard lánaði mér forláta húfu við byrjun leiðarinnar. Ég var kominn að litlu þaki. Rudolf var kominn upp fyrir og búinn að koma fyrir megintrygggingum. Ég klippti í sprengihelda hnetu sem Rudolf kom fyrir, sprynti fótunum til beggja hliða og teygði höndina upp á sylluna sem hann stóð á. Ég staðsettí stóran vin í sprungu sem ég lagði traust mitt á. Ég byrjaði að taka inn slakann. Kurt var kominn að hnetunni.

Kurt: „Hnetan er föst.“

Rudl: „Stefán, settist þú í hana?“

Stefán: „Nei, ég geri ekki slíkt!“

Kurt: „Stefán, heldur þú mér?“

Í ringulreiðinni svaraði ég játandi en þá varð mér litið á tryggingarnar. Sálin brast og ég treysti ekki vininum. Hann var sefur í línum en mér tókst að skorða mig vel af og hélt honum. Níðungur var hann. Eftir mikið basl og hamagang tókst honum að losa hnetuna sem hann síðan misssti niður í skriðuna 200 m neðar. Ég ákvað að vera hreinskilinn í framtíðinni. Framhaldið gekk áfallalaust fyrir sig en kalt var inni í strompinum þar sem sólin náði ekki til. Á fyrstu syllunni stóð ekki á grjóþruninu. Sól var komin hátt á loft og peysunni komið fyrir í pokanum. Við héldum áfram í kappi við tímann því við vorum ekki hálfnuð og klukkan að nálgast hádegi. Ekki var á það bætandi, að við villtumst upp að strýtu sem stendur við vegginn, í stað þess að fara niður fyrir hana. Hálferð synd því þetta

var ein af fallegustu spönnunum í leiðinni. Eftir eitt sig og smá vangaveltur um framhald, komumst við upp á næstu syllu. Rudolf var kominn með áhyggjur af því, að við þyrftum að bívakka. En úr því rættist því upp á háhryggjinn var aðeins II-III gráðu klifur og klukkan fimm stóðum við á tindinum. Draumurinn um langa klettaklifurleid hafði ræst. Tindurinn var okkar og ég tók 30. myndina og síðan var haldið niður á við.

„Pú skalt elsa náunga þinn eins og sjálfan þig“ og „Pú skalt ekki morð fremja.“ Pannig stendur í hinni heilögum bók. Pessi orð virðast þó hafa gleymst hér fyrr á oldinni þegar Ítalir bördust um yfirráð Dólómítanna við Austurríkismenn. Ennþá bera fjöllin þess merki þegar maður gengur fram á rústir herbúða, gaddavír og minnismerki síðan úr fyrri heimstyrjöldinni. Á sumum vígstöðum fórust fleiri í snjóflóðum og jökulsprungum heldur en fyrir byssukúlum óvinanna. Við þessa vitneskju spryr maður sig, af hverju?!

10. ágúst. Mariakante, IV gráðu leið upp á Pordoispitze, en stutt. Ágætt til þess að klifra sig niður eftir erfiði vikunnar. Allt gekk vel nema hvað ég var með sálartetrið í rúst og leiddi ekki þann daginn. Á leiðinni var mér lofað fríu fari með kláfnum sem hékk yfir leiðinni, en hver sá sem fer hana á það inni. Pegar kom að því að þiggja átti frítt far með kláfnum, var þar bara fyrir ljótur karl sem heimtaði „carte“ (farmiða) og hlustaði ekki á neinar afrekssögur. Reiðir félagar míni ákvádu að hér yrði ekki í kláfa farið og gengum við niður. Hvers áttu mínar aumu tær að gjalda? Jæja, það hefði getað verið verra, væri þetta t.d. upp á Aig. d'Midi.

Úti er ævintýri  
Rudolf undir stýri  
og haldið heim  
að spá í ný.

## Pessir hafa styrkt útgáfuna

### Vestfjarðaleið

Sætúni 4 sími 29950

### Málningarverksmiðjan

#### Harpa

Stórhöfða 44 sími 674400

### Hans Petersen

Lynghálsi 1 sími 83233

### Harðfisksala

Fálkagötu 14 sími 25069

### Augnsýn

Reykjavíkurvegi 62, Hafn.  
s. 652789

### Bókaútgáfa Guðjóns Ó.

### Kolburstagerðin Kórall sf

Vesturgötu 55 sími 16484

### Hárprýði

Háaleitisbraut 58-60  
sími 32347

### Rakarastofan Dalbraut

Dalbraut 1 sími 686312

# Kabyssur


*eftir Guttorm Þórarinsson*

Í sæluhúsum Ísalp er að finna kabyssur til upphitunar. Þetta eru mjög einföld eldstæði og flestum gengur vel að umgangast kabyssurnar án teljandi vandræða.

Eftirfarandi eru leiðbeiningar um hvernig á að fást við þessi eldstæði, á sem öruggastan og einfaldastan máta.

## Kveikt upp í kabyssu.

1. Athugið hvort kabyssan sé nothæf, þ.e. óbrotin og reykhafur tengdur.
2. Skarið því næst ösku niður í botnhólf. Látið óbrunnið eða kolað eiga sig.
3. Krumpið 1-2 dagblaðsopnur og leggið í brunahólfid og þar ofan á nokkra þurra viðarbúta. Dreypið varlega með steinolíu ofan í u.p.b. 4-5 msk. Bíðið nokkra stund þar til olían hefur síast inn í viðinn og pappírinn.
4. Berið eld að og lokið kabyssunni. Opnið trekkspjöld á kabyssu og reykháf.



Kabyssan í Bratta.

## Bætt á eldinn.

Nauðsynlegt er að fylgjast með að eldurinn fari vel af stað og allt sé eðlilegt. Pegar komin er glóð í kabyssuna, má bæta á, smátt og smátt, nokkrum viðarbútum og kolum. Pegar komin er góð glóð, má bæta kolum á eingöngu.


Gætið þess að ofhita ekki kabyssuna. Ef hún og neðsti hluti reykháfsins eru orðin glóandi, er mjög nauðsynlegt að minnka trekk, annars er hætt við því að trekkspjald í reykháf skemmist og annað getur aflagast.

Eftir nött getur leynst glóð í öskunni og því er mjög mikilvægt að hella ekki steinolíu eða öðrum efnunum ofan í heldur lífga glóðina með þurrum viðarfílum og pappír og öðru slíku.


## Allir fara heim.

Pegar þið yfirgefið skálann, er best að opna vel öll trekkspjöld á kabyssu og reykhafi til þess að lofræsta skálann.

*Farið varlega og munið, að líttill neisti getur orðið að stóru báli.*



Kabyssan í Tindfjallaskála. Athugið að trekk er stjórnað með því að opna öskuskúffu, en ekki meira en 2-3 sm.



# Austurveggur Skarðatinds

## eftir Snævarr Guðmundsson

Ljósm. Jón Geirsson.

Hún er löng leiðin inn eftir Skaftafellsjökli. Þetta er fjórða ferðin okkar Jóns á fimm árum upp þennan skriðjökul. Alltaf með sama takmarkið í huga, austurvegg Skarðatinds. Prisvar höfum við reynt áður, en alltaf hefur okkur mistekist. Vonandi tekst það nú, svo þetta verði í síðasta skipti sem við þurfum að fara upp jökulinn.

Í dag var leiðin torsótt yfir neðsta sprungusvæðið í þessum langa skriðjökli. En það var fallegt veður og fjöllin skörtuðu sínu fegursta. Kristínartindar á vinstri hönd, Hrafnafell og Hrútsfjall á þá hægri og framundan tignarlegur Skarðatindur, markmið okkar.

Á leiðinni upp jökulinn rifjuðust upp minningarnar um fyrri ferðir, tilraunir við austurvegginn, sem ekki höfðu tekist.

Við fórum upp Skaftafellsjökul í árlegri páskferð okkar í Öræfin 1984. Þá hafði hann óvænt verið auðveldur yfirferðar. Því félagar okkar, Björgvin Richardsson og Óskar Þorbergsson, sem höfðu farið tveim vikum áður upp jökulinn, til að kanna austurvegg Skarðatinds, lento þar í óhemju töfum, áður en þeir nádu fjallsrótum. Álit þeirra á leið upp vegginn var neikvætt. Líklegasta línan var löng og brött

32

ísrenna, þar sem ís var þunnur og ótryggur. Framhaldið var vafasamt. Stærð og hæð veggjarins var hrikaleg. Þetta var sama línan og við Jón Geirsson höfðum velt fyrir okkur tvem árum áður. Hún sást frá þjóðveginum, framan við Skaftafellsjökul, sem snarbratt ísbil upp úr gili. Það gil kölluðum við „Hvelfinguna“. Það var réttnefni á bessu sérkennilega viki í hamravegnum, sem slítandi hamrar kórónuðu. Frá íspilinu lá svo mjó sylla, sem tengdist stórrri snjóbreiðu í miðum veggnum, undir miklum, þverhníptum höfuðvegg tindssins. Gegnum hann var enga auðvelda leið að sjá. En svona augljós lína í neðri hlutanum; það hlaut að vera kleif leið upp höfuðvegginn, við máttum til með að athuga það.


Því fórum við úr Skaftafelli, viku fyrir páskar 1984, eins og fyrr sagði, með útbúnað til nokkurra daga. Og viti menn, Skaftafellsjökull lúrði á fljótfarinni leið eftir botni jöklusprungnanna, sem skáru sig í gegn um úfin sprungusvæðin. Að kveldi dags lögðumst við svo í var undir stóru grettistaki við fjallsræturnar. Eftir kalda nött og svefnlitla, héldum við í fjallgönguna. Fundum fallega leið eftir veikleikum veggjarins, næstum alla leið upp. Slútandi

ísfoss í bröngu gili, um 100 m frá tindinum, varnaði okkur uppgöngu. Þar kom að því alvarlegasta við austurvegg Skarðatinds, því ekki var hægt að komast aftur niður, nema eftir sömu leið og við komum. Niðurferðin tók 8 klukkutíma, sama tíma og klifrið upp og erfið var hún.

Árið eftir komum við aftur. Þá ætluðum við að nota aðra aðferð. Fara á einum degi upp Skaftafellsjökul og hluta veggjarins og upp á syllu undir höfuðvegg fjallsins. Leggjast þar í var og klífa svo ísfossinn að morgni næsta dags. En Skarðatindur leyfði það ekki. Stanslaust ís- og grjóthrun úr Hvelfingunni og þunnur ís í rennunni kom í veg fyrir allar tilraunir. Við vorum trúlega of seint á ferð það ár.

Við vorum fyrr á ferð árið 1986. Í það skiptið komumst við ekki nema upp að fjallinu. Reyndist færðin þung á Skaftafellsjökli og veður umhleypingasamt, ofankoma og þoka.

Að kvöldi tjöldum við á snjóskafli milli grettis-taka í urðarrana, ofan við Skaftafellsjökul, undir Skarðatindi. Petta er góður staður. Stutt í braðslu-snjó og í salernisaðstöðu. Lífsins nauðsynjar í sinni fábrotnustu mynd. Yfir grettistókin gnæfir austur-veggur Skarðatinds, ábúðarmikill og kuldalegur í kvöldhúminu. Hér sitjum við með heitt kaffi,



Ljósm. Jón Geirsson.

þögulir og virðum okkar „forna fjanda“ fyrir okkur. Há fjöll varpa löngum skuggum, segir mál-tæki, sterkar minningar rista djúpt.



Íspilið í Hvelfingunni. Ljósm. Jón Geirsson.



Syllan út frá Hvelfingunni. Ljósm. Jón Geirsson.

Við tökum til útbúnaðinn, áður en við leggjumst til svefns. Við fórum líka snemma að sofa, til að vera vel undirbúnir fyrir verkefni næsta dags.

Það er ekki orðið bjart, er ég vakna. Vekjarinn suðar einhvers staðar inni í tjaldinu. Jón bærir ekki strax á sér, svo ég sný mér á hina hliðina og reyni að sofna aftur. Er greinilega ekki nægilega undirbúinn. Jón er morgunmaðurinn og ég treysti á að hann vakni, eins og svo oft áður, og líti út til veðurs. Það er svo notalegt í svefnþoknum. Snjór liggar upp að tjaldinu, svo greinilega hefur snjóað í nótt.

„Það er ský á Skarðatindi og það hefur snjóað“, segir Jón. Hann situr í tjaldgáttinni.

„Bíðum þá smástund og sjáum hvort veðrið batni ekki“; ég er ekki lengi að samþykjkja.

Það er orðið vel bjart, er við bærum næst á okkur. Eftir að hafa hlustað á veðurfregnir, ákveðum við að vissara sé að bíða næsta morguns. Þá er spáð betra veðri. En það verður að vera þá, upp úr því mun veður versna. Og nestið okkar dugir hvort eð er ekki lengur. Í dag ætlum við þess í stað að ganga lengra inn með Skaftafellsjökli og skoða ísfossinn í höfuðveggnum, sem stöðvaði okkur um árið og athuga hvort hann sé fær. Reyndar vill Jón

reyna aðra leið upp höfuðvegg Skarðatinds, en ég hef trú á þessari leið og vil frekar reyna hana, en leita svo annað, ef það er ekki hægt.

Til allrar lukku höfum við okkur aldrei í að ganga inn eftir jöklinum, því þá hefðum við hvort eð er, hætt við. Ísfossinn var svo hátt uppi, að ekki varð greint hvort hann væri fær eður ei.

Næsta morgun gengur allt vel. Við skríðum úr pokum í birtingu, klæðumst og erum reiðubúnir til farar, áður en fyrsti vatnsskammturinn er soðinn.

Himinninn er grár og ómögulegt að geta sér til um hvort hann sé heiður eða þakinn háskýjum. Ég er að minnsta kosti alltaf í vafa, á fyrstu stund dagsins, hvort sé. Fyrst er himinninn grár, en þegar geislar sólar taka að roða hann, fer það að skýrast. Í dag er hann heiðskír og fjallahringurinn fagur. Það er ekkert fugurra en fjöll Öræfanna í fyrstu skímu heiðbjarts dags. Allt landslagið verður svo sterkt, djúpstætt og skarpt í tæru fjallaloftinu og ómótstæðileg fjöllin virðast aðeins vera í armslengdr fjarlægð.

Kaldur gustur feykir snjókófi í andlitið og vekur mig upp af dagdraumunum. Það er hrollkalt.

Við étum vel. Svo göngum við frá, lokum tjaldinu, spennum mannbrotta undir skóna, öxlum

bakpokana og leggjum af stað. Það er tímabært, klukkan er hálfssjö. Leiðin liggur í fyrstu upp undirhlíðarnar. Tjaldið er komið í hvarf við grettistökin og það eina sem raunverulega er framandi í landslaginu eruum við. Vonandi mun svo áfram vera.

Geislars sólar taka að baða efstu eggjar Skarðatinds, meðan við göngum hlíðarnar. Alveg maka-laust hvað þær teygja úr sér. Eftir klukkutíma göngu höldum við inn í Hvelfinguna. Ísrennan kemur smám saman í ljós. Hún virðist brött og íslítill. Mig minnti, að hún væri ekki svona brött. Við hvílumst innst í Hvelfingunni. Hér er þögnin yndisleg og maður þorir varla að tala, rétt eins og í helgídómi. En hvað er þögn annað en ómur frelsisins. Og frelsið, annars staðar í fjöllunum?

Hinum mikla fjallaanda færum við ofurlitla fórn í von um vel heppnaða fjallgöngu. Svo hefjum við undirbúning fyrir klifrið.

Ísinn er þunnur og stökkur. En við þekkjum leiðina vel og klifrið gengur að óskum. Í þriðju spönn hefst hliðrunin efst úr Hvelfingunni að snjósyllunni. Hún er einstök. Snjórinn er tiltölulega brattur og neðar hverfur hlíðin í tömið.

Snjósylan er líka brött. Hengiflugið þar er meira en efst í Hvelfingunni. Pó er hún ekki eins opin. Af

snjósyllunni komum við á stóru snjóbreiðuna, sem þekur miðhluta austurveggjarins. Áningu er frestað, enda við orðnir heitir og viljum sem fyrst komast að höfuðvegnum. Raunverulega liggur okkur þó ekki á. Við hófum klifrið fyrir aðeins einni og hálfri stundu.

Yfir snjóbreiðuna liggur leiðin undir daufu skini sólar, en bliku er tekið að bregða á loft. Það skelfir okkur þó ekki, klifrið gengur það vel.

Afram höldum við upp snjóbreiðuna, inn næsta gil, yfir hrygg og upp belti ísfossa og þá upp snjóbrekkuna að höfuðvegnum.

*Porstinn, á þessum slóðum hrjáði hann okkur um árið. Allur vöki var þá búinn og við átum mikinn snjó. Brjóstsykur í munni og bráðnandi snjör slökkti aðeins þorstann í nokkrar mínútur.*

En nú erum við óþyrstir og spenntir að sjá ísfossinn. Sleppum því að matast einu sinni enn og höldum af stað inn í gilið sem hann er í. Hann virðist fær. Við brosum, vitum að í þetta sinn mun hann ekki reynast ofjarl okkar.

Ég er afslappaður meðan við komum fyrir megintryggingu undir ísfossinu. Ég ætla að reykja meðan Jón leiðir hann.



... og upp belti ísfossa. Úr Austurvegg Skarðatinds 1984. Ljósm. Jón Geirsson.



„Ætlarðu ekki að leggja af stað!“ Jón virðist óþolinmóður.

„Hvað, ég hélt að þú vildir leiða hann!“

„Nei, ég hef ekki klifrað ís í allan vetur, Pað er annað en þú.“

„Pess þá heldur, jæja, en ég reiknaði bara með því að þú værir æstur í það.“

„Ég tek myndir!“

Gilið er opið í neðri endann. Par eyðist það út í ekkert og 7-800 metrum neðar er Skaftafellsjökull. Það er tekið að hlýna og væg gola bærist um gilið. Best að koma sér að verki, ég verð hvort eð er ekki rölegur, fyrr en við komumst upp.

Ísfossinn reynist vonum betri. Neðstu fimm metrarnir eru fljótlega yfirstaðnir, en brattinn eykst og þar verður klifrið erfiðara. Nokkrum metrum ofar verður klifrið flóknara og óþægilegra, í verri ís. Allt endar þó vel og skyndilega stend ég á brúninni. Pessi lykilhluti er yfirstiginn. Ég flýti mér að tryggja Jón upp, því ís hrynnur að ofan og við erum óvarðir gegn honum. Með hraði höldum við áfram upp gilið, sem er brattara en ég hafði ímyndað mér. Ís og snjór er þó betri og um 50 metrum ofar, hliðrum við til vinstri upp á hrygg undir efsta kletti Skarðatinds. Par opnast útsýn yfir umhverfið. Heillaðir yfir því stöldrum við aðeins

við, til að njóta þess. Við erum ekki búinir að átta okkur á að afar langþráðu markmiði er náð.

Korteri síðar stöndum við á tindinum. Við súpum á konjaksdreitli fyrir unnið verk, sem tók okkur 5 stundir, mun skemmri tíma, en við höfðum áætlad. Skyndilega höfum við eilífðina fyrir okkur, nægan tíma til að matast, njóta útsýnis og hafa gaman af lífinu og tilverunni. Svo er að koma sér niður.

Ég er sammála þeim sem segja að fjallgöngu sé ekki lokið, fyrr en maður er kominn niður. Pað eignum við eftir. Snjóflóð eru það, sem ég óttast mest. Nokkrum vikum áður fórst Alpaklúbbsfélagi í snjóflóði í vesturhlíðum Skarðatinds. Svo við höfum báðir beyg af því að fara þar niður, þótt við þekkjum leiðina vel. Tjald okkar er að austanverðu og til að komast að því aftur, veljum við leið sem ÍSALP-félagar fóru árið 1982 á Skarðatind og liggur með jaðri Skaftafellsjökuls. Kom þar enn í ljós, að austurveggurinn er alvarleg leið, einnig með tilliti til niðurferðar. Verða aðstæður til að komast af fjallinu einnig að vera góðar og ýtrasta öryggis gætt.

Við göngum því norður af og höldum svo niður brattar hlíðar með vandasömu leiðarvali, við erfiðar aðstæður. Og þó veður sé afskaplega gott og Jón eigi að heita kunnugur niðurleið þessari, reynist hún víða villugjörn og torfarin.

Við erum þeiri stundu fegnastir, er við náum niður á jökulinn undir Skarðatindi. Við fylgjum jaðri hans og stefnum á urðarrannann við fjallsræturnar, á fast land. Rétt áður en við náum þangað, brotnar undan mér og ég sit skyndilega á sprungubarmi. Ekkert alvarlegt þó, því við erum í línu. Ísfossinn okkar greinum við löngu síðar. Hann sést varla.

Við göngum í jaðri jöklusins alla leiðina niður, läng er su leið. Af og til lítum við til baka. Skarðatindur gnæfir enn, nú upp í gráan himin. Hann hefur ekki misst tignarleika sinn.

Það er seint sama kvöld, er við komum aftur í Skaftafell. Par hittum við vini okkar. Pau eru fegin að heyra um velgengnina. „Fínt,“ segja þau, „þá þurfum við ekki lengur að hlusta á þusið í ykkur.“ Næstu daga er dimmviðri. Grimmdarbyljir æða niður jöklar öræfanna. „Ófært til fjallgangna“ segja sumir. Í mínum huga hefur hinn mikli fjallaandi vaknað við vondan draum og hreytir öskubyljum sínum í þá sem vanvirða hans óspjallaða vígi.

*Skarðatindur 1385 m í Skaftafellsfjöllum*

**Austurveggur:** TD+

**Fyrst farin:** 1988, Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson.

# LÁTUM LANDÍÐ Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum  
eða flöskubrotum á víðavangi.



# Siðareglur í ísklifri

## eftir Pál Sveinsson

Nú undanfarið hefur verið mikil umræða um hvernig klifra skuli leiðir; hvað má, hvað má ekki og hvernig gera skuli hlutina. Umræðan hefur verið fyrst og fremst um klettaklifur. Mér hefur fundist að ísklifrið hafi verið skilið svolítið útundan í þeim umræðum. Því ætla ég að reyna að koma fram mínum skoðunum og vona að það verði til að fára okkur nær réttu og eðlilegu ísklifri.

Pær klifuraðferðir sem ég nefni eru hugsaðar fyrir IV gráðu eða erfiðara klifur.

Réttast er að nota engin önnur hjálpartæki en axir og brodda. Pegar þarf að koma inn skrifu og nota við það báðar hendur, er axarfetlinum brugðið í olnbogabótina. Allt annað er svindl. Hugsið ykkur klettaklifrara sem bindur sig í hverja tryggingu til hvíldar og hvað þá ef hann hvílir milli tryggings með einhverskonar útbúnaði!

Helstu aðferðir sem notaðar eru til hvíldar, eru (til að svindla):

- Olnboga brugðið í axarfetil. Höfð er ein löng lykkja til að stíga í, sem brugðið er um axirnar meðan koma þarf inn skrifu. (Einnig mjög hentugt ef komast þarf upp fyrir þök).
- Fífi-krókur eða karabína er höfð í beltinu og krækta í axirnar þegar koma á tryggingu fyrir. (Mjög hættulegt, því allur þunginn hvílir á annari öxinni).
- Ólar hafðar úr báðum öxum í belti. Strekkingaráðferð svipuð og á tjaldstögum til að jafna út átak-ið.
- Auka íshamar hafður í belti til að koma inn tryggingu. Til eru fleiri útfærslur á þessari aðferð, t.d. keðjur og föst sling.

Pað hefur vafist fyrir mörgum hvernig gráða skuli ísklifur og ætla ég að minnast hér aðeins á hvernig ég tel að gráðurnar séu í ísfossaklifri við íslenskar aðstæður.

Ísfossaklifur er eingöngu gráðað í heilum tölum I - VI, en stundum fær leiðin tvær gráður t.d. I/II, en í mæltu máli er þeim oft gefið plús eða mínus.

I. Telst ekki ísfossaklifur. Snjóklifur í giljum og skorningum.

II. Mjög léttir ísbunkar í litlum halla, en þó af sæmilegri lengd til að geta talist leið.

III. Sama og II. en nú eru komin höft með þó nokkrum erfiðleikum, sem krefst tábroddaklifurs og nokkurra átaka (t.d. 55°N).

IV. Leiðin orðin 20 til 30 metra, eða lengri, III. gráða og lágmark, þar af samfelldir 5 metrar í lóðréttum ís (t.d. miðkertið í Tríói).

V. Eitthvað af tveimur eftirtöldum atriðum: Leiðin orðin 100 metrar eða lengri, í verulegum erfiðleikum; slæmur ís, þök eða ísinn endar og við taka klettar eða aðrir erfiðleikar (t.d. Orion).

VI. Leiðin er t.d. orðin mjög löng og svo til enginn ís. Mestmeginis klifrað í klettum á öxum og broddum. En einnig ef ísfoss er nógur langur (jafnvel 2 til 3 dagleidir), nógur brattur og ísinn nógur slæmur fær hann þessa gráðu (enginn ennþá á Íslandi).

Aðstæður í ísfossum eru mjög breytilegar, því verður að varast að taka gráðurnar of hátíðlega. Gráðurnar eru miðaðar við algengustu og eðlilegustu aðstæður.


– Snúið og aðlagdað að íslenskum aðstæðum.

### Heimildir

*Scotlands winter mountains.* Höf.: Martin Moran.  
*Modern snow and ice techniques.* Höf.: Bill March.  
*Snow and ice climbing.* Höf.: John Barry.  
*Climbing.* Höf.: Fawcett, Lowe, Nunn Rouse.



Ísklifur af 5. gráðu. Ljósm. Páll Sveinsson.



Klifur í þunnum ís. Ljósm. Páll Sveinsson.

## KOFLACH FJALLGÖNGUSKÓR



VIVA SOFT



VALLUGA  
Combi-skór

# VESTURRÖST

## ROSSIGNOL SKÍÐI FYRIR ALLA



BAKPOKAR  
OG FATNAÐUR  
Í ÚRVALI

Póstsendum

Laugavegi 178, sími 16770-84455

# Sportklettaklifur

*eftir Snævarr Guðmundsson*

Lesendur ÍSALP-ársritsins hafa trúlega veitt því athygli að í greinum blaðsins og fréttapistli hafa gráður fylgt í umfjöllunum klifurleiða. Einnig hafa í nýlegri ritum sést orð eins og *rauðpunktur* eða *fyrirvaralaust*, sem hljóta að vera framandi í hugum manna. Orðtök þessi, sem og gráður eru mikil notuð í því afsprengi fjallamennskunnar sem kallað er sportklettaklifur (stytt, sportklifur) og er víðast hvar að vaxa að vinseldum. Sportklifur er án efa aðgengilegasta form fjallamennskunnar, enda ekki nauðsynlegt að halda til fjalla til að stunda það. Hamra og berg má víðar finna, á láglendi eða við sjávarmál. Vegna þess, hversu auðvelt er að nálgast markmiðið, hefur ásókn í íþróttina erlendis aukist gifurlega. Í sportklifur þarf ekki há fjöll eða mikinn útbúnað, heldur eru klettar, stundum að eins nokkrir metrar á hæð, tilvalið viðfangsefni í sjálfu sér.

Í þessari grein er ætlunin að skýra svolítið gang klifursins og þá helst síðfræðina og gráðurnar, en mest ber á því að menn átti sig ekki á tilgangi þeirra.

Fyrir rúnum áratug hefði fáa fjallamenn rennt í grun, út á hvaða braut klettaklifur myndi þróast. Liggur við, að segja megi að nútímaklettaklifur eigi lítið eftir sameiginlegt með fjallamennsku almennt, nema þá grunnhugmyndir síðfræðinnar. Sportklifrið er í raun á hraðri leið með að verða „fjarskyldasti ættindi“ fjallamennskunnar. Harðir sportklifrarar koma heldur ekki

nálægt fjöllum. Spái ég því að eftir tíu til fimmtán ár telji menn sig annað hvort sportklifrara eða fjallgöngumenn. Sumir af þekktustu sportklifurum nútímans, eins og t.d. Frakkarnir Patrick Edlinger og Jean Baptiste Tribout eru síðustu tengiliðir fjallamennsku og sportklifurs. Peir halda í hina rómantísku tilfinningu sem fjöllin gefa, en báðir stunduðu þeir fjallamennsku í Ölpunum fyrr á ferli sínum. En svo er það komandi kynslóð. Ég hafði stutt kynni af frönskum sportklifrara nýju kynslóðarinnar við Verdon gljúfrið í Frakklandi, sumarið 1987. Sá hrísti höfuðið er minnst var á Chamonix svæðið og sagði: „Það er í Ölpunum, það er allt annað.“

Er greinilegt að annað viðhorf mun ráða ferð komandi kynslóðar. Í harðri samkeppni sportklifursins verður sífellt minni nauðsyn fyrir návist fjallanna og því fer sem fer.

Nærri lætur að líkja sportklifru fremur við fimleika eða ballett, en fjallgöngur. Þar er framkvæmd hreyfinga, stærð halda og fjarlægð milli þeirra meginmálið í klifrinu, í stað eðli leiðar upp fjall, rökréts leiðarvals, tíma og annarra þátta er að fjallgöngum lúta. En með tilkomu sportklifursins hafa geysilegar framfarir orðið í klettaklifri sem aftur hafa haft mikil gildi í þágu fjallamennsku almennt. Nú eru klifrarar sterkari og betur á sig komnir líkamlega en ádur. Í Ölpunum eru t.d. langar klifurleiðir, sem ádur tók marga daga

að klifra, farnar á fáeinum tínum. Sýnir það augljóslega hversu mikil þróunin hefur orðið.

Grundvallarhugmyndin er þrátt fyrir allt sú sama þó á viðfangsefnunum sé tekið á mismuntandi hátt. Framfarirnar má rekja til þess að æ fleiri stunda nú íþróttina, samkeppnin verður harðari, m.a. vegna þess að fjármagn streymir nú hraðar inn í greinina, vegna aukins áhuga fjölmölda og framleiðenda. Það gefur mönnum færi á að hafa íþróttina að atvinnu. Allt þetta veldur því að erfiðari og erfiðari leiðir eru nú klifnar.

Sportklifur er íþrótt sem allir geta stundað og ég þori næstum að fullyrða að hún sé við hæfi allrar fjölskyldunnar. Klifurleiðirnar þurfa ekki að vera erfiðar til að hafa gaman af þeim. Erlendis, t.d. í Frakklandi hef ég marg oft séð ólíklegasta fólk vera að klifra í klettum. Þar minnist ég afa með barnabörn sín og tveggja gamalla kvenna sem saman klifruðu í ofanvað.

Á hinn bóginn er það takmark margra að klifra við efstu mörk eigin getu og brjótast í gegn um þá múra, sem þarf til að hækka sig um eina gráðu eða brot úr henni. Á það jafnt við um einstaklinginn sem er að bæta sig persónulega, sem og þá allra bestu, sem eru að víkka út mörk þess mögulega.


Hjá þeim er tíminn á milli „vertíða“ nýttur í fimleikasölu, á klifurveggjum og í öðrum æfingum, rétt eins og í öllum íþróttagreinum. Afraksturinn er

svo ofurmannlegar klifurleiðir sem hinn venjulegi fjallgöngumaður getur ekki einu sinni byrjað á. Erfiðstu leiðir heimsins eru áhrifamiklar á þann hátt að hreinlega er ómögulegt að trúa því að það sé hægt að klifra þær.

Leið Bretans, Andy Pollitt, Knocking on heavens door (E9 7a), er um 20 metra há, aðeins slútandi, en hand- og fótfestur eru holur eftir byssukúlur! Á stríðsárunum voru skotæfingar í nágrenninu. Leiðin er tryggð með einum fleyg, sem skorðaður er af án hamars, í 10 m hæð. Það þýðir, að sjálfsögðu, að klifrari má alls ekki falla úr leiðinni, ef hann hefur hugsað sér að staldra við á kránni á heimleidiðinni.

Leið Pjóðverjans, Wolfgang Gullich, Wall Street (XI-), byggist upp á stökkhreyfingum milli „einsfingra“ hola í berginu. Leiðin er tryggð með þanboltum svo að hún er ekki haettuleg. Aftur á móti er hún svo erfið að engum hefur tekist að endurtaka hana. Þó skal hafa hugfast að allt er þetta i líkingu við grundvallarregluna; fjallgöngumaðurinn tekst á við fjallið, en sportkliffrinn við klettinn. Áhaettunni er stjórnað af einstaklingnum. Og hvaða fjallamaður hefur ekki löngun til að takast á við hið ópekktu og auka getu sína.

En þrátt fyrir að viðfangsefnið sé af öðrum toga spunnið, er síðfræðin eftir sem áður mikilvæg í sportklifri. Eftirfarandi reglur segja til um með hvaða stíl leið er klifruð (sjá einnig leiðarvísí ÍSALP nr. 21 um Stardal og tímarits ÍSALP nr. 16). Fyrsta reglan byggist að sjálfsögðu á síðfræði klifurs, þ.e. að klifra með eigin getu og stíl. Lína og tryggingsar eru einungis öryggistæki til að fyrirbyggja alvarleg föll, ekki til stuðnings eða hjálpar. Klifurstíllinn er svo skilgreindur á eftirfarandi hátt:



Ljósm. Páll Sveinsson.

**FYRIRVARALAUST;** (enska: On-sight) er besti stíllinn, þá er leiðin leidd falllaust, án fyrirfram upplýsinga (t.d. um lykilhöld/hreyfingar) eða æfingar í ofanvað, jójói eða hanghundi.

**HVELLUR;** (e: Flash) er næstbesti stíllinn. Þá er leiðin leidd falllaust án æfingar í ofanvað eða öðru, en upplýsingar um leiðina að öðru leyti til staðar (t.d. hvar lykilhöld/hreyfingar séu).

**RAUÐPUNKTUR;** (þýska: Rotpunkt) er fyrir falllausa leiðslu á áður æfðri leið, t.d. í ofanvað, jójói eða hanghundi.

**BLEIKPUNKTUR;** er fyrir rauðpunktaða leiðslu en allar tryggingsar eru til staðar, tilbúnar með slingum og öðru tilheyrandi.

**RAUÐUR HRINGUR;** (þ: Rotkreis) er fyrir leiðslu með föllum eða jó-jói, en spönnin leidd í einni atrennu.

**RAUÐKROSS** (þ: Rotkreuz) um ofanvaðsleiðir. Ekki notað hér lendis.

Jójó, kallast þegar klifrari fer niður úr leiðslu til hvíldar og fer svo aftur upp, þá tryggður að ofan og reynir á nýjan leik.

Hanghundur er orðskrípi um það, þegar klifrari hvílir sig í tryggingum eða hangir í þeim til að skoða framhald leiðar.

Raunverulega eru áður taldar skilgreiningar ekki þarfar, fyrr en í erfiðari leiðir (ofar en 5.9/5.10, hér lendis) er komið, því að auðveldari leiðir eru alltaf leiddar með góðum stíl. Hér lendis hafa á allra síðustu árum verið klifnar erfiðar spannir, bæði í Stardal og Valshamri, sem fella verður inn í skilgreiningar þessar. Þannig er hægt að sjá út með hvaða stíl tiltekin leið var gerð. Erfiðstu klettaklifurleiðirnar eru sjaldnast leiddar með besta stílnum. Það gefur auga leið að klifrarinn þarf ekki að falla nema einu sinni til að eyðileggja möguleika sinn á að klifra leið fyrirvaralaust, eða í hvelli. Og leiðir þessar eru svo erfiðar að ekkert má útaf bregða. Þarf að læra hreyfingar og hreyfingamynstur utan að til að eiga von um að geta klifrað þær.

Hefðin fyrir gráðun leiða er orðin rótgrónin. Owen Glynne Jones (1867-1899), sem var einn af frumkvöldum klettaklifurs í Vatnahéruðum Englands getur þess árið 1897, „að gráðun gæti hjálpað mönnum að ákveða fyrir

## Gráðukerfi

England	UIIA Þýskaland	USA Yosemite	Frakk- land	Samanburður á sportklifurleiðum miðað við gráðukerfi.			Gráðulýsing
					Stardalur	Valshamar	
Easy	I-II	5.0-5.2	1-2	Brölt!			
Moderate	III	5.3	3	Auðvelt	Flagan	Skoran	<b>Gráða 1.</b> Auðvelt klifur þar sem hendur eru notaðar til stuðnings. Byrjendur ættu að vera bundnir í línu.
Difficult	III+	5.4	3+		Stikan	Stallarnir	<b>Gráða 2.</b> Litlir erfiðleikar, stórar handfestur og góðar syllur á milli, t.d. fyrir megintryggingar.
Very difficult	IV	5.5	4	Meðal	Leikvöllurinn	Nátígagnið	
Hard very diffic.	IV+	5.6	4+		Stúkan	Kverkin	
Severe	V	5.7	5		Upprisan	Falskar vonir	<b>Gráða 3.</b> (3+) Bratt klifur oft á tiðum, en þó á góðum höldum. Getur krafist nokkurra átaka.
Hard very severe	V+	5.8	5+	Erfitt	Lísa í Undralandi	Slabbið*	
E1 5a	VI	5.9	6a		Skráman	Skóreimar*	
E2 5b	VI+	5.10a	6a+		Klassísk 5.8	Sumardraumur*	<b>Gráða 4.</b> (4+) Erfitt klifur með minni höldum, jafnvel átakahreyfingum. Krefst meiri klifurtækni og reynslu. Reyndast oft strembnar.
5c	VII-	5.10b	6b	Alvar- legt	7 up	Haustkul*	
E3 5c	VII	5.10c/d	6b+		Einhymingur	Hruðurkarlar*	<b>Gráða 5.</b> (5-, 5+) Mjög erfitt klifur, þunn höld og erfiðar hreyfingar. Langar, samfelldar, erfiðar spannar eða styttri mjög erfið höft, þó í samfelldum spönnum.
E4 6a	VII+	5.11a/b	6c		P.S.	Supermax*	
6a	VIII-	5.11c	6c+			Gollum*	
E5 6b	VIII	5.11d	7a		Sónata (?)		<b>Gráða 6.</b> (6-, 6+) Einstaklega erfitt klifur á afar þunnum höldum, með teknilega erfiðum hreyfingum sem kalla á mikla reynslu og líkamspjálfun.
6c	VIII+	5.12a	7a+				
6a	IX-	5.12b	7b	Örvænt- ingar- fullt			<b>Gráða 7.</b> (7-, 7+) Örvæntingarfullar leiðir, að mestu halldlausar. Þörf á sérstakri þjálfun og reynslu í tiltekinni tegund bergs. Oftast slútandi.
E6 6b	IX	5.12c	7b+				
6c	IX+	5.12d	7c				
6b		5.13a	7c+				<b>Gráða 8.</b> (8-, 8+) Leiðir á gráðum upp úr þessu krefjast sprótaþjálfunar.
E7 6c	X-	5.13b	8a				
7a	X	5.13c	8a+				
6b		5.13d	8b				
E8 6c	XI-	5.14a/b	8b+				
7a		5.14c	8c				

sig, hvor mörk eigin getu liggja.“ Í þá daga var síðfræði klifurs ekki á háu stigi. Það þótti til dæmis ekki athugavert að stíga á öxl félagans, er komast þurfti yfir bratt þrep í bergeninu. En frumgráðunin fylgdi í kjölfarið; auðvelt, miðlungs, erfitt og alvarlegt. Og þegar tímar liðu skópu menn og þróuðu nákvæmari gráðukerfi, aðlöguðu þau og bættu eftir því hvar í heiminum þeir voru. Tilgangurinn var þó aðtíð sá sami, að afmarka erfiðleikana til nákvæmari greiningar á klifurspönnum eða leiðum, svo menn geti nokkurn veginn getið sér til um hvort leið sé þeim fær eður ei. En hvor eru mörkin milli gráða og hvað ákværðar þau? Eins og sjá má, á meðfylgjandi töflu, eru þau ákvörðuð sem stíghækkandi gráða með skýrum mun. Pannig er gráða 3 t.d. tilfinnanlega erfiðari

en gráða 2, en greinilega auðveldari en gráða 4. Gráðan sjálf er miðuð við auðveldasta hátt að yfirvinna vandamálið, sem þýðir aftur á móti að ýmsir þættir eins og útsjónarsemi, líkamleg geta og fleira geta auðveldað uppferðina. Gott dæmi er leiðin Snösín (eða Stutta 5.9, gráða 5.9) í Stardal sem hlutið hefur þann vafasama heiður að vera kölluð auðveldasta/erfiða 5.9 leiðin.

Neðri gráður í kvarðanum eru oftast auðmetnar, en eftir því sem leiðir verða erfiðari, koma oft upp vafaatriði sem útkljást ekki fyrr en eftir nokkrar uppferðir. Þá þarf að taka tillit til fjölda lykilhreyfinga, innsetningu trygginga og fleiri þátta. Á þann hátt má að nokkrar skilgreina leiðina með einföldu móti þannig að menn viti hvaða áhættu þeir taka.

Þegar farið er klifra leiðir, sem gráðaðar eru 6 (5.9) eða meira, þarf því oft að „vinna“ í þeim og læra þær utan að áður en lagt er í að klifra þær í samfelldum spretti. Og þar kemur ástæðan fyrir því hvers vegna stíllinn er einnig skilgreindur. Í raun má með vissum sannleiksvotti segja til dæmis, að 5.9 klifrari sé ekki 5.9 klifrari nema að hann geti leitt allar 5.9 leiðir sem um getur án falls eða hvíldar. Aftur á móti getur hann verið þess megnugur að leiða 5.10, jafnvel 5.11 með vinnu í leið, öðlast reynslu og jafnframta hækkað sín persónulegu mörk.

Ég vona að lesendum skilji nú aðeins betur út á hvað gráður og skilgreining stíls gengur. En númer eitt, annaðhvort kemstu það eða ekki! Lifið heil.

# Pabbi, mér er kalt

*eftir Björgvin Richardsson*

## INNGANGUR

Nútímamanninum er ekki eiginlegt að lifa utan steinsteypunrar í langan tíma og almenningur reiðir sig á orku eins og rafmagn og olíu til að halda á sér hita og til að komast á milli staða. Hætt er við að ef þessara orkugjafa nyt ekki við myndi illa fara. En hvernig var þetta áður fyrir? Ekki höfðu eskimóar rafmagn eða hitaveitu? Eða sæfarar sem ferðuðust á seglskútum milli heimsálfu fyrr á öldum? Nei, í gamla daga var oft ekki um neitt annað að ræða en að nota náttúrulega hitagjafann, líkamshítann, og reyna svo að halda honum á sínum stað, á einn eða annan hátt. Þessu er eins varið hjá útlífsfólk í dag nema að á þá bætist að þurfa að skipta um umhverfi og bera lífsnauðsynjar með sér, þó í stuttan tíma sé.

## HITASTJÓRNUN

Líkaminn framleiðir hita með vöðvavinnu og niðurbroti næringarefna. Hvert kíló líkamans framleiðir 1 Kcal á klst. í hvíld. Ef ekkert af þessum hita tapaðist til umhverfisins, myndi líkamshítinn hækka um 1°C á klst. Þar sem maðurinn þróaðist í hitabeltinu og er hitabeltislífvera að upplagi, er hæfileiki hans til að tapa hita mun betur þróaður heldur en hæfileikinn til að verjast hitatapi. Því á nakinn maður auðvelt með að viðhalda réttum líkamshita við 28-34°C lofti. En þegar umhverfið kólnar þarf að gera eitthvað til að ekki fari illa. Stjórnun líkamshita má skipta í two flokka. Lífeðlisfræðileg viðbrögð sem eru óviljastýrð og notkun mannsins á því líffærri sem skilur hann frá öðrum lífver-

um, heilanum, og þeim hæfileika að geta tekið rökréttar ákvárdanir og breytt með þeim umhverfis- aðstæðum og áhrifum umhverfis á líkamann.

*Ofkæling er samheiti yfir það hrún sem verður á lífeðlisfræðilegri og andlegri starfsemi líkamans við það að líkamshítinn laekkar niður fyrir eðlilegt hitastig.*

## LÍFEÐLISFRÆÐILEG VIÐ- BRÖGÐ VIÐ KULDA

Hiti tapast aðallega úr líkamanum í gegnum húð til umhverfis (90-95%). Þetta er eðlilegt þar sem húðin er sá hluti líkamans sem er í mestri snertingu við umhverfið. En því má ekki gleyma að það er blóðið sem flytur hitann frá vefjum og líffærum til húðar enda eru fyrstu viðbrögð líkamans við kælingu að draga úr blóðstreymi til húðar og minnka þannig hitatap. Um leið myndast lag sem einangrar líkamann. Síðan kemur skjálftinn til sögunnar. Hann er ósjálfráður samdráttur beinagrindarvöðva og getur aukið hitaframleiðslu líkamans fimmfalt og vegið þannig á móti hitatapi. Helsti kostur skjálftans er þó sá að þannig lætur líkaminn vita að hætta sé á ofkælingu, sé ekkert að gert. En skjálftinn hefur sínar neikvædu hliðar. Betra væri að nýta þá orku sem fer í skjálftann í það að koma sér á áfangastað í betra skjól. Skjálfti getur líka klárað orkubirgðir líkamans á undraskjótan hátt og þá er ekkert eftir til að bjarga sér á.

Áfengi, súrefnisleysi og ofreynsla hindra skjálftaviðbrögð líkamans og koma þannig í veg fyrir þessa eðlilegu leið líkamans til að vinna gegn hitatapi.

Líkamsstærð hefur áhrif á hita-

tap á þann hátt, að hlutfall á milli flatarmáls húðar og rúmmáls líkama minnkar með aukinni stærð. Pannig tapa börn og smávaxið fólk, hita hraðar en þeir sem stærri eru. Á sama hátt tapa útlimir hita hraðar en bolurinn. inn.

## VILJASTÝRD VIÐBRÖGÐ VIÐ UMHVERFISAÐSTÆÐUM

Ef ekki varir fyrir þann hæfileika mannsins að geta tekið rökréttar ákvárdanir værum við sennilega ennþá að sveifla okkur í trjánum með hinum öpunum í hitabeltinu. En sköpunargáfan gerir okkur kleift að lifa á kaldari slóðum með því að nota ýmsar aðferðir til að halda á okkur hita.

Forvitni mannsins hefur leitt hann á ýmsar háskaslóðir t.a.m. til Íslands og þar væri honum óvært ef ekki væri fyrir tækninýungar eins og fatnað og skó.

Já, hvað er það fyrsta sem við gerum ef okkur verður kalt? Hækkum á Danfossinum. En það er ekki alltaf hægt. Nemar í húð skynja hitastig hennar og senda boð um það til heila. Hann vinnur úr þessum upplýsingum og ákveður hvað gera skuli. Farðu í peysu. Og svo framvegis.

En það er ekki nóg að hafa réttu græjurnar!

Hæfileikinn til að lifa af er nefnilæga:

10% Útbúnaður

10% Hæfileikar

80% Viljinn til að lifa

Gamalt spakmæli segir að trúin flytji fjöll. Að sama skapi er viljinn oft allt sem þarf. Án hans værum við „viljalaust rekald á hafsjó vonleysis.“ Til eru margar

sögur af því hvernig viljinn hefur haldið mönnum við efnið og í raun haldið í þeim lífinu.

Hér er ein:

Douglas Mawson var ásamt þrem félögum sínum í rannsóknarferð á Suðurheimskautinu árið 1908. Þeir ferðuðust á hundasleðum og eftir 500 km ferð fórust tveir menn og allir hundarnir, eftir að þeir félú í gegnum sprungu í ísnum. Mawson og félagi hans lögðu af stað til baka að aðalbúðunum, en félaginn dó fljótlega. Mawson var fjóra mánuði á leiðinni til baka og hafði mjög lítinn útbúnað til hjálpar. Hann varð hins vegar of seinn til aðalbúðanna því skipið var farið nokkrum klukkustundum áður en hann kom. Hann varð því að bíða einn í nær ár áður en næsta skip kom en hafði þó skjól og nægan mat meðan hann beið.

Til að vera fær um að bregðast rétt við öllum hættum, þarf því að halda hinni stóísku ró og vera ákveðinn í því að ætla að „redda þessu“. Taka síðan réttar ákvarðanir og framkvæma þær.

## AUÐVELT, EKKI SATT?

### HITATAP

Besta aðferðin til að varast hverja hættu er að þekkja óvininn. Það hefur oft verið fullyrt í ræðu og riti að helsti óvinur ferðamannsins sé kului, vindur og bleyta en þessir þættir geta hver fyrir sig valdið því að líkaminn kólni og ef þeir fara saman, magna þeir hvern annan upp. Rannsóknir á dauðsföllum vegna ofkælingar hafa leitt í ljós, að flestir deyja ekki í miklum kuldum, heldur við lofthita -1 til +10°C. Gott dæmi um þetta er „The Four Inns Walk,“ sem er 73 km langt kapphlaup haldið í Englandi. Árið 1964 dóu 3 keppendur úr ofkælingu, en keppnin var haldin í roki og rigningu við lofthita 0-7°C.

En hvers vegna dóu þessir keppendur?

Átök, eins og þau að taka þátt í svona kappgöngu, auka að sjálf-sögdum orkupörflíkamans. Ætla má að orkupörflíkamans, en klæðnaður keppenda var þannig að þeir áttu aldrei möguleika á að halda á sér hita við þessar aðstæður, enda gáfust yfir 90% þeirra upp á leiðinni. Þegar þeir sem dóu, hnigu niður vegna ofreynslu, hafði líkaminn engar varabirgðir lengur til að grípa til og því fór sem fór. Það er því ekki alveg úr lausu lofti gripið að setjast að fyrr en seinna.

## AÐFERÐIR TIL AÐ OFKÆLAST Á GÖNGU

1. Vertu í lélegri þjálfun.
2. Notaðu eingöngu bómullarföt.
3. Blotnaðu.
4. Ofreyndu þig.
5. Ekki borda eða drekka á gönguferð.

En hvernig tapast hiti? Segja má að líkaminn tapi hita til umhverfis á fjóra vegu, með leiðni, streymi, uppgufun og geislun.

### 1. Leiðni

Máltækið, tvívar verður sá feginn sem á steinin sest“ er vel þekkt. En oftar en ekki, er það ekki vegna þess að steinninn er harður sem sá sem situr stendur upp, heldur vegna þess að hann er kaldur. Við snertingu við kaldan hlut tapast hiti vegna leiðni. Hin ýmsu efni leiða varma misvel frá líkamanum, þannig flytur vatn varma 240 sinnum betur en loft og málmar eru mjög góðir hitaleiðarar eins og allir þekkja sem hafa fest varir eða tungu við frosna járnavöru.

Úrræði: Vera vel einangraður frá umhverfinu.

### 2. Streymi

Þegar við blásum á teið í tebollanum til að kæla það, tapar teið varma vegna streymi. Heitir vökvinn hitar loftið fyrir ofan sig með leiðni, en þegar því er feykt á burt, tapast sá hiti og hita þarf upp nýtt loft. Það sama skeður með líkamshitann þegar vindur nær að blása burt heita loftinu sem er næst líkamanum.

Úrræði: Nota vindheldan klæðnað og passa að hvergi sé opíð á milli laga.

### 3. Uppgufun

Þegar okkur verður of heitt er það eðlileg aðferð líkamans til kælingar að svitna og láta uppgufunina taka varma frá líkamanum. Uppgufun vatns úr blautum fötum getur orsakað mikið hitatap sérstaklega í vindi. Að auki missa flest efni eitthvað af einangrunarhæfileikum sínum og meiri hiti tapast þá með leiðni en ella.

En öndun hefur líka áhrif á hitatap. Kalt loft er mjög þurr og til að varna því að það valdi skemmdum á frumum í lungum, þarf að metta það raka í öndunarveginum á leiðinni niður. Það er gert með því að vatn gufar upp í nefi, barka og berkjum, en til uppgufunarinnar þarf varma. Á háum fjöllum (í þunnu lofti) þarf líkaminn 3-4 lítra í þessa uppgufun og 1500-2000 Kcal að auki. Petta eykur hættuna á vökvatapi sem aftur eykur hættuna á ofkælingu.

Úrræði: Haltu vökvunan innan í pér en ekki utan á pér.

### 4. Geislun

Sumir nætursjónaukar vinna á innrauða svíðinu en það er það form geislunar sem hiti flyst á. Hiti frá sólu og opnum eldi flyst einnig á þessu svíði. Mesta hættan á hitatapi, af völdum geislunar, er um höfuðið vegna þess að blóðstreymi þangað er haldið

stöðugu í lengstu lög. Ef lofthiti er 5°C getur 50% af hitaframleiðslu líkamans tapast um höfuðið en allt að 75% við -15°C.

Gamla húsráðið settu húfu á höfuðið ef þér er kalt á tánum“ á því ennþá vel við.

## ÞEKKTU ÓVININN

Besta ráðið til að forðast ofkælingu er að vita í hverju hættunrar eru fólgunar og vera fær um að bregðast við þeim í tíma.

Hér eru nokkur heilræði:

### 1. Varastu ofreylsru.

Við venjulegar aðstæður kemur það ekki að sök að reyna mikil á sig í stuttan tíma, líkaminnnar að endurhlaða sig fljótt aftur ef hann fær hvíld. Á fjöllum eru oft ekki neinar aðstæður til þeirrar hvíldar sem er nauðsynleg og ofreynsla getur valdið því að líkaminn hefur ekki handbæra næga orku til að viðhalda réttum líkamshita.

### 2. Varastu hita og orkutap.

Pá er nauðsynlegt að nota fatnadráttur úr réttum efnum (hátt einangrunargildi) og forðast að blotna hvort sem er af úrkому eða svita, því það eykur kælingu bæði vegna leiðni og uppgufunar. Einnig þarf að klæðast vindheldu til að forðast hitatap vegna streymlofts.

### 3. Hitaðu þá upp sem eru farnir að skjálfa.

Ef einhver er kominn með óstjórnlegan skjálfta sem er fyrsta stig ofkælingar, er nauðsynlegt að stoppa strax og hita hann upp. Það er gert með því að koma honum í skjól, fjarlægja blaut föt og gefa honum að drekka. Ekki má halda áfram fyrir en viðkomandi hefur fulla stjórn á eiginn líkama. Athuga skal þó, að ekki er ráðlegt að hita upp á staðnum þá sem eru komnir niður fyrir 32°C þar sem það getur valdið hjartsláttartruflunum sem erfitt getur verið að ráða við nema á sjúkrahúsi.

## Tafla I

### EINKENNI SEM MÁ NOTA TIL GREININGAR Á OFKÆLINGU.

#### Eigin einkenni

Skjálfti, þreyta, hrasar, doði, loðið tal, áttavilltur, kæruleysi.

#### Á félögum

Aðgerðir óskipulegar, dregst aftar úr, hrasar, gleymir, loðið tal, ofskynjanir, sjáaldur minnkar, fjarhuga, kæruleysi.

## Tafla II

### 6 STIG OFKÆLINGAR.

#### Stig      Hiti°C      Einkenni

1. stig	37-35	Skjálfti - Hæfileiki til framkvæmda minnkar - Hjartsláttartíðni hækkar - Aukin þvaglát.
2. stig	35 - 32	Skjálfti minnkar - Erfitt að tala.
3. stig	32 - 29	Skjálfti hverfur - Vöðvar stífna og vöðvasamdráttur minnkar - Hugsun verður óskýr - Tal og sjón óskýrt - Hæfileiki til ákvarðanatöku minnkar.
4. stig	29 - 27	Hjartsláttar- og öndunartíðni minnkar - Órókrétt hugsun - Missir tengsl við umhverfið.
5. stig	27 - 25	Meðvitundarleysi - Bregst ekki við áreyti - Óregluleg hjartsláttartíðni.
6. stig	25	Hjartsláttar- og öndunarstjórnstöðvar detta út - Lungnabjúgur - Dauði.

Algengasta ástæðan fyrir dauða við líkamshita neðan við 30°C er hjartastopp.

#### VÖKVATAP

Vökvatap og ofreynsla eru tveir af þeim þáttum sem gera illt verra þegar um ofkælingu er að ræða. Að auki er vökvatap eitt algengasta vandamál útilífsmannsins.

Staðreynir: 3% vökvatap hefur áhrif á líkamsstarfsemi.

15% vökvatap er lífshættulegt.

Á þessu sést að vökvatap getur verið stórhættulegt, en einkennin eru oft þau sömu og ef um ofkælingu væri að ræða, þannig eru fyrstu viðbrögð líkamans mikil þreyta og óskýr hugsun. Jafnvægi elektróliða í líkamanum getur raskast við mikið vökvatap en það leiðir til fjölmargra og flókinna lífeðlisfræðilegra breytinga.

Vökvatap:

1. **5% vökvatap.** Höfuðverkur. Slappleiki. Einbeiting minnkar. Hæfileiki til ákvarðanatöku minnkar.

2. **5-10% vökvatap.** Loðið tal. Afskiptaleysi eða árasargirni. Sjón minnkar (fókus). Blóðvökvi minnkar.

3. **10-15% vökvatap.** Mjög veikir og slappir. Varla rólfærir. Lost-hætta.

Viðbrögð við vökvatapi:

1. Koma á jafnvægi í líkamanum (öndun - blóðrás).
2. Passa líkamshitann (hann getur hækkað óeðlilega).
3. Gefa vatn, ekki of mikið í einu heldur í smá skömmum.

Vökvatap á 24 klst gönguferð:

Pvag 1 - 21.

Öndun 2 - 41.

Melting 1 - 21.

Sviti 2 - 41.

þ.e. 6 - 12 lítra vökvatap á sólarhringsgöngu.

Prjú ráð til að minnka hættuna á vökvatapi:

1. Drekka
2. Drekka meira
3. Drekka helling í viðbót

Drekka fyrir, meðan og á eftir og líka þó þú sért ekki þyrstur.

# Fréttapistill



## Umsjón: Björn Vilhjálmsson og Snævarr Guðmundsson

Fréttapistill ársins greinir frá því sem gerst hefur frá sumri 1988 til hausts 1989.

Má kalla þetta tímabil svartasta ár í sögu íslenskrar fjallamennsku, en öllum er enn í fersku minni sviplegt fráfall þeirra Kristins Rúnarssonar og Porsteins Guðjónssonar, í október '88. Peir voru báðir í ritnefnd Ísalp og áttu mikinn þátt í því að gera ársritið eins myndarlegt og raunin er.

Fleiri slys settu svip sinn á þetta tímabil, eins og sjá má í fréttapistli og í félagsstarfi.

Veðrið setti stórt strik í reikninginn á síðasta ári, en góðviðris-dagar voru sjaldgæfir. Nokkrar erfiðar klifurleiðir, sérstaklega ísklifurleiðir, voru gerðar á tímbilinu. Einstaklega snjóþungur veturna olli því að erfiðar ísleiðir reyndust næsta auðveldar, t.d. varð 4. gráðu íshaftið í 55°N að eins 2. gráða síðla vetrar!

Af erlendum atburðum má nefna velheppnaðar göngur á hótind Denali í Alaska og á tind Elbrus í Sovétríkjunum. Einnig fóru ýmsir í góðar ferðir í Alpana og til annarra svæða í Evrópu.

Fréttaritarar hafa aðeins breytt útlið fréttapistilsins frá því í fyrra á þann hátt, að fyrist eru sagðar fréttir af fjallamennsku og ísklifri, en síðan af klettaklifri. Vonandi er það til hagræðingar fyrir lesendur.

### FJALLAMENNSKA

#### HIMALAYA Pumo Ri, Nepal

Pann 24. október 1988 bárust þau hörmulegu tíðindi að tveir af fremstu fjallgöngumönnum og kliffrum landsins, Kristinn Rúnarsson og Porsteinn Guðjónsson,

hefðu týnst á SV-vegg Pumo Ri (7.125 m) og að þeir væru taldir af.

Ásamt þeim Jóni Geirssyni og Steven Aisthorpe, höfðu þeir verið við fjallið síðan í lok september, til að reyna nýja leið á SV-vegnum, sem er 2.000 m íshlíð.

Peir settu upp búðir I í 5.800 m hæð við rætur hlíðarinnar, en þangað lá leiðin frá adalbúðum (5.300 m) yfir torfæra jökultungu. Næstu dagana unnu þeir Kristinn og Porsteinn ásamt Steve, við að leggja fasta línu fyrstu 300 m upp hlíðina. Á sama tíma átti Jón við öndunarerfið-leika að stríða vegna rifbeinsbrots, sem varð að lokum til þess að hann yfirlaf leiðangurinn og hélt heimleiðis.

Skömmu síðar, þann 18. okt., lögðu þeir Kristinn og Porsteinn til atlögu við tindinn, en Steve var of þjáður af magakveisu til að geta farið með þeim. Þá voru þeir tveir við bestu heilsu og í góðu formi.

Steve, ásamt nepölskum fylgdarmönnum þeirra, fylgdist með uppgöngu þeirra úr aðalbúðum og gat þess sérstaklega (síðar) að klifrið hefði gengið afar vel. En í rúmlega 6.500 m hæð hurfu þeir úr augsýn, bak við íshamra, og sáust ekki eftir það.

Steve hóf fljóttlega eftirgreinslan, en eftir þrjá daga ákváð hann að fara til byggða og leita aðstoðar. Áframhaldandi leit á landi og úr lofti bar engan árangur, en þá var talið að þeir hefðu farist á uppleiðinni, þann 18. okt.

Síðar kom í ljós að fyrirliði ástralsks leiðangurs, sem kleif fjallið nokkrum dögum áður, sá til þeirra um miðjan dag þann 19. okt. þar sem þeir áttu um 20 mí-

útna göngu eftir, til að ná tindinum. Var hann sannfærður um að þeir hefðu náð honum þaðan sem þeir voru, því aðeins var auðveld snjóbrekka eftir. Maður þessi var vel dómbær um stöðuna, því hann var einn þeirra úr ástralska leiðangrinum, sem fóru á toppinn nokkrum dögum áður. Er því talid að þeir Kristinn og Porsteinn, hafi klifið Pumo Ri, eftir nýrrí leið. Hvað síðan hefur gerst veit enginn.

#### TANSANÍA Kilimanjaro

Um mánaðamótin júlí/ágúst 1989 gekk Sigríður Kristín Svær-isdóttir úr Keflavík á **Kilimanjaro** (5.895 m). Komst hún á hæsta tindinn, Kipo, ásamt erlendum ferðafélögum. Sigríður var þá á heimleið eftir ársdvöl við sjálfbodastörf í Eþíópiú.

#### SOVÉTRÍKIN Elbrus

Í sumar ('89) fóru þeir Jón Viðar Sigurðsson og Karl Ingólfsson til Sovétríkjanna og gengu þar á hæsta fjall Evrópu, **Elbrus** (5.652 m) í Kákasus-fjallgarðinum.

Fóru þeir fyrst upp í skála í 4.100 m hæð og þaðan í einum áfanga upp á vestari og hæri tindinn. Gerðu þeir félagar nokkrar atrennur, áður en þeim tókst að klífa tindinn í fjórðu tilraun. Veðrabrigði eru mjög ör á þessum slóðum og urðu þeir, í eitt skiptið, að snúa við í 5.300 m hæð. Peir gerðu einnig atlögu að **Ušba** (4.695), en urðu frá að hverfa. Karl komst þó upp á Ušba-sléttuna í 4.100 m hæð. Svæðið er mjög spennandi og er þar margt hægt að gera, þó er lítil ásókn þangað af Vesturlandabúum.

## N-AMERÍKA – ALASKA

### Denali (McKinley)

Dagana 26. apríl til 19. maí fóru þeir Kristján Maack, Einar K. Stefánsson, Björgvin Richardsson og Vilhelm Gunnarsson í leiðangur á fjallið **Denali** (6.194 m) í Alaska. Leiðin sem þeir fóru heitir *West Rib*. Einar og Kristján náðu tindinum þann 15. maí, en Björgvin og Vilhelm þurftu að snúa við úr efstu búðum í 5.300 m hæð, vegna kulta og fjallaveiki. Sú nýbreytni var í þessum leiðangri að hann var kvíkmyndaður og var myndin sýnd á Stöð 2 26. nóvember '89.

Þeir Björn Ólafsson og Kristinn Einarsson lögðu einnig leið sína á Denali í vor ('89). Fóru þeir upp svokallaða *West Buttress-leið*. Þeir komust fyrst báðir í efstu búðir (5.200 m), en snéru við eftir óveður niður í búðir í 4.200 m hæð. Daginn eftir, þann 28. maí, var komið mjög gott veður og nýtti Björn tækifærð og komst á tindinn einn síns liðs. Kristni hafði ekki tekist að aðlagast mataraðinu og var örðinn of máttfarinn til að fara upp aftur. (Ferðasaga þeirra birtist í Lesbók Morgunblaðsins 9/9'89.)

Pessi leið er hin sama og Arnór Guðbjartsson fór fyrir tú árum, þegar hann komst fyrstur Íslendinga á hátind Denali 21. júní 1979.

### DÓLÓMÍTAR

Stefán Smárason kynnti sér kalksteinsfjöll Dólómítanna sumarið '88. Í samfloti með nokkrum Austurríkismönnum fór hann suðurvegg **Punta Fiames** (II-III. gráða). Síðan lá leiðin á **Tofana Di Rozes** (3.225 m) eftir leiðinni *Via Pompanin-Alvera* (V. gráða), en sú leið nær ekki upp á topp. Bætt var úr því daginn eftir og farið á tindinn upp suðurvegginn. Næst var lagt á hæsta fjall Dólómítanna, **Marmolada** (3.344 m), eftir leiðinni *Via Classica* (IV. gráða). Að lokum var farin *Mariakante* leiðin á **Pordoispitze** og er sú leið af IV. gráðu. (Sjá grein hér í blaðinu).



Elbrus í Kákasusfjöllum. Aftari tindurinn er sá hærri. Ljósmynd. Karl Ingólfsson.

### ALPAR

Kristján Maack og Einar K. Stefánsson voru í Chamonix í Frakklandi og Zermatt í Sviss, dagana 5.-17. júlí 1988, og klifu þeir fimm fjöll. Þeir byrjuðu á stuttri leið á **Mt. Blanc du Tacul** (4.248 m), síðan klifu þeir venjulegu leiðina á **Argentière** (3.902 m). Þriðja leiðin var löng og skemmtileg, upp **Aig. du Charbonnet** (3.824 m) að sunnanverðu. Fjórða leiðin var *Brenva Spur*, á **Mt. Blanc** (4.807 m), en þeir fóru ekki upp í gegnum Col Moore skarðið, heldur beint upp á hrygginn. Síðasta fjallið sem þeir reyndu við var svo **Matterhorn** (4.477 m) í Sviss. En vegna þess hve snémma þeir voru á ferð, voru mjög erfðar aðstæður á fjallinu, mikill snjór og grjóthrun. Þeir snéru við rétt ofan við Solye skálann (4.200 m).

Sennilega hafa ekki jafnmargir Íslendingar áður verið samankomnir í Chamonix og í ágúst 1988. Þá hittust þar hópar íslenskra fjallamanna er hugðust klifa á Mt Blanc-svæðinu.

Af Skaganum voru þar á ferð Kristinn Einarsson, Kristján Pórðarson og Óskar Guðjónsson. Fóru þeir á **Mt. Blanc du Tacul**, þaðan yfir á **Mt. Maudit** og loks á hátind **Mt. Blanc**. Ásamt þeim Eggerti Valmundarsyni og braðr-

unum Hjörleifi og Einari Torfa Finnssonum fóru þeir svo á **Risatönnina** eða **Dent du Géant** (4.013 m).

Eggert, Hjörleifur og Einar Torfi fóru einnig á **Mt. Blanc** og vegna snjóflóðahættu á öðrum leiðum fóru þeir *Gouter*-leiðina. Þá fóru þeir á **Aig. du L'M** ásamt Stefáni Smárasyni. Þeir skruppu einnig til **Finale Ligure** og klifu þar í klettunum.

Páll Sveinsson og Guðm. Helgi Christensen voru sérlega iðnir að klífa fjöll og kletta, en alls fóru þeir 8-9 leiðir á 4 vikum. Fyrst fóru þeir *Menegaux*-leiðina (TD) á **Aig. L'M**, þá *Rebuffat*-leiðina (TD) á **Aig. du Midi**, sem hefur áður fengið umfjöllun í ársritinu. Svo fóru þeir *Cordier*-leiðina (TD+) á **Grand Charmoz** og að lokum fóru þeir *Frendo Spur* (D) á **Aig. du Midi**.

Eftir þetta hittu þeir Snævarr G. og var hann með þeim næstu tvær vikurnar. Fóru þeir þrjár leiðir á þeim tíma, fyrst *Vaucher*-leiðina (TD) á **Aig. du Peigne**, þá SA-vegg **Grand Dru** (TD+). Palli og Snævarr reyndu svo að fara *Mesmaeker*-leiðina (ABO) á S-vegg **Aig. du Midi**, en það gekk ekki nógum vel. Sama dag fór Guðm. Helgi í athyglisverða fjallgöngu. Lagði hann af stað árla morguns upp í *Midi* stöðina með kláfnum, gekk síðan á **Mt.**

**Blanc du Tacul** (4.248 m), þaðan á **Mt. Maudit** (4.465 m) og loks á **Mt. Blanc** (4.807 m). Þaðan hélt hann niður *Grand Mulets*-leiðina af fjallinu og var kominn til Chamonix, á nýjan leik, um kl. fjögur síðdegis. Gott dagsverk það! Palli og Guðm. Helgi settu svo lokahnykkinn á ferðalagið, með því að fara *North Spur* (TD) á **Aig. du Plan**. En á niðurleiðinni lá við stórslysi, þegar þeir hröpuðu niður 150 m ísegg og ofan í sprungu. Til allrar lukku sluppu þeir með skrekkin, en þessi atburður kom í veg fyrir frekari fjallgöngur.

Í ágúst '88 voru Árni G. Reynisson, Haraldur Ólafsson, Sigursteinn Baldursson og Stefán Smárason á ferðalagi í Ölpunum. Fyrst voru þeir viku á námskeiði við International School of Mountaineering (ISM) í Leysin í Sviss. Þar var farið í klettaklifur í nágrenni bæjarins og farnar nokkrar leiðir. Í fjöllunum fóru þeir leið á N-vegg **Ober Gabelhorn** (TD-), leið á Mirrorwall (D) og á **Piz de Sianal**. Eftir námskeiðið var farið til Chamonix og þaðan á **Aig. du L'M**, á landamærafjallið **Mont Dolent** og á **Mont Blanc**. Auk þess klifruðu þeir félagar á heimaklettasvæðum Chamonix.

Leifur Ö. Svavarsson og Jón Geirsson dvöldu í Chamonix í september '89, höfðu þeir bæki-stöðvar í Enverse des Aiguilles-skálanum og klifu þaðan. Fóru þeir *Eperon*-leiðina á **Aig. des Ciseaux** (D, 400 m). Tvær leiðir fóru þeir hálfar en sigu svo niður, það voru *Le Marchand de Sable* (TD+, 300 m) á suðaustur hlíð **Tour Rouge** (2.899 m) og *Le Pige* (TD+, rúml. 200 m) á **Tour Verte** (2.760 m) eða Græna Turninum, klettaspíru við skálann. Reyndar byrjuðu þeir á annarri leið af ED gráðu, en snéru frá. Auk þess fóru þeir nokkrar einnar spannar kletta-klifurleiðir neðan við skálann. Þá leið þeirra til Parísar og fóru þeir nokkra hringi í **Fountain-bleu**.

## SKOTLAND

Í lok febrúar 1989 voru Einar K. Stefánsson, Kristján Maack og Páll Sveinsson á ferð í Skotlandi og þann 26. fóru þeir ísleiðina frægu, *Point Five* á **Ben Nevis**, hæsta fjalli Bretlandseyja. Leiðin er 5. gráða samkvæmt Skotum, en að íslensku mati telst hún aðeins vera af 4. gráðu.

## ÍSLAND FJALLAMENNSKA

### SUÐAUSTURLAND

#### Öræfajökull

Öræfin voru í ár, einsog endranaðar, vettvangur margra heimsókna og fjallgangna. En þótt þau séu mikil heimsótt á sumrin eru páskarnir þó sá tími, sem löngum hefur heillað alpaklúbbsmenn mest. Páskarnir '89 voru snemma og eins og venjulega voru nokkrir hópar fjallaþolks á tjaldstæðinu í Skaftafelli. Fyrir utan þessar klassísku leiðir sem þarna eru, og alltaf eru farnar reglulega, voru eftirfarandi leiðir nýjar eða sjaldfarnar endurteknigar á eldri leiðum.

Ný leið upp á sléttuna við **Hvannadalshnúk** varð til þegar félagarnir, Björgvin Richardsson, Einar K. Stefánsson, Kristján Maack og Vilhelm Gunnarsson, fóru Falljökulinn sunnan Rauðakambs á fjallaskíðum. Fóru þeir fyrst venjulegu leiðina inn Virkisjökul, upp falljökulinn og þaðan tengdist leiðin upprunalegu Virkisjökulsleiðinni við Efri Dyrhamar (1911 m).

Pessir sömu, en án Vilhelms, klifu einnig áður óklifinn ísfoss í **Svinafelli**, sem þeir töldu að væri af 4. gráðu. **Neðri Dyrhamar** (1.841 m) var klifinn öðru sinni þegar Kristján Maack og Björgvin Richardsson endurtóku (að öllum líkindum) leið Jóns Geirssonar og Snævarrars Guðmundssonar frá árinu '83. Haraldur Ólafsson og Sigursteinn Baldursson sáu skemmtilega línu upp austurhlíð **Hvannadalshnúks** (2119 m) en urðu að snúa við er

þeir áttu einungis 30-40 metra óklifna á toppinn. Leifur Ö. Svavarsson og Hjörleifur Finnsen fóru víða um páskana '89. Fyrst fóru þeir nýja snjó- og ísleið á suðausturhlíð **Antafjallstinds** (1.440 m), sem liggur upp miðjan vegginn. Hefst leiðin á 3.-4. gráðu ísfossi, liggur síðan upp greinilega snjólænu og áfram hana, framhjá ísfossi ofarlega í veggnum. Þaðan er farið til vinstri út á hrygg og eftir honum upp á topp. Leiðin er 400 m. og áætlaður klifurtími 3-6 klst., sem er ekki langur tími, miðað við að það tók þá 7 tíma að brjótast að fjallinu, í þungu færi og miklum snjó. **Kirkjan** (1747 m) var einnig heimsótt af þeim Leifi og Hjörleifi. Peir klifu upprunalegu leiðina frá árinu '79, og var það í þriðja sinn sem leiðin var farin. (Sjá nánar í leiðarvísinum hér að framan).

**Súla** (694 m) í Skaftafellsjökli fékk aðra heimsókn sína af félögunum Björgvini Richardssyni og Kristjáni Maack 25. ágúst '89, þegar þeir og Jón H. Steingrímsson gerðu tilraun við hástrýtuna. Gekk ekki betur nú en fyrir 3 árum að klífa þessa 80 m klettastrýtu, og urðu þeir frá að hverfa þegar 15 m voru eftir. Það er álfka langt og síðast.

HSSR tókst að koma tólf manns á tind **Pumals** í ágúst '89. Er það fjöldamet á einum degi á tindinn. Hjálparsveitin fór nýstárlega leið að Pumli, er þeir óku upp að Skeiðarárjökli og gengu fyrir útfall Skeiðarár og inn með Bæjarstaðaskógi. Samkvæmt heimildum er þessi gönguleið styttri en hin hefðbundna gönguleið yfir Skaftafellsheiði, auk þess sem menn losnuðu við að vaða Morsá. Til að koma mannskapnum upp á Pumal voru notaðar fastar línur og jumarar.

### SUÐVESTURLAND

#### Esja Vesturbrúnir

Lítíð hefur bæst við af nýjum leiðum þar, þó heyrist alltaf af einhverjum sem eru að endurta ka gómlu leiðirnar, en margar



Björn Ólafsson einfer Míganda (Graarfoss). Ljósm. Páll Sveinsson.



Guðmundur Helgi leggur leiðina „Um helgi“ í Búahömrum. Ljósm. Leifur Örn Svavarsson.

þeirra eru sígildar. Haraldur Ólafsson hefur verið iðinn og farið fjölda þeirra, meðal annars einför hann *Anabasis* (sólóaði). Auk þess fór hann ásamt Víði Péturssyni nýja leið, sem er hryggurinn vestan við *Miðgil* (nr. 3). Leiðin liggur einnig yfir nálina sem prýðir forsíðu ársritsins '85. Leiðin var farin í kulda og snjóþann 26. apríl, og voru erfiðustu hreyfingarnar af V. gráðu en heldin af IV. gr. Hlaut leiðin nafnið *Kona*.

**Búahamrar** er ekki stórt svæði og hefur verið rækilega kannað undanfarin ár, en samt leynist þar alltaf eitthvað ógert. Guðmundur Helgi Christensen fór þar nýja leið í ferð klúbbsins í janúar sl. Leiðin var nefnd „*Um helgi*“. Liggur hún upp kertið, sem aldrei frýs alveg. Reyndist kertið vera af 4. gráðu og rúmlega 20 m. *Pursabit* heitir ný ísleið sem Björn Vilhjálmsson og Snævarr Guðmundsson fóru 26. febrúar

'89. Er það skoran á milli *Vesturriðs* (sjá Fréttapistil '87) og *Miðriðs* (nr. 31) og fylgir leiðin skorunni í tvær spannir og upp á Miðrif. Petta er 3. gráðu leið með þróngum og skemmtilegum lykilkafla. Loks er að geta ónefndrar II gráðu ísleiðar, sem var einfarin (sólóuð) af Snævarri Guðmundssyni í nóvember '88. Hún er vestan við *Loka*, nr. 35 og er 60-70 m.

#### Kistufell - Mígandi

Nýlega hefur komið í ljós að Graarfoss heitir í raun og veru **Mígandi**. Verður þessi nafnaruglitingur að skrifast á þá Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson, sem kenndu fossinn við bæinn Nordur-Gröf. Tvennt er hægt að gera í stöðunni, annað er að halda áfram að kalla fossinn Graarfoss innan klúbbsins, hitt er að kalla upprunalegu leiðina Graarfoss en fossinn Míganda. Kjósi nú hver að vild.

Í Míganda voru ekki farnar

nýjar leiðir '88-'89, enda fossinn nánast útklifinn. Þó hlýtur það að teljast til tíðinda að þrír einfóru eða sólóuðu fossinn í vetur og voru aðstæður þá hinár bestu. Í janúar fór Guðmundur H. Christensen og var einn og helgina eftir fóru þeir Páll Sveinsson og Björn Ólafsson sömu leið. Þeir fóru sóló en í samflotri. Allir fóru þeir upprunalegu leiðina og töldu þeir hana léttari við þessi skilyrði en í venjulegu árferði, eða af 3. gráðu.

Nýbreytni í jólajöfum, verður að teljast gjöf þeirra, Kristjáns Maack og Einars K. Stefánssonar, til sjálfrá sín á aðfangadaginn '88. Þá fóru þeir „*Direktinn*“ í Míganda. Björn Baldursson og Árni G. Reynisson fóru 35 m löðréttan ísfoss í suðurhlíð Kistufells á Bjórdaginn 1. mars '89. Nánar til tekið er ísfossinn um 300 m fyrir ofan Míganda og er gráðaður 4+. Leiðin heitir *Kókóstréð* og tók 2 klst. að leiða hana.

## EILÍSDALUR

Tríó heitir ísfoss fyrir miðjum Eilísdal og er hann samsettur úr þremur, stórum ískertum. Miðkertið var klifið vorið '88 (sjá fréttapistil '88), en í vor ('89) klifu þeir Guðmundur H. Christensen og Páll Sveinsson nyrðra (hægra) kertið og er það af 4. gráðu. Syðra (vinstra) kertið kom í hlut þeirra Kristjáns Maack og Einars K. Stefánssonar og er það gráðað 4.-5. gráða. Báðar leiðirnar eru um það bil 60 m og sama gildir um miðkertið.

Guðmundur H. Christensen einför (sólóðaði) nýja ísleið austanmegin (vinstramegin) við Einfarann (nr. 58), er hún 4. gráða. Og er þá aðeins eftir að nefna nýja ís- og snjóleið, sem Guðmundur Helgi Christensen og Leifur Ö. Svavarsson fóru í **Skálatindi**, fylgir hún skálinni og er 4. gráða.

## TINDASTAÐAFJALL

Mosi heitir ný klettaleið sem Haraldur Ólafsson og Leifur Örn Svavarsson fóru 1. maí '89. Hún liggur upp hrygginn vinstra megin og meðfram leið nr. 70, í vestari trónunni eða pýramídanum og er IV. gráða.

## VESTURLAND

### HVALFJÖRÐUR

Í Hvalfirði er fátt um ný tíðindi, þó leit ein ný leið dagsins ljós í janúar '89 og er það 3. gráðu snjó- og ísleið farin af Árna Tryggvasoni og Snævarri Guðmundssyni. Hún er tvær spannir (60 m) upp snjógil með þremur íshöftum og hefur hlotið nafnið *Viðbit*. Fyrir ofan olíustöðina á Miðsandi er tveggja þreppa ísfoss sem var klifinn af þeim Leifi Erni Svavarssyni og Hjörleifi Finnssyni þann 12. mars '89. Fyrra þrepið er 15-20 m og það seinna er 10-15 m og á milli er snjóskafl. Leiðin er af 4. gráðu og heitir *Skreppur*.

**Brekkuþall** fékk á sig nýja, 50 m ísleið þegar Björn Baldursson og Stefán Smárason komu þar við 21. janúar '89. Leiðin byrjaði í 30

m ísskel utan á klettum, með lélegum tryggingum, síðan tók við klifur með ísökum upp mosavaxna kletta. Erfiðleikarnir eru af gráðunni 3+.

## SKARÐSHEIÐI

**Skessuhorn** var vettvangur slyss þegar Páll Sveinsson lenti í snjóflóði undir NA-hryggnum og fótbrotnaði (sjá náðar í félagsstarfinu). Þess má einnig geta að Jórunn Hardardóttir og Guðmundur Helgi Christensen fóru *Skessubrep* (nr. 25) í norðvestur vegnum 15. apríl '89 og er Jórunn fyrsti kvemmaðurinn sem það fer.

## SNÆFELLSJÖKULL

Hér eru elstu fréttir blaðsins í ár. Í október '87 fóru Bragi Reynisson og Dan Sommer upp á hæstu jökulþúfuna vestanverða. Peir félagarnir gengu upp frá Jökulhálsi, norður og síðan vestur fyrir þúfurnar, þaðan klifruðu þeir síðan bratta snjófönn, upp úr gígnum, sem endar á hæstu þúfunni. Næsta frétt er forsöguleg eða síðan vorið '79, en þá klifruðu Björn Vilhjálmsson og Einar Steingrímsson bratta ísrás austan í hæstu þúfunni upp á toppinn.

## KLETTAKLIFURSVÆÐI

Í ár er sú breyting gerð á fréttapistlinum að klettaklifur er tekið sem sérstakur kafla, og koma þar fyrst fréttir af klettaklifri innanlands, en síðan fréttir af heimsóknum til klettaklifursvæða í útlöndum.

Óvanalega vætusamt veður hefur einkennt árið og hefur það háð klettaklifri yfirleitt og gerð nýrra leiða sérstaklega. Fáar nýjar leiðir hafa bæst í safnið eins og sjá má á eftirfarandi upptalningu. Þó fjölgar þeim stöðum í nágrenni borgarinnar þar sem hægt er að leggja hönd á klett, en þó er ekki hægt að tala um opnun meiri háttar klifursvæða.

## STAR DALUR

Mikil ásókn var í Stardal þessa fáu góðviðrisdaga sem gáfust og

mátti alltaf hitta þar á klifrara. Mest af orkunni fór þó í að endurtaka eldri leiðir og talsvert var um að menn æfðu erfidustu leiðir síðasta árs í ofanvaði með **rauðpunkt** í huga, en þær tilraunir mistókust.

Eina nýja leiðin er *Lítíð skinmiklar skúrir* eftir Snævarr Guðmundsson og var hún farin í maí '89. Liggur leiðin upp utanverðan stuðulinn beint upp af Stutta 5.9 (nr. 32). Fyrri hluti leiðarinnar er Stutta 5.9, en síðan er haldið beint upp, á veghöldum og að sprungu sem er síðasti kafla leiðarinnar. Hún er gráðuð 5.9+ eða 6a (Fr.) og er 20 m, tryggð á hefðbundinn hátt (með hnetum og vinum).

## VALSHAMAR

Hér bættust tvær nýjar leiðir við og eru báðar eftir föður Valshamars Snævarr Guðmundsson. Sú fyrri heitir *Haustkul* (5.10b / 6a-b Fr., 10m) og var hún Rauðpunktud (RP) í september '88. Seinni leiðin er *Supermax*, (5.10d / 6b-c Fr., RP. maí '89.). Báðar eru þessar leiðir tryggðar með boltum og farnar með svonefndri „Evró-aðferð“, en það er það kallað þegar leiðin er hreinsuð, æfð og boltuð í ofanvaði, en síðan er reynt að leiða hana „frjálst“ neðanfrá og upp = RP eða rauðpunktur.

## LEIRVOGSGILID

Í gilinu, þar sem Leirvogsá rennur, er smá klettabelti til móts við bæinn Nordur-Gröf, þaðan sem gengið er að Míganda. Frá afleggjaranum er örstuð ganga til suðurs ofan í gilið. Í þessu klettabelti, sem er um 10 m hátt, eru þrjár stuttar leiðir eða bóldevandamál og ofanvaðsæfingar. Til staðar eru tveir boltar og fleygur, en einnig er hægt að koma hefðbundnum tryggingum við.

## GRINDAVÍKUR-AFLEGGJARINN

Ef ekið er út af Keflavíkurveginum rétt sunnan við Voga og beygt til vinstri, er komið á gamla

Grindavíkuraflaggjarann. Ekið er niður fyrir misgengið og til suðurs, sést þá dulítið, 10 m hátt klettabelti sem býður upp á nokkrar leiðir. Ef talið er frá norðri til suðurs eru leiðirnar:

**Svikarinn** (5.11a, 10 m, FF: RP. Björn Baldursson, '89.), byrjar undir þaki og farin beint upp. Leiðin léttist mikil þegar yfir þakið er komið, tortryggð. **Ein góð** (5.10a, 8 m, FF: RP. Björn Baldursson). Sléttur veggur klifinn á smáum höldum. Þarna eru einnig fjórar aðrar leiðir á bilinu 5.6 - 5.9 að erfiðleikum.

Pessir tveir síðastnefndu staðir teljast varla til klifursvæða, vegna smæðar sinnar, en eru þó tilbreytingar þegar dagar eru stuttir og ekki hægt að fara lengra.

## SUDURLAND EYJAFJÖLL

Ný klettaleið var farin á Ingimund og liggur hún upp miðjan dranginn, vestan megin við hina leiðina. Fyrst er fylgt stöllum (einn fleygur) og síðan inn í áberandi (3 m) stromp og þaðan upp á góða syllu (fyrri spönn - 25 m). Í seinni spönninni, (einn fleygur), er fyrst farið upp víða sprungu og þaðan upp í klaufina við toppinn (25 m). Leiðin heitir *Mundi*, IV. gráða og var fyrst farin af Stefáni Smárasyni og Leifi Erni Svavarssyni, sumarið '89.

**Pöstin** við Seljaland undir Eyjafjöllum, er nýtt svæði sem hefur upp á nokkrar, stuttar klettaleiðir að bjóða og tvær í fullri lengd. Flestar eru leiðirnar gerðar með Evró-aðferðinni og leiddar með Rauðpunkt. Nánari upplýsingar um svæðið fást hjá Stefáni Smárasyni, Birni Baldurssyni og félögum. Leiðirnar eru:

**Hornið** (5.6, 13 m, FF: Stefán Smárasón og Haraldur Ólafsson, '88).

**Sibería** (5.9, 14 m, FF: RP. Stefán Smárasón og Leifur Ö. Svavarsson, '89.).

**Sprungan** (5.6, 10 m., FF: Haraldur Ólafsson og Stefán Smárasón, '88.).

**Kremli** (5.9, 15 m, FF: : Stefán



Denali (McKinley). Kristinn Einarsson á leið upp úr búðunum í 4.200 m hæð. Á svokallaðri „Flóttaleið.“ *Ljósm. Björn Ólafsson.*

**Smárason og Björn Baldursson '89.**

**Sóló** (5.10, 12 m, FF: Björn Baldursson, sóló, '89).

**Gleym mér ei** (5.8, 40 m, FF: Björn Baldursson og Stefán Smárasón, '89).

**Ekki mér heldur** (5.6, 35 m, FF: Björn Baldursson, '89).

**Eva** (5.9, 8 m, FF: Björn Baldursson og Stefán Smárasón, '89, RP).

## KLETTAKLIFURSVÆÐI Í EVRÓPU:

Pau Snævarr Guðmundsson og Brynhildur Kristinsdóttir flæktaust milli ýmissa klettaklifursvæða meginlandsins sumarið '88. Í **Boux** og **Cavaillon** voru klifradar leiðir af gráðu 6a - 6c+ og ásamt Jóni Geirssyni fór Snævarr eina leið gráðaða 7a. Þá fóru skotuhjúin til **Finale Ligure** og fóru þar leiðir frá 4 gráðu og upp í 7a+. Leiðin lá þá til Sviss og í kletta við bæinn Interlaken þar sem Snævarr fór eina leið af gráðu VII (5.10d). Aftur til Fraklands þar sem Snævarr fór leið í **Montets** skarði af gráðu 7b í ofanvæði.

Í febrúar '89 fylgdust Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson með klifurkeppni í Bercyhöllinni í París. Sú íþróttahöll varð Íslendingum að góðu kunn nokku síðar, er handknattleiksliðið íslenska náði þar sínum

besta árangri. Í Fountainbleau sáu þeir svo hetjurnar æfa fyrir kepnpina. Eftir þetta fóru þeir til **Cimai**, rétt hjá Toulon og klifu þar 18 leiðir á bilinu 5+ til 7a+.

Í sumar ('89) héldu Snævarr og Brynhildur enn á vit klettaklifurs í Evrópu. Heimsóttu þau **Frankenjura**, **Boux**, **Finale Ligure** og **Chamonix** og klifu 30-40 leiðir af gráðu 5-7b.

Dagana 25. ágúst til 30. september sl. voru Arni G. Reynisson, Stefán Smárasón og Björn Baldursson í Evrópuferð, í leit að sól og þurrum klettum. Aðalmarkmiðið var að skoða sportklifursvæði V-Pýskalands sem best, og þá sérstaklega stærsta svæðið, **Frankenjura**, sem er í skógunum fyrir norðan Nürnberg. Einkenni klifursins eru brattar og slútandi kalksteinsleiðir á bilinu 8 - 50 m á hæð. Peir félagarnir klifruðu 30 leiðir af erfidileikunum 5.6 - 5.11b-c og fóru flestar þeirra með Rauðpunkt. Birni tókst þar að fara eina stutta leið af gráðunni 5.12d/5.13a í ofanvæði. Voru félagarnir mjög ánægðir með svæðið og dvöldu þar í hálfan mánuð. Síðan lá leið Árna heim, en hinna gegnum Dólómítana (í rigningu) til **Arco**, þar sem nokkrar leiðir (5.9-5.10c) voru klifnar. Ekki voru Björn og Stefán allt of hrifnir þar og fóru þemur dögum síðar til

Chamonix. Þar fóru þeir, einsog aðrir, á **Aig. du L'M** og klifruðu *Voie Couzy* (TD-) á norðurveggnum og var það köld og blaut ferð. Eftir stutta dvöl í Buoux, sem ekki nýttist vegna hita og breytu, var haldið til Parísar og **Fountainbleu**. Þar var nokkrum dögum eytt á þessu stórkostlega bóldersvæði og ótrúlegustu hreyfingum bætt í safnið, áður en haldið var heim í rigninguna.

## ENGLAND

Gamla brýnið, Birgir Jóhannesson, sem er í námi í Englandi, hefur verið iðinn við klifur þar um slóðir og er hann að klifra leiðir af erfiðleikagráðunum E1 5b, sem samsvarar 5.9.

## ANNAÐ


Petta ár hefur verið rýrt af nýjum leiðum en þó hefur áhugi á klifri verið talsverður. Nokkuð hefur boríð á því að byrjendur til-einki sér strax „Evró-aðferðina“, velji sér mjög erfiðar leiðir (langt

ofan við getu byrjenda) og reyni síðan við þær í ofanvaði. Petta er nokkuð leiðinlegt frávik frá þeirri hefð (sérstaklega í Stardal), að allar leiðir séu klifraðar neðanfrá og upp. Þess má geta að aðeins þrjár leiðir í Stardal hafa verið farnar með Rauðpunkts-aðferð, eru það Sónata, Depillinn og Klaufin. En þetta er sem betur fer ekki algilt, því hluti byrjenda hefur líka tekið fyrstu skrefin á hefðbundinn hátt, fyrst í léttstu leiðunum og síðan smá aukið erf-iðleikana eftir því sem reynslan og getan eykst. Hlýtur þessi að-ferð að teljast eðlilegri þróun á klifurferli byrjenda, þar sem klifurleiðir ligga, eðli sínu samkvæmt, frá rótum fjalls og upp á topp, og ekki er alltaf hægt að setja upp ofanvað.


Rauðpunktsklifur er eingöngu tíðkað í bröttum og mjög erfiðum leiðum, sem erfitt er að leiða „fyrirvaralaust.“ Gamlar leiðir, sem hefur verið lýst og allt er vit-að um, ber að reyna að leiða frjálst, með jafngóðum eða betri stíl en gert var þegar leiðin var

upphaflega farin. Ef stíll frum-ferðarinnar er hafður að leiðarljósi þá lítillækkar maður ekki viðurkennda leið með því að æfa hana og æfa, áður en maður reynir að leiða hana. Sjá nánar um skilgreiningar á klifri í grein Snævars Guðmundssonar **Sportklettaklifur** hér framar í blaðinu. En yfir í aðra sálma.

Í júlí '88 heimsótti landið þýskur klifrari, Udo Neuman að nafni. Udo hefur klifrað margar erfiðar sportklifurleiðir í Evrópu. Reyndi hann fyrir sér á erfiðustu leiðunum í Stardal og í Vals-hamri. Udo rauðpunkttaði þjár leiðir í **Valshamri**, *Hrúðurkarla* (5.10), *Sumardraum* (5.10) og *Gollum* (5.11a), sem hann fór „í hvelli.“ Í **Stardal** fór hann Sónötu í ofanvaði og gráðaði hana 5.11d eða 7a (Fr.). Pótti talsverður fengur í þessari heimsókn, því alltaf er gott að fá reynda klifrara til að meta íslenska gráðun. Udo staðfesti gráðurnar á þeim leiðum sem hann fór, en fannst leiðirnar vera aðeins undirgráðaðar ef eitthvað væri.



Sigursteinn Baldursson á Nálinni í Búahömrum. Ljósm. Haraldur Órn Ólafsson.



Hjörleifur Finnsson við rætur Kirkjunnar. Ljósm. Leifur Órn Svavarsson.

# Tækjahornið

*eftir Björn Vilhjálmsson*

Í þessu tækjahorni ætla ég að líta á þann hluta af öryggisútbún-  
aði klifrara sem mestu varðar, en  
það er naflastengurinn eða klif-  
urlínan. Það er fátt í trygginga-  
keðju okkar, sem nýtur eins skil-  
yrðislauss trausts og klifurlínan.  
Við notum yfirleitt tvöfaldar  
aðaltryggingar og sigakkeri,  
fjöldann allan af millitryggingum,  
gerum oftast allt til að hafa bak-  
tryggingu, nema þegar klifurlín-  
an á hlut, þá nota flestir einfalda  
11 mm línu eða tvöfalda 9 mm.  
Fæst okkar hafa góða þekkingu á  
því hvað gerist í klifurlínu þegar  
fallið er í hana, eða hvers konar  
föll hafa verst áhrif með tilliti til  
þeirra átaka, sem verða í línunni,  
né heldur hvaða klifurlínur eru  
bestar til að stöðva föll. Flest  
okkar láta sér nægja upplýsingar  
sem við fáum frá vinum, af-  
greiðslufólki í klifurverslunum  
eða framleiðendum sjálfum og  
treystum þeim.

Eðlisfræði klifurlína er mjög  
flókin og því er erfitt að einfalda  
hana þannig að hún nýtist öllum  
án þess að einfalda um of og  
valda þannig villum. Í stuttu máli  
sagt er nútíma klifurlína þannig  
sett saman, að fyrst er snúinn  
samан ákveðinn fjöldi þráða til  
að mynda kjarnann. Kjarninn er  
burðarás línunnar og utan um  
hann er síðan ofin kápa. Kápan  
er til að hlifa kjarnanum og er því

ekki berandi nema að litlu leyti,  
kápan skiptir þó miklu máli um  
ytra slit og meðhöndlun línumnar.  
Pessar línum eru kallaðar kjarna-  
kápulínur (Kernmantel). Það  
sem kemur hér á eftir, er tilraun  
til að koma til klifrara þekkingu  
um klifurlínur, svo þeir viti hvað  
séu nauðsynlegir eiginleikar í  
línum, hvernig eigi að velja og  
meta þær, segja frá goðsögnum  
og sölubrellum og benda á mun-  
inn á rannsóknastofuprófunum  
og reynslu úr raunverulegu klifri.  
Pessi grein er þýdd og endursam-  
in upp úr grein eftir Dennis Tur-  
ville, klifrara eins og okkur  
(Climbing nr. 83).

Eina grundvallarstaðreynd  
verður alltaf að hafa í huga við  
alla umfjöllun um klifurlínur,  
endingu þeirra og stöðu þeirra í  
klifri, en hún er þessi: Engin  
kjarnakápulína hefur nokkru-  
sinni slitnað í eiginlegu klifri,  
hvorki 9, 10 né 11 mm. Punktur.  
Margar línum hafa skorist á hvöss-  
um brúnum eða marist sundur  
vegna grjóthrums, en engin lína  
hefur slitnað vegna fallandi klifr-  
ara. Þetta er óhagganleg stað-  
reynd, sem sýnir að gífurlegur  
aukastyrkur er innbyggður í línu-  
na. Það er af hinu góða, en ætti  
ekki að neyða fólk til að kaupa  
þyngri eða dýrari línu en nauð-  
synlegt er. Fyrstu kjarnakápulín-  
urnar stóðust tæplega 2 UIAA

þrófunarföll, en samt tókst eng-  
um klifrara nokkru sinni að slíta  
eina einustu þeirra. Þetta vekur  
upp spurninguna: Hvers vegna er  
okkur sagt, að við verðum að  
nota línum, sem þola 9 eða fleiri  
föll til að gæta fyllsta öryggis?

Hin fullkomna klifurlína ætti  
að vera hæfileg blanda af stálvír  
og gúmmítreygju; hún myndi  
stöðva fallandi klifrara mjúklega,  
en með lágmarkstreygju, til þess  
að fallið yrði sem styrt. Enn hefur  
ekki tekist að framleiða hina full-  
komnu klifurlínu og eru því allar  
klifurlínur málamiðlun af þessum  
tveim andstæðum, vírnum og  
teygjuni. Það segir sig sjálf, að  
ef áherslan er lögð á einn eigin-  
leika bitnar það á öðrum og í  
eðlisfræði er aldrei hægt að fá  
eitthvað fyrir ekki neitt. Ef við  
fáum allt í einu línu, sem þolir 13  
föll í staðinn fyrir 5, hefur ein-  
hverju verið fórnad annarsstaðar,  
sama hvað auglýsingarnar segja.

Það er vitað að flestar ranghug-  
myndir um klifurlínur, stafa í  
fyrsta lagi af því hvernig þær eru  
þrófaðar og í öðru lagi hvernig  
komið á markað og að ofannefnd  
atriði endurspeglar ekki raunveru-  
legar aðstæður í klifri. Þunga-  
miðjan er svo fallprófunin hjá  
UIAA, en í því falli eru átökin  
svo mikil að jafnvel framleiðend-  
urnir viðurkenna að ómögulegt  
sé að lenda í slíku falli í raun-

verulegu klifri, en auðvitað er gott að vita að að línan þoli slík átök, jafnvel þótt þau séu ómöguleg.

**UIAA-fallprófunin** er framkvæmd á eftirfarandi hátt: 80 kg. járnlóð er látið falla 5 m, endinn bundinn fastur og honum brugðið í gegnum karabínu, sem er 30 cm frá fasta endanum. Línan er 2,8 m. Petta gefur fallstuðullinn 1,78 (fallstuðull (fs) = fallvegalengd : línlengd). Af því leiðir af  $fs=2$  er versta fall, sem mögulegt er. UIAA-prófunin gengur síðan út á það, að línar þurfa að þola 5 slík föll í viðurkenndum tækjábúnaði. Ef línar eru gefnar upp fyrir fleiri föll en 5, þá er það umsögn framleiðandans, en ekki UIAA. Það þarf ekki að taka það fram, að talan sem upp er gefin, er meðaltalstala, en ekki endanlegur sannleikur um viðkomandi líneintak. Sumir framleiðendur gefa ekki upp staka tölu, heldur segja t.d. að þeirra lína þoli að meðaltali 7-9 föll.

Hægt er að nefna nokkrar ástæður fyrir því af hverju UIAA-prófunin eða fallið geti ekki átt sér stað í raunverulegu klifri:

1) Járnloðið snarstöðvast eftir fallið, nokkuð sem mannslíkinn getur ekki gert. Petta er talið minnka toppálagið (impact force) um ca. 10-15%.

2) Lóðið er stöðvað á fastan (statiskan) hátt, þar sem endinn er bundinn fastur í prófuninni. Fastar bremsur þekkjast ekki í klifri, hvort heldur sem tryggt er um líkamann eða með bremsutæki (áttu, Sticht-plötu o.s.frv.), því hluti af línunni rennur alltaf í gegn.

3) Til að fallstuðullinn verði hærri en 1, þarf sá sem fellur að detta niður fyrir þann sem tryggir, og slíkt gerist mjög sjaldan, þegar notaðar eru millitryggingar.

4) Fallið verður að vera hreint, þ.e. í lóðréttu eða slútandi klifri, annars fer hluti af fallorkunni í viðnám. Pessi munur á prófunarskilyrðunum og raunverulegu klifri útskýrir hvers vegna línar hafa aldrei slitnað í klifri.

Af þessu má draga þá ályktun, að þar sem engin kjarnakáplína hefur slitnað af klifurfalli einu saman, er ekki gefið að 13 falla lína sé öruggari en 5 falla lína; fallafjöldinn einn segir ekki alla söguna. Fleiri þættir spila þarna inn í og gegna jafnvel mikilvægar ahlutverki, því línan slitnar, jú ekki. Skal nú fjallað um nokkrar þessarra þáttu.

Klifrari í falli, er orka á hreyfingu og línan þarf að gleypa þessa orku; þegar hún getur ekki gleypit meiri orku, slitnar hún. Línan getur gleypit orku á two vegu: Annars vegar með innbyggðri teygu (mechanical elongation) eða fjöðrun, sem jafnar sig eftir átök, og hins vegar með þráðatognun (fiber elongation), en hún er óafturkraf. Í hvert skipti, sem línan þarf að þola mikið fall ( $fs=1$ , eða meira) tapar hún hluta af teyguhæfileikanum vegna þráðatognunar og um leið hæfi-leikanum til að gleypa orku. Teygjanlegar línar gleypa meiri orku og þola fleiri föll, en föllin verða lengri og því hættulegri. Því mega góðar klifurlínur ekki vera of teygjanlegar.

**Toppálag** (impact force eða impact load) er það álag eða punktkraftur, sem flyst yfir á klifrarann eða tryggingakerfið í falli. Miðað er við, að sá kraftur megi ekki vera meira en 1200 kg í punktálagi, því það er það átak, sem stoðgrind brjóstins þolir án þess að brotna. Flestar nútíma-línur eru með toppálag á bilinu 700-1100 kg. Því hærra sem toppálagið getur orðið í línunni, þeim mun meira álag verður á allt

kerfið og líkurnar meiri á því, að einhver hlekkurinn gefi sig. Allir klifurlínuframleiðendur verða að gefa upp gildi yfir það toppálag, sem línar þeirra þola. Pessi samanburður getur þó verið erf-iður vegna þess að framleiðendurnir nota mismunandi mælieiningar, en í töflunni hér á eftir hefur einingunum daA, kN, kfg og KP verið breytt í kg. Toppálag er því greinilega mjög áriðandi eiginleiki í línu, en verður þó alltaf að skoðast í tengslum við teygu línunnar.

**Teygja línu** er mæld á þrjá vegu:

**Vinnuteygjan** (working load elongation) er fundin með því að hafa 80 kg farg í línunni. **Toppálagsteygjan** (impact force elongation) er einnig mæld, svo og **tognun** (Elongation at failure) við slit. Af þessum mælingum er toppálagsteygjan mikilvægust fyrir notendur línnanna, en því miður eru nokkrir framleiðendur, sem gefa engin gildi upp fyrir þessa teygu, þar sem UIAA hefur ekki krafist þess. Neytendur gætu breytt þessu með því að kaupa aðeins línar, þar sem toppálagsteygjan er gefin upp, þá myndu framleiðendur fljótlega sjá að sér.

Pegar farið var að huga að framleiðslu fjölfalla klifurlína, liðkaði UIAA um fyrir framleiðendum með því að hækka það hámark, sem gilt hafði fram að þeim tíma, um vinnuteygju lína. Framleiðendur höfðu 3 leiðir til að auka fallgetu línanna:

1. Snúa kjarnann þéttar eða auka þvermál hans. Þá þolir línan fleiri prófunarföll, en þá eykst vinnuteygjan, toppálagið hækkar og þyngdin vex.

2. Auka fjöðrunina í línunni.

3. Með því að meðhöndla hráefnið með sérstökum efnum og auka þannig viðnámið gegn þráðatognun. Petta er dýrasta aðferdin, en sú besta, því hún hefur

hverfandi áhrif á toppálagið og vinnuteygjuna, en eykur fallgetuna.

Pannig má segja, að til þess að útbúa fjölfalla línu, þarf að þyngja hana, gera hana teygjanlegri, stífari, hækka toppálagið, hafa hana dýrarí, eða einhverja blöndu af þessum aðferðum. Línur, sem hafa aukna fallgetu á kostnað toppálagsins (þ.e. herra toppálag), eru ekki eins öruggar og línur, sem þola fá föll, en hafa lægra toppálag. En venjulega fær maður það sem maður borgar fyrir þegar klifurlínur eru annars vegar. Og nú er skiljanlegrí munurinn á 5-falla línu með hátt toppálag og lágt verð, og 9-falla línu með lágt toppálag og hátt verð. Forsjáll klifrari velur línu með lágmarks vinnuteygju og lágu toppálagi, á meðan reyndur klifrari velur kannski frekar léttu línu, sem er þægilegt að meðhöndla. Borgar frekar meira fyrir minni þyngd, en horfir framhjá súper-fjölfalla skrifmslunum, vitandi að línur slitna ekki.

**Líftími klifurlína** er afar umdeilt atriði, þar sem mat manna er allt frá 200 tínum til margra ára endingar. En þar sem ekki er hægt að klára línu með því að detta í hana og engar haldgóðar upplýsingar eru til um endingar-eiginleika þeirra, er spurningunni um líftíma klifurlína ósvarað. Flestir klifrarar leggja línum sínum, þegar þær eru farnar að fletjast mikið út, þegar kápan er orðin mikið slitin (eða smágötött), en þó fyrst og fremst þegar þeir treysta þeim ekki lengur - ekki þegar þær hafa haldið löngu falli. Margir átta sig ekki á, að það er ekki falllengdin, sem ákváðar hvað er slæmt fall (fyrir línuna), heldur fallstuðullinn. Fallprófun UIAA segir ekki til um hve lengi línan endist, heldur kápan.

Kápan er í raun mikilvægarí, en flestir halda. Hún ræður miklu um hvernig er að meðhöndla línum, hún ákváðar líka hvenær við hættum að nota hana. Illa ofin kápa slitnar fyrr og skerst frekar á bergkristöllum og ójöfnum á bergen. Kápa, sem skríður til á kjarnanum er merki um illa gerða línu. Kápan á að vera svo þéttófin um kjarnann, að hún skríði sama og ekki neitt, annars þolir hún minna viðnám við bergið og meðhöndlaski.

Kápuskriðsprófunin er gerð með tveggja metra línustubbi, sem láttinn er fara mörgum sinnum gegnum þar til gerða vél. Eftir fimm umferðir má kápan ekki hafa skríðið meira en 30 mm (hámark), en því minna því betra. Upplýsingar frá framleiðendum (ef þær eru til staðar) sýna annað hvort staka mm-tölum eða hámarksskrið í mm, en í báðum tilfellum er best að gildið sé sem lægst.

Aðrir þættir, sem skipta tals-verðu máli fyrir slitpol kápunnar eru hvernig þær eru vatnsvarðar, svo og aðrar yfirborðsmeðferðir. Rannsóknir hafa sýnt að lína sem hefur hlutið yfirborðsmeðferð, þolir 33% meiri yfirborðsnúnung, en ómeðhöndlaðar línur. Yfirborðsmeðferð á línum skiptir meira máli fyrir líftíma línunnar, en fallafjöldinn sem hún á að þola. En eins og lesandinn getur ímyndað sér er ekki sama hvers konar yfirborðsmeðferð línan fær og eru tvær aðferðir mest notaðar. Sumir framleiðendur nota paraffínefnasambond, en þau vilja endast illa. Aðrir nota sili-cone eða flúorsambond og er síðarnefndu aðferðin yfirleitt endingarbetri.

Fyrir utan grjóthrun, sem getur eyðilagt klifurlínur, eru útfjólubláir geislar, iðnaðarmengun og rafgeymasýra verstu óvinir þeirra. Alkóhól, bensín og önnur kolvetni hafa ekki efnafræðileg

áhrif á nelon, svo það er ekki ástaða til að hætta að nota línur þess vegna. En jafnvæl gufan af rafgeymum getur eyðilagt línur. Línur skal aldrei geyma nálægt rafgeymum, né heldur þar sem sól skín á þær. Best er að hafa þær í línupokum, til að verja þær hnjasíki og gera þær laust upp. Blautar línur er best að þurrka á hlýjum, skuggsælum stað aðeins lauslega gerðar upp.

Ef það er fyrst og fremst slitpol línunnar (kápunnar), sem ákváðar hvenær við hættum að nota hana, hvernig getur þá 13-falla lína enst lengur en 5-falla lína? Svarið er að 13-falla línan hefur sama endingartíma og sú 5-falla, ef kápan á báðum er eins. Því aðeins endist hún lengur, að kápan er betri. En þá komum við að nýju vandanáli, sem er að sumir framleiðendur hafa þynnt kápuna, til að koma fleiri þráðum í kjarnann og auka þannig fallgetuna, án þess að þvermálið vaxi. Það þarf ekkert sérstakt hugarflug til að ímynda sér hvaða áhrif þetta hefur á endinguna.

Tvennt ætti að vera ljóst eftir þessa lesningu. Annað er að sá fjöldi prófunarfalla, sem lína þolir, segir ekki til um hversu örugg hún er eða hve lengi hún endist. Hitt er að framleiðendur purfa að staðla þær upplýsingar sem þeir veita með klifurlínum sínum.

Að lokum má segja eftirfarandi um notkun klifurlína: 11 mm línur eru góðar þar sem klifurleiðir eru tiltölulega beinar og þar sem þjósnast er mikið á þeim (t.d. í stórveggjaklifri með júmar). Fyrir sportklifur og venjulegt klettaklifur eru 10-10,5 mm línur nógur sterkar. Í jökul-göngum ætti 8 mm lína að nægja og í alpaísklifri ætti einföld 9 mm að duga. Tvöföld 9 mm hentar vel þar sem klifurleiðir eru óreglulegar, eða þar sem hætta er að grjóthrun geti höggið lín-

una í sundur. Sennilega eru þær líka öruggastar, þar sem bergið er mjög hvasst. Einnig hafa þær

þann kost, að þegar þarf að síga, er hægt að síga heilar spannir (línulengdir).

Taflan hér á eftir, ber saman nokkra framleiðendur og framleiðslu þeirra.

### Helstu eiginleikar klifurlína frá nokkrum framleiðendum.

Framleiðandi	EDELWEISS				BEAL		CHOUINARD		MAXIM	BLUEWATER
Gerð af línu	Gentle	Extrem	Ultralight	Extreme 8000	Beal 10,5	Beal 11	10,5	11	Maxim	Bluewater
Þvermál í mm	11	11	10,5	11	10,5	11	10,5	11	11	11
Þyngd (gr/m)	72	70	67	76	73,5	85	68	79	80,5	76,5
Toppálag (kg)	1100	975	1050	950	880	880	880	940	940	905
Álagsteygja	e/u	e/u	e/u	e/u	23	20	e/u	e/u	e/u	e/u
Vinnuteygja % m/80 kg lóð	8	8	8	8	6,5	6	4	5,5	6	4
Teygja við slit í %	e/u	e/u	e/u	e/u	e/u	e/u	e/u	e/u	e/u	60
UIAA-fallprófun	5	9	5	13	6-7	11	5	9	10	6-7
Kápuskrið í mm	30	20	20	20	15	35	e/u	e/u	e/u	e/u

Framleiðandi	MAMMUT			EDELRID					COUSIN (INTERALP)		
Gerð af línu	Aro-Plus	Aro-Flex	Aro-Pro	Dynaloc 10,5	Dynaloc	Classic	Perfect	Hotline	Flex	Mt. Blanc	Superlight
Þvermál í mm	11,7	11	10,5	10,5	11	11	11	10,5	11	11	10,5
Þyngd (gr/m)	86	78	70	76	69	73	72	85	75	73,5	70
Toppálag (kg)	1082	990	1041	995	980	1090	1020	940	1010	780	830
Álagsteygja	25-30	25-30	25-30	22	20	20	20	23	e/u	e/u	e/u
Vinnuteygja % m/80 kg lóð	5,3	6	6,2	7,6	5,8	7,6	7,1	7,3	8	5	5
Teygja við slit í %	60	65	65	62	54	54	60	55	62	55	55
UIAA-fallprófun	12-15	9-11	6-8	11-13	7-9	8-9	6-7	11-12	8-9	8	8
Kápuskrið í mm	e/u	e/u	e/u	0	2	0	4	22	e/u	e/u	e/u

\* e/u þýðir að framleiðandi gefur engar upplýsingar um viðkomandi atriði.

# Kveðja frá Seyðisfirði

## eftir Sigurð Má Ólafsson

Á undanförnum árum hafa Seyðirðingar að mestu látið sér nægja að dást að fjöllunum hér umhverfis bæinn, úr fjarlaegð. En nú hefur skæð baktería skotið hér rótum nefnilega fjallaferðabakterían. Orsök þess er sú, að unglingsadeild var stofnuð innan Slysavarnarfélagsins á sl. ári, fyrir 14-17 ára unglings. Umsjónarmaðurinn sem settur var yfir hópinn, sá svo um að rækta bakteríuna. Síðastliðið sumar fór hann með þeim í ferðir þar sem þeir spreyttu sig bæði á klifri og í sigi. Og nú í veturna hafa þeir svo fengið að kynnast ísfossum enda dafnar bakterían vel, orðin feit og pattaraleg!

Fjöllin hérna eru hreint frábær fyrir hvers kyns ferðir; ís-, snjó- og/eða klettaklifur eða jafnvel einfaldar göngu- eða skíðaferðir. Hæð fjallanna er í kringum 1000 m og þar er fjöldinn allur af gilskörningum með fossum og snjóspöngum. Þar er hægt að finna sér leiðir sem geta talist allt frá I-V.

Tíðin í veturnu ('88-'89) hefur verið kjörin fyrir ís-

fossaklifur, þar sem frekar snjólétt var alveg fram í miðjan febrúar. Sást þá glampa í bláan ísinn upp um öll fjöll enda stóðust unglingsarnir illa þær freistigar og skunduðu í margar ferðir. Má þar t.d. nefna ferðir í two fossa innan bæjarmarkanna sem hvor um sig mælist ca. 20-25 m. Þótti það hinn mesti sigur. Einnig var tekist á við gilskorning með 6-7 ísfossum, um 5-10 metrar á hæð, en vegna tímaskorts eru enn óklifnir efstu tveir fossarnir. Ákveðið hefur verið að fara aðra ferð í góðu tómi og komast þá alla leið upp á toppinn (1010 m). Yrði sú ferð sambland af ís-, snjó- og klettaklifri.

Dagana 4.-5. mars sl. fengum við velheppnaða heimsókn leiðbeinenda frá Ísalp. Kenndu þeir undirstöðuatriðin í fjallamennsku svo sem meðferð ísaxa, mannbrotta og trygginga. Þótti heldur betur fengur að slíkri heimsókn. Og nú skunda ungmennin, sem nýir og betri menn, á fjöllin við hvert tækifæri sem býðst.



Páll Sveinsson undirbúinn til flutnings niður úr Skarðsheiðinni. Ljósm. Sigursteinn Baldursson.



# Félagsstarf Ísalp

## umsjón Salbjörg Óskarsdóttir

### NÁMSKEIÐ

#### Ísklifurnámskeið

var haldið í Gígjökli í október 1988. Þeir Björn Vilhjálmsson og Snævarr Guðmundsson leiðbeindu 10 þáttakendum. Tjálfað var undir Gígjökli og þurftu tveir þáttakanda að bregða undir sig betri fætinum, þegar tjald þeirra fauk niður að Markarfljóti. Það nádist þó áður en verr fór.

#### Vetrarnámskeið

var haldið 25.-26. febrúar 1989. Til stóð að halda námskeiðið í Esjunni, en vegna norðanroks, var farið í suðvestan verðan Hengilinn. Gist var í snjóhúsi, eins og ávallt er gert. Nemendur voru 4 og kennari Torfi Hjaltason. Það var einnig haldið námskeið á Seyðisfirði og 8 nemendur tóku þátt í því. Torfi og Snævarr kenndu þeim Austfirðingum.

T.H.

#### Klettaklifurnámskeið

Var haldið helgina 27.-28. maí 1989. Námskeiðið hófst að venju með kynningu og ýmsum æfingum, að Grensásvegi á mánudagskvöld. Helgina eftir var haldið áfram í Stardal. Pokkalegt veður var á laugardag, en rigningarsuddi á sunnudeginum. Páttakendur voru tólf, en Björn Vilhjálmsson og Snævarr Guðmundsson, sáu um kennsluna.

B.V.

#### Jöklanámskeið

26.-27. ágúst 1989. Magnús V. Guðlaugsson og Haraldur Ólafsson önnuðust leiðsögnina og nemendur voru 5. Kennslan fór fram í Kerlingarfjöllum að venju.

#### Ísklifurnámskeið

var haldið í Gígjökli helgina 23.-24. september 1989. Undirbúnингur var mánudagskvöldið áður og gert klárt fyrir helgina. Helgin fór vel fram og gekk allt samkvæmt áætlun, nema veðrið sem var gott fyrri daginn, en slæmt þann seinni. Tólf voru lærlingarnir og kennararnir Björn Vilhjálmsson, Snævarr Guðmundsson og Torfi Hjaltason.

B.V.

#### FERÐIR


#### Snæfellsjökull

Helgina 22.-23. október 1988 fór Ísalp á Snæfellsjökul. Páttakendur voru 10 og fararstjóri var Haraldur Ólafsson. Gist var á Lýsuhóli og farið á jökulinn frá Arnarstapa. Veður var gott, sól og blíða og ferðin tókst vel í alla staði.

H.O.

#### Búahamrar

Ísklifur, sunnudaginn 29. janúar 1989. Fararstjóri var Guðmundur Helgi Christensen og voru þau 10 á ferð. Hver fór sína leið, eftir áhuga og getu. Veðrið var frekar leiðinlegt.



Á tindi Porgeirsfellshyrnu. Ljósm. Leifur Örn Svavarsson.

## Botnssúlur

Helgina 18.-19. febrúar 1989. Fararstjóri var Magnús V. Guðlaugsson og voru þau 8 í för. Leiðin lá upp frá Botnsdal, allir á skíðum, nema einn fótgangandi. Veður var þokkalegt og færíð gott. Nokkrir úr hópnum fóru á Syðstusúlu og lento þar í byl, svo ekki sást vítt til fjalla.

## Tindfjöll

Ferð 4.-5. mars 1989. Fararstjóri var Guttormur B. Þórarins-son og í ferðina fóru 12 manns og 2 ferfætlingar. Farið var frá Fljótsdal á göngu- eða fjallaskíðum. Á laugardeginum gengu flestir á Haka og á sunnudeginum upp í Búraskarð og þaðan um Hakaskarð til baka í skálann. Færí var með endemum leiðinlegt, harðfenni eða vindbarnir skaflar.

Aftur var farið í Tindfjöll um hvítasunnuna. Fararstjórn var í höndum Árna G. Reynissonar og Björns Baldurssonar. Farið var á föstudagskvöldi og gengið í skálann. Um nóttina gerði áhlaup og um morguninn var kominn 20 sm jafnfallinn snjór. Hópurinn ætlaði þá í bæinn, en varð að snúa við í skálann í ofsaroki og gista þar aðra nótt. Sex manns voru í för.

Vinnuferð var í Tindfjallaskála helgina 7.-8. október 1989. Nýja kabyssan var sett upp og reynd og þykir mikið stáss. Anddyrið var málæd og skipt var um gler í austurglugganum. Ýmislegt á enn eftir að gera við skálann, en hann hefur tekið miklum stakkaskiptum. Fimm tóku þátt í ferðinni og yfirsmiðir voru þeir Torfi Hjalta-son og Björn Vilhjálms-son.

## Skarðsheiði

8. apríl 1989 var farinn NA-hryggurinn á Skessuhorni, þáttakendur voru 8 og fararstjóri Haraldur Ólafsson. Veðrið var klassískt á þessari klassísku leið;



Í Gígjöklum 1988. Ljósm. Björn Vilhjálms-son.



Til vonandi klettaklifrarar í Stardal vorið 1989. Ljósm. Björn Vilhjálms-son.



Litast eftir fljúgandi hálku, frá ísklifurnámskeiðinu 1989. Ljósm. Hafnfirðingur.

hríð og ekkert skyggni. Allir komust á tindinn, þrátt fyrir veður og aðstæður.

Tveir klifrarar klifruðu NV-vegginn sama dag og fóru niður NA-hrygginn. Svo illa vildi til, að annar lenti í snjóflóði og fótbrotnaði. Búinn var til sleði úr fjallaskíðum og sjúklingurinn dreginn áleiðis til byggða, þar til Slysavarnarfélagið tók við.

Vert er að vara fjallamenn við brekkunni undir NA-hryggnum, því snjóflóð eru þar tíð og þetta er ekki í fyrsta skipti, sem maður lendir þar í snjóflóði. Það getur verið öruggara að klifra upp undir NV-vegginn og hliðra svo út á hrygginn. Pannig væri hægt að losna við hengju sem oft myndast.

H.O.

### Porgeirsfellshyrna

Helgina 10.-11. júní 1989 var farið á Snæfellsnes. Páttakendur voru 6 með fararstjóranum, Snævarri Guðmundssyni. Á laugardeginum var Porgeirsfellshyrna klifin í blíðskaparveðri, sama leið og í leiðarvísí (sjá ársrit 1988). Klifrið tók 4 tíma. Á eftir fór hópurinn í sund á Lýsuhóli. Um kvöldið var tjaldar að undir Gerðubergi. Á sunnudeginum var klifrað þar fram á miðjan dag, en þá var haldið heim á leið. Ágæt ferð.

S.G.

### Eyjafjörður

Klettaklifurmót var haldið helgina 21.-23. júlí 1989 norður í Eyjafirði. Mótsstjórar voru Björn Baldursson og Stefán Steinar Smárason. Túttunum var beitt í Munkaþverá og Kjarnaskógi og tveir fóru á Hraundrang. Páttakendur voru 12 talsins.

### Laugavegurinn

Sprett var úr spori, er gengið var frá Landmannalaugum til Pórsmerkur helgina 1.-3. september 1989. Farið var í Laugar á

föstudagskvöldi með rútu Ferðafélagsins. Lagt var eldsnemma af stað á laugardagsmorgni og komið að Álfavatni um miðjan dag. Var þá komin úrhellisrigning og haldið kyrru fyrir. Voru göngumenn svo heppnir, að hitta þar fyrir veiðimenn og fengu hjá þeim nýjan silung. Á sunnudeginum gengu þeir áfram til Pórsmerkur, þangað sem þeir voru sóttir. Var þá mikill vöxtur í ám og bíllinn, sem náði í þá, hafði fest sig í Krossá og verið dreginn upp úr. Fararstjóri var Guttormur B. Pórarinsson og fór hann við þriðja mann.

### SKEMMTANIR

#### Jólagemmtun

Á jólaglögg í desember mættu 30 manns. Glöggtjórar voru þær


Salbjörg Óskarsdóttir og Margrét Júlíusdóttir. Pessi sívinsæli jóladrykkur rann ljúflega niður. Dansskólagengnir klúbbsfélagar sýndu listir sínar við mikla aðdáun og er ekki ósenilegt, að fleiri félagar fari nú huldu höfði í dansskólam bæjarins.

### Árshátíðin

var í mars og mættu þar 40 manns. Viðhaldið var gömlum klúbbssið og keppt um stólamieistaratitilinn. Umsjónarmaður þessa dálks varði titilinn eftir harða baráttu við aðra ritnefndarmenn. Farandverðlaunin eru ekki af verra taginu bókin Hvíldardagurinn, Skammturinn, Pjónninn, útgefin af Flokki Krists á Íslandi. Veislustjórar voru þau Anna Lára Friðriksdóttir og Björn Vilhjálmsson.



Árshátíðin. Ljósm. Salbjörg Óskarsdóttir.



Sigurvegarinn hampar verðlaunagripnum, bókinni góðu. Ljósm. N.N.

ritsins sé komin í nokkuð fastar skorður. Fjögur tölublöð af fréttabréfinu komu út á árinu með sama sniði og áður. Ritsjóri þess var Páll Sveinsson.

## 7. Félagatal

Skráðir félagar nú um áramót voru 330. Þar af höfðu 164 greitt árgjald 1988 eða um 49,7%. Ársritið kom út síðla árs og var enn talsvert útistandandi um áramót. Spjaldskrárritari var Páll Sveinsson.

## 8. Önnur mál

Tveir Alpaklúbbsfélagar fórust við fjallgöngu á Pumo Ri í Himalaja, þeir Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson. Þeir voru báðir í ristjórn og með allra virkustu mönnum í félagsstarfi klúbbsins. Stjórn ÍSALP harmar mjög dauða þeirra félaga.

Framleidd hafa verið ný tauamerki eins og hin fyrri, sem seldust upp fyrir löngu og hafa ekki fengist síðan. Hugmyndir hafa verið uppi um að láta gera fána með merki klúbbsins.

Gerð voru nokkur félagsskírteini í reynsluskyni, einkum til nota á ferðum erlendis. Ekki greiddu skírteinin götu íslenskra fjallamanna í útlöndum. Þau eru hins vegar ódýr í framleiðslu og hægt að grípa til þeirra síðar ef þarf.

Lögð hefur verið fram í félagsheimilinu „Frumferðabók.“ Ætlast er til að í hana verði samviskusamlega skráðar allar nýjar leiðir sem farnar eru, dagsetning, þátttakendur og stutt lýsing á leiðinni.

Landmælingar Íslands hafa farið þess á leit við stjórn klúbbsins, að hann aðstoði við skráningu örfefna í Botnssúlum.

Að lokum þakkar stjórn ÍSALP öllum þeim, sem hafa styrkt og stutt klúbbinn á liðnu ári með vinnu, fé eða öðrum hætti og þakkar samstarfið.


# Ársreikningur 1988

Gjöld	Tekjur
Ársritið 1988 útgáfukostn.	274.156
Fréttabréf 1987 og 1988	13.554
Ljósritun	598
Burðargjöld / Pósthólf	20.432
Gíróseðlar og límmiðar	5.210
Ritföng	4.184
Áskrift tímarita	5.449
Húsnaðið	73.043
Taumerki ÍSALP	18.649
Viðhald - Tindfjöll	5.951
Viðhald - Bratti	13.634
Endurbætur Tindfj.skála	21.515
Kabyssa í Tindfjallaskála	13.000
Myndasýn. eftirlegukostn.	1.230
Sérrit úr ársriti 1987	12.303
Vixill v/ársrits 1987	220.229
Umslög v/gistigjalda	2.300
Tryggingar	3.267
Ýmislegur kostnaður	9.050
<i>Samtals</i>	<i>717.754</i>
<i>Samtals</i>	<i>717.754</i>


Eignir	Skuldir
Ávísanareikn. 1371 L.I.	44.561
Gírórekningur	293
Kjörbók	85.017
Bratti	127.961
Sjúkrabörur	418
Sýningarborð	168
Sýningartjald	373
Litskyggnumvél	3.000
Kommóða	148
Sófi	1.000
Bókaskápar	5.990
Bókasafn	30.920
<i>Samtals</i>	<i>299.849</i>
<i>Samtals</i>	<i>299.849</i>

*Reikningar þessir hafa verið endurskoðaðir og sé ég enga ástæðu til athugasemda.*


Reykjavík, 7. febrúar 1989  
Einar Hrafnkell Haraldsson




Í Fountainbleu. Ljósm. Björn Baldursson.



Björn reynir við leið af gráðunni 5.11c í Frankenjura. Ljósm. Árni G. Reynisson.



Björn Vilhjálmsson í Gollum í Valshamri. Ljósm. Páll Sveinsson.



Snævarr í Sumardraumi í Valshamri. Ljósm. Björn Vilhjálmsson.

Tígn fjallanna, öðrun hliðanna  
og mykt fannarinnar  
dregur þig í Skátabúðina



Ástæðan er einföld, Skátabúðin hefur á ný sölu á skíðavörum.

Fyrsta flokks vörur, gegnheil þekking og gott verð

tryggja þér öryggi við val á útbúnaði.

Einnig þetta öryggi dregur þig í Skátabúðina.

